14



Dýrahjálp Íslands er dýraverndari ársins 2016

22



Matís fagnar 10 ára afmæli

28–29



Þar sem kyrrðin og róin ræður ríkjum

# Bændablaðið

4. tölublað 2017 ● Fimmtudagur 23. febrúar ● Blað nr. 485 ● 23. árg. ● Upplag 32.000



Þorvaldur Snorrason og eiginkona hans, Sigríður Sigurðardóttir, hafa, ásamt systur Sigríðar, Rögnu Sigurðardóttur, og hennar manni, Kristni Alexanderssyni, keypt Garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði. Horfa þau fram á bjarta tíma, m.a. vegna þess að pottablóm eru aftur komin í tísku eftir um tveggja áratuga áhugaleysi. – *Sjá nánar á bls. 2* Mynd / HKr.

### Íslenskir bændur í sóknarhug – framleiðsluvirði landbúnaðarins jókst um 2,2% milli ára:

# Nær 31 þúsund tonn af kjöti voru framleidd á síðasta ári

## – Framleiðslan jókst um 3,3% og kjötsala frá afurðastöðvum jókst um 6% milli ára

**Samkvæmt tölum Búnaðarstofu MAST jókst heildarframleiðsla á kjöti á Íslandi um nær þúsund tonn frá 2015 til 2016, eða úr tæplega 29.870 tonnum í 30. 847 tonn. Það er 3,3% framleiðsluaukning frá árinu 2015.**

Sala á kjöti frá afurðastöðvum jókst hins vegar meira, eða um 1.500 tonn, sem gerir 6% aukningu milli ára. Hún var rúmlega 25.170 tonn árið 2015 en fór í 26.675 tonn á síðasta ári.

*Mest aukning í nautgripakjöti*

Langmest aukning var í framleiðslu á nautgripakjöti á síðasta ári eða um 21,7%. Var heildar nautakjötsframleiðslan rétt tæplega 4.387 tonn á móti tæplega 3.074 tonnum árið áður. Salan frá afurðastöðvum var nokkurn veginn í takt við framleiðsluaukninguna.

*Aukin framleiðsla og sala á kindakjöti*

Mest var framleitt af kindakjöti, þ.e. lambakjöti og af fullorðnu fé, eða samtals rúmlega 10.375 tonn. Er það 1,9% aukning á milli ára. Sala á kindakjöti frá afurðastöðvum á innanlandsmarkaði jókst um 4,3% frá árinu 2016 og var tæplega 6.742 tonn.

*Aukning í alifuglakjöti*

Í öðru sæti er alifuglakjöt, en af því voru framleidd rúmlega 9.014 tonn á síðasta ári sem er 8,2% aukning frá árinu 2015. Sala á alifuglakjöti frá afurðastöðvum jókst enn meira, eða um 8,8%, þannig að gengið var á birgðir.

*Samdráttur í svínakjöti*

Í þriðja sæti er svo svínakjötsframleiðslan. Af því voru framleidd tæplega 6.089 tonn. Vekur athygli að töluverður samdráttur var í svínakjötsframleiðslunni á milli ára eða sem nam 717 tonnum. eða um -10,5%. Þá varð um 3,6% samdráttur í sölu á svínakjöti frá afurðastöðvum á milli ára. Skýrist samdrátturinn trúlega af samkeppni við stóraukinn innflutning á svínakjöti eins og sjá má í umfjöllun á bls. 15.

*Aukin hrossakjötsframleiðsla*

Aukning var í framleiðslu á hrossakjöti á síðasta ári eftir 20,9% samdrátt á árinu 2015. Þannig jókst framleiðsla á hrossakjöti úr tæplega 946 tonnum í rúmlega 982 tonn, eða um 3,8%. Sala á hrossakjöti frá afurðastöðvum jókst enn meira, eða um 8,8%. Virðist því vera að skapast aukin eftirspurn eftir hrossakjöti á innanlandsmarkaði.

*Framleiðsluvirði jókst um 2,2%*

Áætlað heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins jókst um 2,2% á árinu 2016 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Var framleiðsluvirðið 65,9 milljarðar á grunnverði, þ.e. að meðtöldum vörustyrkjum en frátöldum vörusköttum.

*Búfjárrækt skilar 44 milljörðum og nytjaplönturæktun 18*

Virði afurða búfjárræktar er talið vera 44,3 milljarðar króna og þar af vörutengdir styrkir og skattar um 10,8 milljarðar króna. Virði afurða nytjaplönturæktar eru tæpir 17,8 milljarðar og þ.a. vörutengdir styrkir og skattar 316 milljónir króna. Aðfanganotkun landbúnaðarins í heild er áætluð 44,3 milljarðar árið 2016 og jókst um 6,9% frá fyrra ári.

Aukningu í framleiðsluvirði árið 2016 má rekja til magnbreytinga. En breytingu á notkun aðfanga má rekja til 5,9% magnaukningar og 1,0% hækkunar á verði.

Framleiðsluverðmæti landbúnaðarins árið 2015 er metið 64,6 milljarðar á grunnverði miðað við uppfærðar tölur og er það heildarlækkun um 2,4% frá fyrra árinu, 2014. Þessa lækkun má rekja til 0,1% magnaukningar og 2,6% lækkunar á verði.

*/HKr.*




## Ársfundur BÍ í Hofi:

# Bændahátíð og ráðstefna

**Nú styttist í ársfund Bændasamtakanna en hann verður haldinn á Akureyri föstudaginn 3. mars í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa verður blásið til opinnar ráðstefnu um landbúnað og bændahátíðar um kvöldið. Tekið er við miðapöntunum á bændahátíðina fram til mánaðamóta á bondi.is.**

Ráðstefnan er öllum opin og ekki þarf að skrá sig né borga aðgangseyri að henni. Yfirskrift ráðstefnunnar er „Búskapur morgundagsins“. Þemað er tækni, nýsköpun og framtíð landbúnaðarins.

Á bændahátíðinni um kvöldið verður þriggja rétta veislumáltíð í boði og skemmtikraftar halda uppi fjörinu. Miðaverð er einungis 7.500 kr. fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð er 8.900 kr.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og dagskrána er að finna á www.bondi.is og í auglýsingu hér í blaðinu á bls. 33. Miðapantanir er hægt að gera í síma 563-0300 og á bondi.is til og með 28. febrúar. /TB




Hægt er að gera góð kaup í Krónunni í matvælum sem eru að renna út á tíma. Mynd / Krónan

# Krónan minnkar matarsóun um 53%

## – Minnst matarsóun í landbúnaði

**Nú fyrir skemmstu tilkynnti Krónan um að tekist hefði á einu ári að minnka sóunina um 53 prósent; úr 300 tonnum matvæla niður í 140 tonn.**

Krónuverslanirnar lögðu á síðasta ári af stað með verkefni til að minnka matarsóun í sínum verslunum með því að selja matvörur sem eru að renna út á tíma á niðursettu verði.

Matarsóun er stórt vandamál um allan heim. Þriðjungi framleiddra matvæla er sóað í þessum heimi þar sem einn af hverjum níu jarðarbúum þjáist af vannæringu á degi hverjum, samkvæmt upplýsingum frá FAO, Landbúnaðar- og matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna.

*Minnst matarsóun í landbúnaði*

Samkvæmt nýlegum gögnum frá Umhverfisstofnun um matarsóun á Íslandi, sem eru sambærileg gögnum frá öðrum Evrópulöndum, er mesta sóun á mat hjá gististöðum og í veitingarekstri, þarnæst í matvælaframleiðslu og þá á heimilum. Þar á eftir koma skólar, heilsustofnanir, heildsala og smásöluverslanir, en minnst er sóun í landbúnaði. /smh



Starfsfólk Garðyrkjustöðvar Ingibjargar í Hveragerði önnum kafið við að undirbúa næstu lotu í blómaræktinni að aflokinni vel heppnaðri konudagsvertíð. Talið frá vinstri: Birkir Hjálmarsson, Ragna Sigurðardóttir, Þorvaldur Snorrason, Stefán Árnason og Magnea Ásdís Árnadóttir. Myndir / HKr.

## Blómabærinn stendur áfram fyrir sínu:

# Nýir eigendur komnir að Garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði

## – Tvær fjölskyldur með öflugan bakgrunn í garðyrkju hafa tekið við rekstrinum

**Garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði, sem var í eigu hjónanna Ingibjargar Sigmundsdóttur og Hreins Kristóferssonar, hefur nú skipt um eigendur. Fóru eigendaskiptin formlega fram 1. febrúar, en stöðin verður rekin áfram að mestu með óbreyttu sniði.**

Það eru tvenn hjón sem keypt hafa stöðina og hafa þau mikla reynslu af garðyrkjustörfum. Það eru þau Þorvaldur Snorrason og eiginkona hans, Sigríður Sigurðardóttir, ásamt systur Sigríðar, Rögnu Sigurðardóttur, og hennar manni, Kristni Alexanderssyni.

Þorvaldur þekkir vel til rekstursins á stöðinni, enda hefur hann starfað þar í sex ár. Þær Sigríður og Ragna eru uppaldar við garðyrkjustörf, en þær eru frá Fagrahvammi í Hveragerði.

Þorvaldur segir að stöðin hafi verið til sölu um hríð og þegar þeim hjónum hafi gefist tækifæri til að koma þar inn hafi þau slegið til. Enda telja þau mjög bjart fram undan í þessum geira.

Þá kunna fastir starfsmenn stöðvarinnar einnig vel til verka og m.a. með menntun bæði frá Garðyrkjuskólanum í Hveragerði og Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

*Góð tíðindi*

„Það eru vissulega góð tíðindi þegar það næst að selja svona stöðvar og halda þeim í rekstri. Nú er búið að skrifa undir og formlega fóru skiptin fram 1. febrúar. Við höfum síðan verið að ganga endanlega frá ýmsum lausum endum,“ segir Þorvaldur. Hann segist hafa verið viðloðandi garðyrkjuna allt frá því hann útskrifaðist úr Garðyrkjuskólanum rúmlega tvítugur. „Þá var konan líka alin upp við þetta í Fagrahvammi og eins systir hennar.“

*Annatími blómabænda*

Nú er háannatími íslenskra blómabænda sem versla með afskorin blóm. Verið var að ganga frá síðustu sendingunum af túlípönum í verslanir fyrir konudaginn þegar tíðindamaður Bændablaðsins rak inn fréttamannsnefið í Garðyrkjustöð Ingibjargar á fimmtudag í síðustu viku. Þorvaldur sagði að sem stæði væri allt á rúi og stúi, en nú yrði farið að undirbúa pottablómin og vorkomuna.



Þorvaldur Snorrason.



Stefán Árnason. Pottaplöntur eru aftur komnar í tísku.

Þorvaldur segir að gróðrarstöðin sé með rekstur á þremur stöðvum í Hveragerði auk þess sem þau leigi stöðina í Fagrahvammi.

„Undir plasti og gleri eru líklega um 10 þúsund fermetrar og síðan eru útisvæði.“ Hann segist bjartsýnn á framhaldið, enda séu þau með góða samninga við Garðheima, Ikea, ýmsar blómabúðir og nokkur sveitarfélög.

Við erum þannig bæði með heildsölu og síðan mikla heimasölu hér á staðnum. Það sem hefur verið að gerast nú síðustu tvö árin er stóraukin sala á pottaplöntum. Pottablóm eru að verða vinsæl á nýjan leik á Íslandi eftir ríflega 20 ára doða. Unga fólkið sem nú er að flytja í sínar íbúðir er að gera eins og amma þeirra gerði sem var með allt fullt af blómum. Svo óx hér upp kynslóð fólks sem vildi engin pottablóm og þá átti allt að vera líflaust og „sterílt“ með marmara í hólf og gólf. Nú er áhuginn fyrir blómunum að kvikna aftur og við finnum mjög mikla aukningu. Við erum t.d. að senda svolítið af pottaplöntum í verslanir núna sem er óvenjulegt, því á þessum árstíma hefur nánast ekkert verið um slíkt. Aukningin í pottaplöntusölunni eykur því bjartsýnina hjá okkur.

Þá hefur sumarblómasalan alltaf verið að aukast. Hún fór ekki niður í efnahagshruninu og salan á afskornum blómum hélst að mestu leyti. Hins vegar minnkaði trjáplöntusalan þá reyndar aðeins.“

*Erum á mörkum hins mögulega í ræktun ávaxtatrjáa*

*– Hefur fólk ekki verið að prófa sig eitthvað áfram í ræktun ávaxtatrjáa?*

„Slíkt var feikivinsælt á tímabili. Sumrin 2014 og 2015 voru mjög köld og þá datt salan á ávaxtatrjám niður. Fólk lenti í vandræðum með þessi tré og víða drápust þau. Við búum hér á mörkum þess að það sé mögulegt að rækta slík tré. Þó gæti dugað að vera með kalt (ókynt) plasthús til að rækta í. Eða að vera með mjög skjólgóðan garð þannig að trén séu vel varin fyrir öllum veðrum. Vindkæling og umhleypingar fara illa með slík tré og við búum bara á mörkum þess mögulega hvað það varðar. Þó er einn og einn sem náð hefur góðum árangri og það er bara vegna þess að þeim hefur tekist að búa til gott skjól. Það er svo erfitt að treysta á veðurfarið hér. Við fengum mjög gott sumar í fyrra en tvö sumur þar á undan voru bæði köld og rigningarsöm. Þá vitum við aldrei hvernig vorið er. Það getur hæglega gert slæm hret í vor þótt fátt bendi til þess í þeirri sérstöku blíðu sem verið hefur síðustu vikur. Vegna þessa góða veðurs hefur fólk verið að velta fyrir sér vorverkum í görðum, en það er engan veginn tímabært,“ segir Þorvaldur.

*Grunnurinn lagður 1953*

Garðyrkjustöð Ingibjargar er ein af stærstu stöðvunum í blómaræktinni á landinu. Grunninn að garðyrkjustöðinni lögðu foreldrar Ingibjargar, þau Sigmundur K. Guðmundsson og Kristín Jónsdóttir, en þau reistu 100 fermetra gróðurhús í bakgarðinum hjá sér árið 1953.

Fljótlega var ráðist í uppbyggingu og endurbætur á stöðinni og árið 1984 keyptu hjónin garðyrkjustöð að Heiðmörk 38. Þar var byggður 150 fermetra söluskáli og sett upp rúmgott sölusvæði fyrir garðplöntusölu. Við kaupin jukust möguleikar á fjölbreytni í framleiðslu. Úrval garðplantna var stóraukið og pottablómaræktun tekin upp. Garðplöntuframleiðslan samanstendur nú af ræktun sumarblóma, trjáa, runna, rósa, fjölærra blóma og matjurta og úrvalið er alltaf að aukast.

Árið 1991 bættist við reksturinn ein elsta garðyrkjustöð landsins, Grímsstaðir. Þar var um að ræða 1.100 fermetra undir gleri auk stórs útisvæðis undir trjá- og sumarblómaræktun. Síðan bættist við Snæfell, þá Rósakot, Lindarbrekka og Akur.

Garðyrkjustöð Ingibjargar byggði lengi vel á grunni 8 eldri garðyrkjustöðva og er nú samtals 6.000 fermetrar undir gleri, auk 4.000 fermetra í plasthúsum, ræktunarsvæðis með vermireitum og sölusvæði. Breytingar hafa þó orðið hin síðari ár þar sem búið er að selja tvær stöðvar og Lindarbrekka brann árið 2010. Í staðinn voru gróðurhús í Fagrahvammi tekin á leigu.

Til að byrja með voru stöðugildin í Garðyrkjustöðinni um 1 1/2 ársverk. Nú starfa um 6-10 manns í fullu starfi allt árið í garðyrkjustöðinni og annað eins bætist við yfir sumarvertíðina. Þar sem hluti garðplönturæktunar er árstíðabundinn er breytt um framleiðslutegund um mitt ár. Frá janúar til júlí eru ræktuð sumarblóm, en frá júlí til desember eru húsin nýtt undir græðlingatöku og jólastjörnurræktun. Þá eru laukblóm, s.s. túlípanar, páskaliljur og hýasintur, einnig þáttur í framleiðslunni. Afurðir garðyrkjustöðvarinnar eru seldar í smásölu að Heiðmörk 38 og í heildsölu vítt og breitt um landið. /HKr.










**Með þrítengibeisli og allt að 4 (8) úrtökum**

156 hö Deutz vél
135 hö á aflúrtaki
Breið dekk 600/55 - 26.5

MERLO

Við verðum á Ársfundi Bændasamtakanna
í Hofi - Akureyri föstudaginn 3 mars og
hjá Líflandi - Óseyri 1 - Akureyri
laugardaginn 4 mars kl. 10 - 14
þar sem við sýnum Pixy 35 & 45
og Merlo Multi Farmer 40.7



**Pixy Nordic - liðléttingar**



Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
www.islyft.is - s. 564 1600

**Fréttir**



Úttekin er gerð í kjölfar Brúneggjamálsins svokallaða, eftir að Ríkisútvarpið upplýsti að aðbúnaður varphæna hjá Brúneggjum hefði verið óviðunandi um langan tíma.

Stjórnsýsluúttekt á Matvælaststofnun:

# Von á skýrslu í marsbyrjun

**Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra síðustu ríkisstjórnar, tilkynnti í byrjun desembermánaðar á síðasta ári að hann myndi láta gera úttekt á starfsemi Matvælastofnunar í kjölfar svokallaðs Brúneggjamáls. Von er á skýrslu um úttektina nú í byrjun marsmánaðar.**

Var þeim doktor Ólafi Oddgeirssyni, dýralækni og framkvæmdastjóra ráðgjafarfyrirtækisins Food Control Consultants Ltd. í Skotlandi, og Bjarna Snæbirni Jónssyni stjórnunarráðgjafa falið að gera úttektina og staðfestir Ólafur að von sé á skýrslunni.

### *Verkferlar eftirlits með dýravelferð og matvælaeftirlits*

Var þeim gert að fara yfir verkferla Matvælastofnunar hvað varðar eftirlit með lögum um dýravelferð og matvælaeftirlit, greina starfsaðferðir og bera saman við það sem almennt gerist hjá sambærilegum stofnunum í Evrópu.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu í desember kom fram að sérfræðingar ráðuneytisins myndu fara yfir þau lög sem gilda um starfsemi stofnunarinnar, beitingu þeirra og greina hvort skortur á lagaúrræðum hamli því að stofnunin geti veitt almenningi og opinberum stofnunum upplýsingar úr eftirlitsskýrslum. Kristín Benediktsdóttir, dósent við Háskóla Íslands, yrði ráðuneytinu til aðstoðar hvað varðar lagafyrirmæli er lúta að birtingum upplýsinga.

### *Ráðuneytið og eftirlitsskyldur gagnvart Matvælastofnun*

Þar kom einnig fram að athugun yrði gerð á rekstri, skipulagi og stjórnun og hvernig ráðuneytið sinnir almennum eftirlitsskyldum sínum með starfsemi Matvælastofnunar. Loks er óskað eftir ábendingum um það sem betur má fara varðandi framangreinda þætti, tillögum um breytingar á lögum og öðru því sem telja má að geti eflt framkvæmd með lögum um dýravelferð og matvælaeftirlit.

### *Mikilvægt að traust ríki um starfsem Matvælastofnunar*

Gunnar Bragi sagði að mikilvægt væri að traust ríkti um starfsemi Matvælastofnunar, þegar tilkynnt var um úttektina. „Við höfum fengið mjög hæfa einstaklinga til að yfirfara verkferla, lagalegt umhverfi og stjórnsýslu á sviði dýravelferðar og matvælaeftirlits. Með þessu vil ég stuðla að því að við lærum af þeim mistökum sem kunna að hafa verið gerð í einstökum málum og tryggjum að lagaleg umgjörð sé í samræmi við almenna hagsmuni,“ sagði hann.

/smh

Opinn fundur í Iðnó **klukkan 12** á laugardag:

# Innflutningur á ferskum matvælum – *hver er hættan?*

**Ögmundur Jónasson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, heldur opinn fund í Iðnó á laugardaginn undir yfirskriftinni „Hver er hættan á innflutningi á ferskum matvælum?“**

Fundurinn hefst klukkan 12 og segist Ögmundur fá tvo af helstu sérfræðingum landsins á þessu sviði til liðs við sig til að svara þessari spurningu. Þetta eru þeir Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítala Íslands, og Vilhjálmur Svansson, dýralæknir og sérfræðingur á Tilraunastöð HÍ á Keldum.

### *Hluti af fundaröð*

„Þetta er hugsað sem hádegisfundur og er liður í fundaröð sem ég hef verið að skipuleggja. Fyrsti fundurinn fjallaði um alþjóða viðskiptasamninga sem nú eru í smíðum. Það verður framhald á þeirri umræðu á opnum morgunverðarfundi BSRB og BHM nú í morgunsárið (fimmtudaginn 23. febrúar) á milli klukkan 8 og 9 í húsakynnum BSRB að Grettisgötu 9. Þar hef ég spurt um togstreituna á milli fjármagns og lýðræðis.

Ég er því að taka efni sem mér finnst mjög mikilvægt að örva umræðu um og þá þannig að fólk hafi allar staðreyndir mála á hreinu.


Ögmundur Jónasson.

Ég kappkosta að framkalla þessar staðreyndir og til þess kalla ég alla þessa sérfræðinga til liðs við mig.

Ég vonast til að fá sem flesta til að mæta á laugardaginn og síðan þarf að flytja umræðuna áfram. Bændasamtökin hafa verið mjög dugleg í þessu efni og ég er að reyna að slást í það lið til að örva umræðu um mál sem ég tel afar brýnt að við ræðum á eins upplýstan hátt og hægt er. Það er verið að taka stórar ákvarðanir í þessum efnum og því þarf þjóðfélagið að vera vakandi,“ segir Ögmundur.

/HKr.


Gunnar Þorgeirsson hjá Gróðrarstöðinni Ártanga.

# Mikil sala á afskornum blómum fyrir Valentínusar- og konudaginn

**Mikið hefur verið að gera hjá framleiðendum afskorinna blóma undanfarið. Valentíusar- og konudagurinn nýafstaðnir og ræktun á gulum túlípönum fyrir páska hafin.**

Framleiðendur garðplantna eru einnig komnir á fullt við undirbúning vorsins með sáningu sumarblóma.

Gunnar Þorgeirsson hjá Gróðrarstöðinni Ártanga segir að síðustu vikur hafi verið mikið að gera hjá blómabændum og jafnframt gósentíð.

„Salan á afskornum blómum er mikil fyrir Valentínusar- og konudaginn og því mikið að gera fyrir þá daga. Á þessum árstíma eru blómabændur að framleiða mest af túlípönum, rósum og liljum.“


Hjá Ártanga eru framleiddir, frá miðjum desember og fram að páskum, um 500 þúsund túlípanar.

Gunnar segist ekki hafa tölur um heildarframleiðsluna á afskornum blómum á landsvísu en hjá Ártanga segist hann framleiða, frá miðjum desember og fram að páskum, um 500 þúsund túlípana. „Um jólin eru það aðallega rauðir túlípanar en fyrir Valentínusar- og konudaginn sé selt mest af rauðum og bleikum en gulum fyrir páskana.

Ártangi, Gróðrarstöðin Dalsgarður og Ræktunarmiðstöðin í Hveragerði eru stærstu framleiðendur afskorinna blóma á landinu.

### *Sáning sumarblóma hafin*

Framleiðendur sumarblóma eru um þessar mundir á fullu að undirbúa vorið með sáningu sumarblóma og fjölgun af græðlingum. Tíðin hefur verið góð það sem af er árinu og haldi hún áfram að vera góð má búast við að það vori snemma í ár.

Gunnar segir að fyrir nokkrum árum hafi tíðin verið svipuð og að þá hafi garðplöntuframleiðendur verið farnir að selja sumarblóm um páska.

Í ár eru páskar um miðjan apríl og ekki ólíklegt að sala á sumarblómum verði hafin svo lengi sem ekki geri slæmt páskahret.

„Hjá Ártanga framleiðum við talsvert af sumarblómum sem við sendum í Grænan markað og þaðan eru blómin send í verslanir eins og Blómaval, Garðheima, Byko og Bauhaus svo dæmi séu nefnd. Auk þess sem við seljum lítið eitt af sumarblómum til sumarbústaðaeigenda hér í nágrenninu.

Stærsta einstaka tegundin af sumarblómum sem við erum að selja er hortensía, sem við flytjum inn á veturna úr kæligeymslum í Evrópu. Við geymum síðan hortensíurnar fram á vor og drífum þær í blóm. Auk þess sem við ræktum talsvart af stærri sumarblómum, eins og tóbakshorni, pelagóníum og sólboða.


Basilíka. Undirstaðan í ræktun Ártanga eru kryddjurtir sem stöðin ræktar árið um kring.

### *Kryddjurtir allt árið*

Undirstaðan í ræktum Ártanga eru kryddjurtir sem stöðin ræktar árið um kring. Gunnar segir að ræktunarpláss undir gleri eða plasti hjá Ártanga séu um 1.000 fermetrar.

/VH

# AEG
## ÞVOTTAVÉLAR

AEG hefur þjónað Íslendingum í áratugi og því margir sem þekkja þvottavélarnar af eigin raun og hafa borið þeim gott vitni.

Nú er árgerð 2017 komin í Ormsson-verslanir um allt land, og getur því komandi kynslóð byggt á reynslu þeirra sem þekkja til.




# NÝ MÓDEL

## ÁRGERÐ 2017

914550043
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.

Verð: 119.900,-

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

914550046
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

Verð: 139.900,-

## ÞVOTTAVÉLAR

# AEG

914913404
**ÞVOTTAVÉL**
*L6FBE720I*
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

Verð: 89.900,-




ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

# AEG

914913410
**ÞVOTTAVÉL**
*L6FBE840I*
Tekur 8 kg af þvotti.
1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.

Verð: 99.900,-

**AEG**
**Lilleput**
m/hleðslurafhlöðu
**KR. 3.990,-**



**AEG**
**Equipt**
**KR. 13.900,-**



**AEG**
**CE4120**
**KR. 17.900,-**




**AEG**
**Skaftryksuga**
m/Lithium rafhlöðu
**KR. 29.900,-**



**AEG**
**Ultra Silencer**
**KR. 36.900,-**




NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
# ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefsíða blaðsins:** **www.bbl.is** – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

# Til umhugsunar

**Samkvæmt lesendakönnun Gallup var Bændablaðið með 43,8% lestur utan höfuðborgarsvæðisins. Ber blaðið þar höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla landsins. Þannig hefur Bændablaðið haldið sterkri stöðu sinni undanfarin ár. Þá heldur blaðið sjó í lestri á landinu í heild á meðan þróunin hefur verið neikvæð fyrir flesta aðra prentmiðla.**

Vegna hnignandi þróunar í lestri flestra prentmiðla landsins hafa sumir forsvarsmenn þeirra viðrað hugmyndir um að íslenska ríkið komi með einhverjum hætti að borðinu til að styrkja þeirra stöðu. Bent hefur verið á þróunina í öðrum löndum, eins og Noregi. Víst er að miðað við dvínandi lestrarkunnáttu ungmenna á Íslandi, þá virðist ekki vanþörf á að prentuðu efni sé haldið að fólki eins og kostur er.

Ef horft er yfir fjölmiðlaflóruna og þá prentmiðla sem starfræktir eru á landinu, þá líta auglýsendur gjarnan til þess hvernig raunverulegum lestri miðlanna er háttað. Auglýsingafyrirtæki og birtingahús beita könnunum eins og að framan greinir gjarnan fyrir sig í röksemdafærslum fyrir birtingu auglýsinga. Opinberar stofnanir og fyrirtæki hafa leiðst inn á sömu braut að einhverju leyti, en samt ekki alltaf.

Í birtingu opinberra fyrirtækja og stofnana á auglýsingum má segja að liggi beinn styrkur við þann fjölmiðil sem þess nýtur. Á meðan útgáfa hreinna flokksblaða á landsbyggðinni var sem öflugust, þótti það sjálfsagt mál að allir pólitísku flokkarnir sætu við sama borð í birtingu auglýsinga hins opinbera. Í sumum tilfellum byggðist útgáfan jafnvel að verulegu leyti á þessum opinberu auglýsingum.

Það hefur því óneitanlega vakið athygli okkar á Bændablaðinu að ríkisstofnanir, sem hafa þær siðferðilegu skyldur umfram önnur fyrirtæki að ná athygli allra landsmanna, skuli ekki nýta sér meira en gert er styrk Bændablaðsins á landsbyggðinni. Sannarlega fer enginn prentmiðill á Íslandi víðar um landið en Bændablaðið og ítrekaðar kannanir sýna að enginn prentmiðill er eins mikið lesinn á landsbyggðinni. Forsvarsmenn þessara opinberu fyrirtækja og stofnana mættu alveg hafa í huga að byggð á Íslandi nær enn sem betur fer töluvert út fyrir borgarmörk Reykjavíkur. Þar býr meira að segja fjöldi fólks, yfirleitt með þokkalega sjón og kann bæði að lesa og skrifa. Það borgar líka sína skatta, en það er meira en hægt er að segja um marga aðra. Þetta fólk á jafn mikið og aðrir í þessum stofnunum þótt stundum mætti ætla að fólk á landsbyggðinni sé þriðja flokks borgarar. Nægir þar að nefna viðhald og uppbyggingu vegakerfisins sem er beinlínis orðið lífshættulegt á köflum.

Vissulega hefur ýmislegt verið gert í innviðauppbyggingu og án efa er mesta byltingin í þeim efnum lagning ljósleiðarakerfis um landið og sums staðar samhliða lagningu rafstrengja. Þar hefur alþingismaðurinn, bóndinn og fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands, Haraldur Benediktsson, sannarlega verið að gera góða hluti. Færi betur ef sama drift yrði tekin upp í mjög svo aðkallandi endurnýjun og uppbyggingu samgöngumannvirkja.

Í ört vaxandi ferðaþjónustu skipta samgöngur öllu máli. Án góðra vega, flugvalla og hafna er tómt mál að tala um uppbyggingu í ferðaþjónustu á Íslandi. Það er líka tómt mál að tala um uppbyggingu á landsbyggðinni af nokkru tagi ef þessir þættir eru ekki í lagi. Þótt ljósleiðarinn sé góður og bráðnauðsynlegur, þá dugar hann skammt einn og sér. Ef menn ætla ekki að fara að taka til hendi af röggsemi nú þegar í uppbyggingu vegakerfisins, þá geta menn allt eins skellt í lás á Keflavíkurflugvelli. Við megum ekki og höfum alls ekki efni á að draga lappirnar lengur í þessu efni. */HKr.*

# Samtal um staðreyndir




**Sindri Sigurgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is


**Landbúnaðarráðherra hefur skipað breyttan samráðshóp til að undirbúa endurskoðun búvörusamninga árið 2019. Bændur gagnrýndu að taka ætti upp skipan hópsins og fóru fram á rökstuðning fyrir því með ítarlegu bréfi strax daginn eftir að tilkynnt var um hina breyttu skipan. Því var svarað sama dag og fyrsti fundur hópsins var haldinn þ.e. þann 16. febrúar sl.**

Lesendur geta kynnt sér bréf BÍ og svarbréf ráðherra á bondi.is en mér þykir rétt að birta hér niðurlag svarbréfsins þar sem rammað er inn verksvið samráðshópsins. Mikilvægt er að það sé öllum ljóst.

„Þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa á skipun samráðshópsins þá gilda búvörusamningar sem undirritaðir voru 19. febrúar 2016 og tóku gildi 1. janúar sl. enda hafa samningarnir hlotið staðfestingu Alþingis með lögum nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum og fleira. Hlutverk samráðshópsins er afmarkað í tilteknum ákvæðum búvörusamninganna og halda þau ákvæði gildi sínu líkt og samningarnir sjálfir. Verði niðurstaða samráðshópsins á þá leið að ráðast þurfi í tilteknar breytingar á ákvæðum búvörusamninga fer slík tillaga til umfjöllunar samninganefndar ríkisins og Bændasamtaka Íslands skv. 30. gr. búvörulaga og slíkt samkomulag þarf ávallt staðfestingu Alþingis til að hljóta gildi. Ráðherra getur þannig ekki einhliða breytt búvörusamningum án aðkomu samningsaðila og Alþingis.“

Hvað varðar starf hópsins sjálfs leggja bændur áherslu á að vinnan sem fram undan er verði skipuleg, markviss og fagleg. Bændur eru tilbúnir að ræða allar málefnalegar tillögur um starfsumhverfi landbúnaðarins, en sú umræða verður alltaf að byggjast á bestu fáanlegu upplýsingum. Aðeins þannig er líklegt að einhvers konar sátt geti náðst. Mér þykir annars rétt að tilgreina helstu atriði þeirra áherslna bænda sem lagðar voru fram á fyrsta fundi hópsins.

Fara verður yfir markmið samninganna. Greina þarf hvort þróun hefur verið í takt við markmiðin það sem af er. Það verði til dæmis gert með því að taka saman gögn um þróun framleiðslunnar, þróun afurðaverðs til bænda, þróun smásöluverðs til neytenda, þróun fjölda framleiðenda í einstökum búgreinum, þróun bústærðar í einstökum greinum, nýliðun, árangur í ræktunarstarfi, skilvirkni stuðnings og þróun dreifingar framleiðenda. Skoða þarf sérstaklega virkni á nýju jafnréttisákvæði búvörusamninga og áhrif þess á greinina. Vinna þarf framhaldsrannsóknir sem m.a. er hægt að grundvalla á frumrannsóknum Rannsóknarmiðstöðvar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands sem fyrrnefnt ákvæði er grundvallað á.

Gera þarf formlega greiningu á sérstöðu íslensks landbúnaðar. Þá er átt við allt sem flokka má undir formlega sérstöðu, einkum gagnvart landbúnaði í Evrópu, N-Ameríku og Eyjaálfu og felst ekki síst í heilbrigðum dýrastofnum, hlutfalli grasfóðrunar, notkun tilbúins áburðar og varnarefna, lyfjanotkun, notkun vaxtarhormóna, auk orku- og vatnsnotkunar.

Fyrir liggur skýrsla Landbúnaðarháskóla Íslands um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Þá liggur einnig fyrir skýrsla Hagfræðistofnunar HÍ um möguleika Íslands á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Báðar skýrslurnar eru mikilvæg gögn í umfjöllun um þessi mál en þörf er á frekari mælingum. Í skýrslu Landbúnaðarháskólans er m.a. vikið að því að miklu getur munað við mat á losun hvort notaðar eru mælingar sem farið hafa fram hér eða almennir staðlar. Hagfræðistofnun bendir einnig á nauðsyn frekari mælinga. Þarna er því þörf á mun ítarlegri greiningum, ekki síst á ástandi skurða sem hafa veruleg áhrif á losun frá framræstu landi. Fyllsta ástæða er til að greina kolefnisfótspor landbúnaðarins í heild í kjölfarið og móta tillögur um hvernig megi minnka það. Þar koma til skoðunar þær tillögur sem eru í skýrslu Hagfræðistofnunar og lausnir eins og orkuskipti, frekari notkun rafknúinna véla, bætt orkunýting, frekari lífrænar varnir og aukinn hlutur lífrænnar innlendrar fóður- og áburðarframleiðslu. Landbúnaðurinn þarf svo sannarlega að eiga hlut að því að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt Parísarsamkomulaginu frá 2015 sem Ísland hefur fullgilt.

Tryggja verður betri upplýsingagjöf til neytenda og neytendavernd til að gera þeim auðveldara að taka upplýstar ákvarðanir. Skylt verði að merkja með upprunalandi allar afurðir sem standa neytendum til boða, hvort sem er í verslunum, veitingastöðum og mötuneytum. Upprunamerkingar verði settar fram með áberandi og skýrum hætti og m.a. gerðar kröfur um leturstærð o.fl. Upprunalegt framleiðsluland vörunnar komi skýrt fram þótt henni sé umpakkað annars staðar. Upplýsingagjöf til neytenda verði bætt með því að umhverfisfótspor matvöru komi fram með skilmerkilegum og skýrum hætti m.t.t. kolefnislosunar, áburðarnotkunar, erfðabreytts fóðurs, sýklalyfjanotkunar, notkunar á illgresis- eða skordýraeitri o.s.frv.

Gerð verði skýlaus krafa um að fyrir liggi upplýsingar um uppruna, dýravelferð, umhverfisfótspor, lyfja- og eiturefnainnihald við öll opinber innkaup. Umhverfisfótspor, hollusta og hreinleiki verði metin a.m.k. jafn þýðingarmikil við opinber útboð og innkaup á matvælum og verð eða hæfi bjóðenda. Þetta gildi um ríki, sveitarfélög og allar opinberar stofnanir og félög.

Leggja þarf mat á þýðingu landbúnaðarins fyrir aðra atvinnustarfsemi í landinu. Landbúnaður og afurðir hans eru þýðingarmikill hluti af ýmissi framleiðslustarfsemi, verslun og þjónustu. Sérstaklega þarf að skoða framlag landbúnaðarins til ferðaþjónustu m.t.t. menningarlegrar ásýndar, skipulagðra ferða, veitingastarfsemi, handverks, minjagripa o.fl. Skoða þarf þýðingu landbúnaðarins fyrir samfélög dreifbýlisins og þátt greinarinnar í innviðum og atvinnulífi þeirra. Einnig framlag landbúnaðarins og bænda til öryggismála, leitar og björgunar og slíkra þátta.

Greina þarf samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar. Hvernig er raunveruleg samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu gagnvart erlendri með tilliti til launa, skatta, stuðnings, tollverndar, framleiðsluaðstæðna og annarra þátta sem skipta máli? Tilgangur þess er að draga fram með skýrari hætti hvernig íslenskur landbúnaður er í stakk búinn til að keppa við innflutta framleiðslu á markaði, án tillits til sérstöðu framleiðslunnar.

Það er heilmikið verk fram undan. Bændur ganga glaðir til þess.

***Verið velkomin í Hof á Akureyri 3. mars***

Nú eru að verða breytingar hjá samtökum okkar, eins og fram kemur annars staðar í blaðinu. Við erum að fara að innheimta félagsgjöld og við erum að fara að halda okkar fyrsta ársfund í stað Búnaðarþings. Þar munum við ræða um búskap framtíðarinnar á opinni ráðstefnu í Hofi á Akureyri 3. mars og halda stóra bændahátíð um kvöldið. Þangað eru allir stuðningsmenn íslensks landbúnaðar velkomnir. Sjáumst þar!

## Ísland er land þitt



**Hafragilsfoss í Jökulsá á Fjöllum.** Mynd / HKr.

Líf og starf



Helena Hermundardóttir, Martin Eyjólfsson, sendiherrann í Berlín og Knútur Rafn Ármann.

# Friðheimar heiðraðir í Berlín fyrir frumleika og nýsköpun

**Tómataræktendunum í Friðheimum var á dögunum veittur sá heiður að vera boðið á hinn árlega tómataviðburð í Berlín, The Tomato Inspiration Event, sem haldinn var á dögunum. Þangað er boðið þeim 100 tómataræktendum í heiminum sem þykja hafa skarað fram úr hvað varðar frumkvöðlastarf og nýsköpun.**

Það eru þau Knútur Rafn Ármann og Helena Hermundardóttir sem eiga og reka Friðheima, en þar er einnig hestabúgarður og veitingastaður.

*Á meðal tíu efstu*

Knútur segir að það hafi komið skemmtilega á óvart að fá boðsbréf á viðburðinn. „Þegar við fengum boðið fórum við að skoða hvað stæði á bak við þennan viðburð og í ljós kom að þarna voru öflugir styrktaraðilar að baki og að þetta var alvöru viðburður. Þetta eru styrktaraðilar, sem flestir starfandi í þessum geira eiga viðskipti við með einum eða öðrum hætti. Þetta eru aðilar sem selja til dæmis lífrænar varnir og stýri- og tölvukerfi fyrir gróðurhús. Þessir aðilar mynda ráðgjafahóp sem síðan velur þennan lista.

Það er auðvitað mikil upphefð í því að vera á þessum lista. Það er einhver sem hefur bent á okkur og hvað við erum að gera. Svo erum við bara skoðuð – þær upplýsingar sem liggja fyrir – og á endanum er ákveðið að bjóða okkur að vera með. Þegar á aðalviðburðinn var komið var hópurinn þrengdur niður í 30 ræktendur, svo niður í tíu og að lokum eru fimm aðilar sérstaklega heiðraðir. Hollenska fyrirtækið Greenco hlaut svo flest atkvæði sem voru greidd um efsta sætið. Þeir eru tómataræktendur en eru líka í framleiðslu á tómatvörum, sem við höfum reyndar líka verið að færa okkur yfir í.

Það er gaman að segja frá því að við fengum upplýsingar um það í lok hátíðarinnar, frá áreiðanlegum heimildarmanni, að við hefðum lent á meðal þeirra tíu efstu,“ segir Knútur.




Knútur Rafn á hátíðinni í Berlín.

*Mikill vöxtur í aðsókn ferðamanna*

„Í þessum efstu sætum voru mjög áhugaverðir ræktendur; einn er frá Dubai sem rekur sína stöð úti í eyðimörkinni og sinnir innanlandsmarkaði og stór stöð frá Kanada sem er að gera svipaða hluti og við varðandi það að taka á móti gestum líka og kynna garðyrkjuna.

Það sem horft var til þegar við vorum valin á þennan lista var það hvað við höfum opnað stöðina okkar mikið. Í fyrra tókum við á móti 135 þúsund gestum sem við sögðum frá hvað við erum að fást við. Um leið erum við auðvitað að kynna garðyrkju almennt, hvar sem hún er stunduð í heiminum,“ segir Knútur.

*Fjórar tómategundir ræktaðar*

Friðheimar eru í Reykholti í Bláskógabyggð, í um 90 km frá Reykjavík. Þar eru ræktaðar fjórar tegundir af tómötum, auk þess sem þar er rekinn veitingastaður þar sem uppistaða hráefnisins eru afurðir tómataræktunarinnar. Mikill vöxtur hefur verið í aðsókn ferðamanna í stöðina og til að mæta honum þarf að fjölga starfsfólki. „Já, við þurfum að fjölga starfsfólki sem starfar yfir allt árið og eins sumarstarfsfólki. Við erum líka með vinsælar hestasýningar hérna sem þarf mannskap í kringum. Þær byrja svona í kringum miðjan apríl og eru svo reglulega fram í lok september eða byrjun október. En við bjóðum reyndar upp á hesthúsaheimsóknir allt árið og þá er bara ein manneskja frá okkur sem tekur á móti gestunum, segir frá uppruna og sögu íslenska hestsins, séreinkennum og notagildi. Svo leggur knapi á einn hest og svo er farið út á völlinn okkar og allar fimm gangtegundirnar okkar sýndar og útskýrðar í leiðinni. Þetta er svona persónulegri nálgun. Í vetur höfum við verið með um 25 hópa í viku með þessu sniði,“ segir Knútur. /smh

## MÆLT AF MUNNI FRAM

172

Þá er Góan gengin í garð. Í fyrsta sinn þessa febrúarmánaðar mylgrar nú niður snjó við Eyjafjörð. Það verða að teljast tíðindi og mikil umskipti. Því verður nú einnig breytt um bragarhátt í þessum þætti. Einhver liprasti limrusmiður við Eyjafjörð er hann **Davíð Hjálmar Haraldsson**. Hans er því sviðið í þessum vísnaþætti:

*Nú klaki og þeli þána*
*og þynnast öll svell og blána*
*og ég heyrði í gær*
*um hrút sem varð ær*
*því hann komst ekki yfir ána.*

*Er Hallgerður hönd sína gaf*
*Helga (með krukkur og staf*
*sem hann tæpast fær leynt)*
*hann trompaðist hreint*
*og tafarlaust hjó‘ana af.*

Þessa limru nefnir **Davíð** „Sköpunarsagan í hnotskurn“:

*Er Guð bjó til einfaldan apann*
*tók ómælistíma að skap‘ann*
*og þróa í mann*
*en maðurinn fann*
*að bragði upp byssu og drap‘ann.*

---

*Hann Hallgrímur hálfblindi á Nögl*
*oft himbrima drepur og gögl*

xx

*með tvíhleypu góðri*
*(fær tugi í róðri)*
*en tittliga ef knappt er um högl.*

---

*Kvað Albert „ég orðinn er skröggur,*
*þó er í mér dálítill töggur.*
*Ég elskaði tvær*
*í einu í gær*
*og aftur en þá var ég snöggur.“*

***Minning:***

*Um fjallveg og freðjökul rann‘ann*
*og fimmtíu maraþon vann‘ann.*
*Á hraðferð um Fljót*
*loks hrasaði um grjót*
*og tófan var fljótust og fann‘ann.*

*Á vordögum oft lagðist út*
*ei ærkind á fjallinu Strút*
*við kjarngrös og skjól*
*en kom heim um jól*
*en ekkert er ort hér um hrút.*

*Blánuðu börðin á skötum,*
*á bala kom fjöldi af götum,*
*tin varð að mold*
*og tófum reis hold*
*er Steingerður fækkaði fötum.*

*Smjörið er kolgrænt í kúpunni*
*og kasúldin bringan á rjúpunni*
*á veitingastað*
*en verst er þó að*
*kokkurinn situr í súpunni.*

***Óperusýning á Scala:***

*Sesselju, sópran frá Hala,*
*er syngur í Tosca á Scala,*
*tilbiðja flestir*
*tónleikagestir*
*en Þorsteini þykir hún la la.*

*Petra er prúð svo að dá hana*
*prestar, og enginn má fá hana,*
*en úti í hlöðu*
*í angandi töðu*
*þið ættuð með Jóni að sjá hana.*

*Atli var illkvittinn sauður,*
*ófrómur, lyginn og blauður.*
*Umbreyttist hann*
*í öndvegismann*
*í útfararræðunni, dauður.*

*Í uppsveitum Önundarfjarðar*
*ég æfingar stundaði harðar.*
*Þar var svo bratt*
*að þegar ég datt*
*þá var rúm tomma til jarðar.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

# Sex milljónir til skógarbænda á Suðurlandi

**Nýlega var undirritaður samningur á milli Félags skógareigenda á Suðurlandi og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um sex milljóna króna styrk til félagsins.**



María E. Ingvadóttir og Hrafnkell Guðnason skrifuðu undir sex milljóna króna samninginn kampakát. Mynd / MHH

Peningurinn verður notaður til að kanna, kortleggja og skrá hugsanlegar afurðir úr skógum á Suðurlandi, markaðsaðstæður og sölumöguleika afurða. Fjármagnið kemur úr Sóknaráætlun Suðurlands.

„Það er orðið brýnt að skapa grundvöll fyrir úrvinnslu þess grisjunarviðar og bolviðar sem nú þegar fellur til og mun falla til um ókomna tíð. Það er komið að því að byggja upp öfluga atvinnugrein, skógariðnaðar á Suðurlandi. Með samhentu átaki er vonast til að okkur skógarbændum á Suðurlandi takist það,“ segir María E. Ingvadóttir, formaður félagsins, og bætti því við að það ætti líka að vera markmið skógarbænda að þeir fái góðar tekjur af skógræktinni, skógarbændur eigi að geta lifað góðu lífi af tekjum af jörð sinni. /MHH



Dría Snædal, framkvæmdastjóri SGS, Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, Björn Snæbjörnsson, formaður SGS og Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, undirrita yfirlýsingu vegna sjálfboðaliða. Mynd / Snorri Már Skúlason

## BÍ og SGS gefa út sameiginlega yfirlýsingu:

# Sjálfboðaliðar gangi ekki í almenn störf launafólks

**Fulltrúar Bændasamtaka Íslands og Starfsgreinasambands Íslands skrifuðu á dögunum undir sameiginlega yfirlýsingu vegna sjálfboðaliða á vinnumarkaði.**

Samtökin árétta að það er andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfboðaliðar gangi í almenn störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja og lögbýla. Báðir aðilar eru sammála um mikilvægi þess að fara eftir leikreglum á vinnumarkaði en ekki eru gerðar athugasemdir við þau störf sjálfboðaliða sem byggja á langri venju og sátt hefur verið um, s.s. um störf í smalamennskum og réttum.

Í yfirlýsingunni segir að samtök á vinnumarkaði hafi axlað sameiginlega ábyrgð á uppbyggingu vinnumarkaðarins og réttindum og skyldum sem þar gilda. Markmið samtaka atvinnurekenda og launafólks er að tryggja áfram samkeppnishæfan vinnumarkað þar sem aðilar vinnumarkaðarins semja um laun og önnur starfskjör í kjarasamningum. Þeir bera þá skyldu að fylgja því eftir að farið sé að leikreglum á vinnumarkaði. Það sé sameiginlegt viðfangsefni aðila að stuðla að því að fyrirtæki og lögbýli í framleiðslu eða þjónustu, greiði laun og starfskjör í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi.

*Sameiginlegur skilningur mikilvægur*

Ef kjarasamningar eru ekki virtir grefur það undan starfsemi annarra og spillir forsendum eðlilegrar samkeppni og dregur úr ávinningi alls samfélagsins af traustu og heilbrigðu atvinnulífi. Í því ljósi telja Starfsgreinasamband Íslands og Bændasamtök Íslands mikilvægt að sameiginlegur skilningur gildi á vinnumarkaði um störf sjálfboðaliða. Launafólki verður ekki skipt út fyrir sjálfboðaliða og samningar við einstaklinga um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um eru ógildir.

Í yfirlýsingu BÍ og SGS var vikið að því að sjálfboðaliðastörf eigi sér langa sögu og eru mikilvæg þeim aðilum sem vinna í þágu almannaheilla að góðgerðar-, menningar- eða mannúðarmálum.

„Sjálfboðaliðastörf eiga sér einnig langa sögu í afmörkuðum verkum í landbúnaði með vinnuframlagi vina og ættingja í mjög skamman tíma, t.d. í göngum og réttum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þau störf sjálfboðaliða enda byggi þau á langri venju og sátt hefur verið um,“ sagði í yfirlýsingunni sem Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ og Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, skrifuðu undir fyrir hönd sinna samtaka.

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 9. mars
Smáauglýsingar 56-30-300



Samráðshópur mun endurskoða búvörusamninga sem samþykktir voru á síðasta ári. Mynd / HKr.

# Svar ráðherra við athugasemdum BÍ vegna endurskoðunar á samráðshóps um búvörusamninga

**Bændasamtökin sendu Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur landbúnaðarráðherra bréf 1. febrúar síðastliðinn þar sem farið er fram á rökstuðning fyrir breyttri skipan í samráðshóp um endurskoðun búvörusamninga.**



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Í bréfi BÍ kemur fram að samtökin telji að lagalega hafi verið staðið rétt að fyrri nefndarskipan og að hún hafi verið í samræmi við nefndarálit Alþingis og þá samninga ríkis og bænda sem áður voru samþykktir.

Í ljósi þess að tilgreint var í lögum um skipan nefndarinnar settu Bændasamtökin fram spurningar varðandi breytingarnar á nefndinni, sem þau óska svara við, í fjórum liðum. Spurningarnar er að finna bbl. is. http://www.bbl.is/frettir/baendasamtokin-oska-eftir-rokstudningi-fra-landbunadarradherra/16468/

*Svar ráðherra*

„Landbúnaðarráðherra hefur sent Bændasamtökunum eftirfarandi svar við athugasemdum BÍ um skipun samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga.

Vísað er til bréfs yðar dags. 1. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir skýringum ráðherra á þeim breytingum sem gerðar voru á skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Skýringar og rökstuðning má finna undir viðeigandi töluliðum í samræmi við erindi yðar.

*I.*

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga var fyrst skipaður þann 17. nóvember 2016. Við undirbúning við skipun nefndarinnar var óskað tilnefninga aðila í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við búvörulög nr. 99/1993. Tilnefningar sem ráðuneytinu bárust uppfylltu í nokkrum tilvikum ekki óskir ráðuneytisins, þar sem m.a. var óskað að tilteknir aðilar tilnefndu saman fulltrúa í nefndina og þá gættu ekki allir tilnefningaraðilar að 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008. Með vísan til þess ákvað því þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að skipa tiltekna fulltrúa án tilnefningar í hópinn en við val á þeim fulltrúum var tekið mið af þeim skilyrðum sem ákvæði til bráðabirgða í búvörulögum mælti fyrir um. Var því upphafleg skipun samráðshópsins í samræmi við lög.

Ráðherraskipti urðu þann 11. janúar 2017 og tók þá til starfa ný ríkisstjórn sem starfar samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar. Í stefnuyfirlýsingunni er að finna tilteknar áherslur og markmið sem urðu til þess að núverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tók ákvörðun um að breyta skipun þeirra fulltrúa sem skipaðir voru af þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra án tilnefningar.

Í stefnuyfirlýsingunni segir m.a.: „Breytingar á búvörusamningi og búvörulögum skulu miða að því að leggja áherslu á aukna framleiðni, hagsmuni og valfrelsi neytenda og bænda og fjölbreytt vöruúrval. Jafnframt verði horft til samkeppnisstöðu landbúnaðar á Íslandi vegna legu landsins, veðurfars og takmarkaðra landgæða. Hreinn landbúnaður, þegar litið er til afurða og umhverfis, og minni kolefnislosun verður ásamt framangreindum þáttum leiðarljósið í landbúnaðarstefnu stjórnvalda.“

Að mati ráðherra vantaði í samráðshópinn sjónarmið sem vörðuðu m.a. hagsmuni og valfrelsi neytenda, umhverfi, loftlagsmál og atvinnulíf. Með vísan til álits meirihluta atvinnuveganefndar frá 29. ágúst 2016 benti nefndin á að breiðari samstöðu væri þörf um starfsskilyrði í landbúnaði og nauðsynlegt að fleiri aðilar hefðu tækifæri til að koma að þróun landbúnaðarstefnunnar. Meðal þeirra úrlausnarefna sem nefndin lagði til að liggja ættu til grundvallar stefnumótunarinnar voru loftlags- og umhverfismál, svo sem minni losun gróðurhúsalofttegunda í landbúnaði, áætlun um endurheimt votlendis, sívirkt rannsóknar-, mats- og vöktunarkerfi með ástandi og þróun gróðurauðlinda, skógrækt, uppgræðsla lands og umhverfisráðgjöf til bænda. Þá var einnig meðal úrlausnarefna sem meirihluti nefndarinnar bendir á, upplýsingagjöf til neytenda, þar sem brýnt er að neytendur fái skýrar og réttar upplýsingar um uppruna þeirra matvæla sem boðin eru til sölu. Tryggt verði að neytendur hafi upplýsingar um innihald, framleiðsluhætti og uppruna matvæla og geti með góðu móti borið vörur saman. Þá benti meirihluti nefndarinnar einnig á heimildir ráðherra til að takmarka eða banna innflutning og dreifingu dýraafurða sem framleiddar eru í andstöðu við lög um velferð dýra.

Með vísan til framangreinds var ákvörðun um breytingu á skipun tiltekinna fulltrúa í nefndina tekin. Ekki er óeðlilegt að nýr ráðherra í embætti leggi á það sjálfstætt mat hvort t.d. skipanir nefnda séu í samræmi við áherslur nýrrar ríkisstjórnar eða áherslur ráðherra til þess málefnasviðs sem hann fer með. Enda ber ráðherra lagalega ábyrgð á fyrirmælum stjórnsýslunnar. Að mati ráðherra var með ákvörðun um breytingu á skipun samráðshópsins ekki verið að hnekkja skipun fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í heild sinni enda eins og rakið er hér að framan var hópurinn að mati ráðherra upphaflega skipaður í samræmi við ákvæði til bráðabirgða við búvörulög.

*II.*

Í bráðabirgðaákvæði við búvörulög segir: Tryggja skal aðkomu afurðastöðva, atvinnulífs, bænda, launþega og neytenda að endurskoðuninni og skal henni lokið eigi síðar en árið 2019. Skulu bændur eiga þess kost að kjósa um nýjan búvörusamning eða viðbætur við fyrri samninga.

Félag atvinnurekenda á ekki aðild að Samtökum atvinnulífsins og gætir félagið hagsmuna ýmissa fyrirtækja í atvinnulífinu sem standa utan þeirra samtaka. Svo tryggð sé fullnægjandi aðkoma atvinnulífsins að samráðshópnum samkvæmt bráðabrigðaákvæði við búvörulög var að mati ráðherra nauðsynlegt að félagið fengi skipaðan fulltrúa í nefndina. Þá er einnig rétt að benda á að Félag atvinnurekenda hefur lögbundið hlutverk samkvæmt ákvæðum búvörulaga ásamt Bændasamtökum Íslands, Neytendasamtökum og Samtökum verslunar og þjónustu, en framangreindir aðilar eiga allir sinn fulltrúa í samráðshópnum. Til að gæta jafnræðis og í samræmi við framangreind sjónarmið meiriluta atvinnuveganefndar var fulltrúi Félags atvinnurekenda skipaður í hópinn. Einnig er rétt að benda á að aðrir aðilar sem nefndir eru í erindi yðar, þ.e. samtök í ferðaþjónustu, Landvernd, samtök heimavinnsluaðila eða samtök lífrænna framleiðenda og neytenda, eiga sinn fulltrúa í samráðshópnum í gegnum tiltekin hagsmunafélög eða tiltekna einstaklinga sem skipaðir hafa verið í hópinn.

*III.*

Við gerð búvörusamninga og við meðferð þeirra fyrir Alþingi á árinu 2016 var ítrekað bent á að ekki hafi verið tryggt nægjanlegt samráð og samtal um búvörusamninga við hina ýmsu hagsmunaaðila. Með því að skipa samráðshópinn og breyta skipun hans að hluta telur ráðherra að brugðist hafi verið við þeirri gagnrýni og tryggt sé með fullnægjandi hætti að sjónarmið sem flestra komi að endurskoðun samninganna. Þannig verði tryggt gott samráð og samtal hagsmunaaðila um búvörusamninga. Með því móti náist betri sátt um þá stefnu sem kveðið verði á um í búvörusamningunum að endurskoðun þeirra lokinni. Það er von ráðherra að slík sáttaniðurstaða frá svo breiðum hópi hagsmunaaðila sé líkleg til árangurs í atkvæðagreiðslu meðal bænda.

*IV.*

Þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa á skipun samráðshópsins þá gilda búvörusamningar sem undirritaðir voru 19. febrúar 2016 og tóku gildi 1. janúar sl. enda hafa samningarnir hlotið staðfestingu Alþings með lögum nr. 102/2016 um breytingu á búvörulögum og fleira. Hlutverk samráðshópsins er afmarkað í tilteknum ákvæðum búvörusamninganna og halda þau ákvæði gildi sínu líkt og samningarnir sjálfir. Verði niðurstaða samráðshópsins á þá leið að ráðast þurfi í tilteknar breytingar á ákvæðum búvörusamninga fer slík tillaga til umfjöllunar samninganefndar ríkisins og Bændasamtaka Íslands skv. 30. gr. búvörulaga og slíkt samkomulag þarf ávallt staðfestingu Alþingis til að hljóta gildi. Ráðherra getur þannig ekki einhliða breytt búvörusamningum án aðkomu samningsaðila og Alþingis.“ /VH

# SS og bændur styðja enn og aftur við bakið á Krabbameinsfélaginu!

## Í ár býður SS til sölu bæði blátt og bleikt rúlluplast og renna 400 kr af hverri seldri rúllu til Krabbameinsfélagsins.

Bláa plastið styður við baráttuna gegn blöðruhálskrabbameini
Bleika plastið styður við baráttuna gegn brjóstakrabbameini

- *Frábær nýting og frammistaða með 1900 m forstrekktu gæðaplasti.*
- *Passar í allar vélar, hentar bæði fyrir rúllur og bagga.*
- *Vatnsheldur pappírskjarni.*
- *Sömu gæði og á öðrum litum.*






**teno spin®**
Rúlluplastið
sem bændur treysta

| | | Litur | Listaverð án vsk. | Magn á bretti |
|---|---|---|---|---|
| **Rúlluplast** | | | | |
| Tenospin<br>- 750 x 0,025 x 1500 | | Hvítt | 9.700 kr | 15 |
| Tenospin<br>- 750 x 0,025 x 1500 | | Grænt | 9.700 kr | 15 |
| Tenospin<br>- 750 x 0,025 x 1500 | | Svart | 9.550 kr | 15 |
| Tenoplus 1900<br>- 750 x 0,021 x 1900 | | Bleikt | 11.700 kr | 15 |
| Tenoplus 1900<br>- 750 x 0,021 x 1900 | Ný vara | Blátt | 11.700 kr | 15 |
| **Net** | | | | |
| Westfalia<br>- 123 x 3000 m | | | 21.100 kr | |
| **Undirplast í stað nets** | | | | |
| TrioBale compressor<br>- 1400 x 0,20 x 1400 m | Ný vara | Hvítt/<br>grænt | 24.500 kr | |
| **Garn** | | | | |
| Cobra Miljö rúllugarn<br>- 600 m/kg | | Rautt | 2.500 kr | |
| Cobra Wire stórbaggagarn<br>- 2665 m pr. rúllu | | Grænt | 8.200 kr | |

**Frír flutningur til bænda.**

Verð eru gefin upp með fyrirvara um prentvillur

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.

Sláturfélag Suðurlands svf. · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 575 6000 · www.ss.is

Fréttir



Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá BÍ, hefur unnið að innleiðingu félagsgjalda hjá samtökunum á síðustu mánuðum. Mynd / TB

### Bændur fá brátt senda gíróseðla vegna félagsgjalda BÍ:

## Er þín félagsaðild rétt skráð?

**Á næstu dögum munu Bændasamtökin senda út gíróseðla vegna félagsgjalda samtakanna fyrir árið 2017. Guðbjörg Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá BÍ, segir að undirbúningurinn gangi vel. Töluverð vinna hefur staðið yfir við að yfirfara félagatal og aðlaga tölvukerfi í tengslum við breytingarnar og kynna þær fyrir bændum. Hægt er að yfirfara skráningar inni á Bændatorginu en frestur til þess að gera leiðréttingar á félagatalinu hefur verið framlengdur til 27. febrúar nk.**

„Vinnan við uppfærslu félagatals fyrir Bændasamtökin hefur gengið vel og bændur hafa verið virkir í því að yfirfara sína félagsaðild inni á Bændatorginu. Við höfum fengið fjölda fyrirspurna og símtala frá bændum sem eru að velta þessum málum fyrir sér," segir Guðbjörg. Hún segir jafnframt að margir hafi nýtt sér þann valmöguleika að senda fyrirspurn eða erindi í gegnum Bændatorgið eða með tölvupósti. „Það hefur verið ánægjulegt hversu margir bændur hafa hringt til að ráðfæra sig við starfsfólk samtakanna varðandi félagsaðildina. Við ákváðum að gefa félagsmönnum aðeins lengri frest til þess að gera leiðréttingar á sínum skráningum, eða til mánudagsins 27. febrúar. Þeir sem ekki hafa nú þegar yfirfarið sína aðild eru hvattir til þess," segir Guðbjörg.

Félagsmenn fá sendan greiðsluseðil í pósti um næstu mánaðamót ásamt kynningarbréfi um félagsgjöldin. Fyrir flesta félagsmenn verður upphæðin 42.000 krónur. Þeir sem vilja skipta greiðslum gefst kostur á því og er bent á að hafa samband við BÍ í síma 563-0300, senda skilaboð í gegnum bændatorgið eða með tölvupósti á bondi@bondi.is. Að auki er bændum bent á að upplýsingar inni á bondi.is.

### Fuglaflensa af H7N9 stofni herjar á Kínverja:

## Er farin að smitast manna á milli

### – 100 manns létust af völdum fuglaflensu í janúar

**Óvenju skæður fuglaflensufaraldur hefur verið í Kína þar sem veiran af stofni H7N9 hefur borist bæði í fugla og menn. Í lok janúar höfðu 100 manns látist af völdum fuglaflensunnar sem er mun skæðari en þegar fuglaflensa greindist fyrst í mönnum árið 2013. Þá urðu 79 dauðsföll af völdum veirunnar.**

Þeir sem smitast geta orðið mjög veikir og nærri einn af hverjum þrem sem smitast deyja. Kínversk stjórnvöld hafa hvatt almenning til að forðast markaði þar sem verslað er með alifugla. Haft var eftir NI Daxin, yfirmanni smitsjúkdómamiðstöðvar Kína í China Daly, að algeng smitleið væri með lifandi alifuglum eða af kjöti af nýslátruðum fuglum.

„Ef fólk keypti aðeins frosið kjöt, þá væri mun auðveldara að koma í veg fyrir faraldur," sagði NI Daxin.

Viðskipti með kjúklinga hafa verið stöðvuð í borgunum Guangzhou í suðri og Changsha í Mið-Kína. Einnig í austurhluta Zheijiang-héraðs og á fleiri stöðum. Tilkynnt var um 35 smittilfelli í Zheijiang-héraði einu saman í janúar að sögn ríkisreknu fréttastofunnar Xinhua.

Flest smit sem vitað er um hafa borist í fólk sem hefur komist í snertingu við fugla, eða fuglaúrgang á mörkuðum. Þó hafa í það minnsta tvö tilvik verið tilkynnt síðan í september þar sem um smit milli manna var að ræða.

Nokkur hræðsla hefur gripið um sig í Kína vegna fuglaflensunnar, en viðbrögð fólks eru æði misjöfn. Sumir neita að viðurkenna hættuna á meðan aðrir fyllast skelfingu út af venjulegi kvefi. */HKr.*






Hafliði fór á kostum í keppninni, náði 39. sæti og stóð sig feiknavel. Dómarinn fylgist grannt með honum.

### Heimsmeistarakeppnin í rúningi á Nýja-Sjálandi:

# Heiða Guðný og Hafliði stóðu sig frábærlega

**Heiða Guðný Ásgeirsdóttir frá Ljótarstöðum í Skaftártungu og Hafliði Sævarsson frá Fossárdal í Berufirði eru nýkomin heim eftir sex vikur á Nýja-Sjálandi þar sem þau tóku m.a. þátt í heimsmeistarakeppninni í rúningi.**

Bæði stóðu þau sig frábærlega. Hafliði hafnaði í 39. sæti af 56 keppendum og Heiða Guðný, sem var eina konan í keppninni, lenti í 55. sæti.



Heiða Guðný og Hafliði voru ánægð þegar þau komu heim til Íslands eftir að hafa verið á Nýja-Sjálandi í sex vikur. Eftir heimsmeistarakeppnina taka nú við hefðbundin bústörf á jörðum þeirra. Mynd / MHH

***Öttu kappi við mjög reynda rúningsmenn***

Þau voru að keppa við mjög reynda og snögga rúningsmenn. Hver keppandi rúði 15 kindur og var það síðan hlutverk dómaranna að fara yfir verkið og gefa einkunn.

Rúningur á Nýja-Sjálandi er gerólíkur því sem þekkist á Íslandi og því þurftu Heiða og Hafliði að læra allt aðra tækni en þau eru vön. Þau fóru því á námskeið hjá heimamönnum áður en keppnin sjálf hófst.

***Reynslunni ríkari***

Bæði segjast þau reynslunni ríkari eftir keppnina, aðstæðurnar á Nýja-Sjálandi hafi verið frábærar og þau hafi fengið góðar móttökur hjá mótshöldurum og heimamönnum. */MHH*

WORLD CHAMPIONSHIPS SOUTHLAND NZ 2017



Heiða Guðný var eina konan í ár sem tók þátt í heimsmeistarakeppninni í rúningi. Hún sýndi snilldartakta og stóð sig vel.




# Elskaðu – lifðu – njóttu!

## Femarelle Rejuvenate 40+

***Fyrir tíðahvörf***

- ELSKAÐU ÁRIN EFTIR FERTUGT
- HORMÓNALAUS LAUSN

Inniheldur hörfræ sem stuðla að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðarhvörfum og Bíótín sem hjálpar konum að haldast í eðlilegu andlegu jafnvægi.



***Selma Björk Grétarsdóttir***
*„Regla komst á tíðarhringinn og ég er öll í betra jafnvægi.“*

## Femarelle Recharge 50+

***Tíðahvörf***

- LIFÐU TIL FULLS EFTIR FIMMTUGT
- ENGIN ÁHRIF Á MÓÐURLÍF EÐA BRJÓSTVEF

Innheldur B6 sem stuðlar að hormóna-jafnvægi ásamt einkaleyfisvörðu soja-þykkni til að vinna gegn hitakófum og nætursvita.



***Soffía Káradóttir***
*„Ég er í mun betra jafnvægi og mæli heilshugar með Femarelle.“*

## Femarelle Unstoppable 60+

***Eftir tíðahvörf***

- NJÓTTU ÁRANNA EFTIR SEXTUGT
- AUKINN LIÐLEIKI

Inniheldur kalk og D vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen.



***Eva Ólöf Hjaltadóttir***
*„Femarelle hefur gert mikið fyrir mig, ég hef mun meiri orku.“*

# AMÍNÓ LIÐIR

**INNIHELDUR:**

**Sæbjúgu, Þorskprótein, Túrmerik, C-vítamín, D-vítamín og Mangan**

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúruleg-um efnum úr sæbjúgu og þorski úr hafinu við Ísland.






***Snorri Snorrason***
*„Enginn stirðleiki með Amínó® Liðum.“*

***Sigríður Helgadóttir***
*„Ég mæli með Melissu Dream, ég sofna fljótt og er laus við fótapirringinn.“*




# MELISSA DREAM

**INNIHELDUR:**

**Sítrónu melissu, L-theanine, Kamómillu, B-vítamín blöndu og Magnesíum.**

Fæst í næsta apóteki og verslun. Nánari upplýsingar á www.icecare.is og á Facebook síðu *IceCare - þín heilsa*



Rannveig Anna með elstu bók Konubókastofunnar sem er frá 1886, fyrsta handavinnubókin á Íslandi. Mynd / MHH

## Konubókastofan á Eyrarbakka:

# 2.500 titlar eftir íslenska kvenrithöfunda

**Á Eyrarbakka er starfrækt Konubókastofa sem er varðveislu- og fræðslusafn og eini staðurinn á Íslandi þar sem hægt er að fræðast um íslenska kvenrithöfunda.**

Núna eru um 2.500 titlar af bókum, tímaritum og ýmiss konar efni eftir konur í stofunni. „Við lánum ekki bækur út, ég einfaldlega tími því ekki því ég er svo hrædd um að þær skili sér ekki aftur. Hér er mikið af gersemum, t.d. er elsta bókin frá 1886 og er fyrsta handavinnubókin sem kom út á Íslandi. Margar konur hafa heillast af henni og finnst mjög gaman að skoða. Margar bækur eru áritaðar af höfundi. Við erum með Kvennablaðið sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir gaf út og margt fleira sem gaman er að skoða,“ segir Rannveig Anna Jónsdóttir eigandi Konubókastofunnar. Opið er tvo daga í viku yfir vetrartímann en í sumar er stefnt að því að hafa opið alla daga vikunnar. Hægt er að fræðast um Konubókastofuna á heimasíðunni www.konubokastofa.is /MHH




Ragnar Eiríksson tekur við Michelin-styttunni. Mynd / skjáskot frá viðburðinum

# DILL fær Michelin-stjörnu

**DILL Restaurant hlaut í gær eina Michelin-stjörnu, sem er ein eftirsóttasta viðurkenning í heimi veitingahúsareksturs.**

DILL er þar með fyrsti íslenski veitingastaðurinn sem fær stjörnu, en Michelin veitir ýmist eina, tvær eða þrjár stjörnur. Sjaldgæft er að veittar séu þrjár stjörnur og einungis þeir sem státa af nánast óaðfinnanlegum veitingastöðum að mati Michelin hlotnast slíkur heiður.

Ragnar Eiríksson, yfirmatreiðslumeistari á veitingastaðnum, tók við viðurkenningunni í gærmorgun, þegar Michelin Nordic Guide-viðburðurinn var haldinn. Hann sagðist af því tilefni vera stoltur og auðmjúkur – og að þetta væri afar mikilvægt fyrir allan veitingahúsarekstur á Íslandi. Þar kom líka fram að einungis fimm manns eru í matreiðsluteyminu á DILL Restaurant.

Þess má geta að Færeyingar fengu líka sína fyrstu Michelin-stjörnu þegar KOKS í Þórshöfn fékk eina stjörnu. /smh

Varahlutir í flestar tegundir dráttarvéla

New Holland - Fiat - Ford - Case - Steyr - Zetor - Fendt

Eigum fyrirliggjandi síur í flestar gerðir þessara véla og mikið úrval varahluta. Einnig sérpantanir.



JÖTUNN
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is




Mörgum þykir ekki ásættanlegt að heilbrigðiskerfið á Íslandi sé einungis í meðallagi miðað við Evrópu.

## Eurostat - hlutfallslegt framlag Evrópuríkja til heilbrigðismála 2014:

# Ísland um miðbikið en á pari við Finnland miðað við höfðatölu

**Ísland er nálægt meðaltalseyðslu Evrópusambandsríkja hvað varðar heildarhlutdeild af vergri landsframleiðslu (GDP) sem varið er til heilbrigðismála. Það er þó talsvert á eftir öllum hinum Norðurlöndunum samkvæmt úttekt Eurostat sem byggð er á tölum frá 2014. Ísland er þó nokkru framar í röð allra Evrópuríkja sé tillit tekið til höfðatölu.**

Samkvæmt tölum Eurostat var Ísland nokkurn veginn á pari við Finnland og Bretland sé miðað við fjármagn til heilbrigðismála á hvern íbúa. Hlutur sjúklinga í greiðslum vegna heilbrigðisþjónustu virðist vera heldur hærri á Íslandi en í Bretlandi en svipaður og í Finnlandi. Hann er hins vegar mun lægri en í Sviss sem ver reyndar langmestum hlutfallslegum fjármunum allra Evrópuríkja til heilbrigðismála miðað við höfðatölu.

### *Spurning um skilvirkni*

Eins og fram kemur í gögnum Eurostat er þarna byggt á tölum frá 2014. Framlög til heilbrigðismála hafa aukist verulega á Íslandi frá þeim tíma og landið þá væntanlega betur statt í samanburðinum. Flestir Íslendingar telja þó að gera þurfi miklu betur. Tímabært fer því væntanlega að verða að spyrja um skilvirkni heilbrigðiskerfisins. Hvort nýting fjármagnsins sé nægilega góð og ef ekki, hvað þurfi þá að laga.

### *Svisslendingar með hæsta hlutfallið*

Ef höfðatöluviðmiðið er skoðað frekar skera Svisslendingar og Norðmenn sig úr með mest fjármagn til heilbrigðismála. Þar á eftir kemur Lúxemborg, Þýskaland, Holland, Svíþjóð og Austurríki, en Danmörk fylgir þar fast á eftir.

Ef þetta hlutfall er skoðað meðal ESB-landanna þá er Svíþjóð í fjórða sæti, Danmörk í sjötta sæti, Finnland í tíunda sæti á pari við Ísland, en sem fyrr segir er Noregur með langmesta fjármagn allra Norðurlandaþjóðanna til heilbrigðismála.

### *Um miðbik Evrópulandanna*

Dæmið lítur aðeins öðruvísi út ef höfðatölusamanburðurinn er ekki inni í myndinni. Þar myndi Ísland lenda um miðbikið, eða í fjórtánda sæti, miðað við ESB-löndin, en í sextánda sæti allra Evrópuþjóða, rétt á eftir Spáni, Ítalíu og Portúgal. Þessi staða þykir væntanlega ekki glæsileg fyrir Ísland miðað við stöðu heilbrigðismála fyrir hrunið 2008.

Hlutfallslegt fjármagn af vergri landsframleiðslu (GDP) sem lagt var í heilbrigðiskerfið á Íslandi 2014 samkvæmt tölum Eurostat var 8,8%. Þetta hlutfall var 11,1% í Svíþjóð, 10,4% í Danmörku, 9,5% í Finnlandi og 9,4% í Noregi.

### *Hugmynd um að jafna hlutfall Svíþjóðar og Þýskalands*

Kári Stefánsson setti sem kunnugt er fram hugmyndir í fyrra um að 11% yrði varið til þessara mála, eða svipað og í Svíþjóð og í Þýskalandi. Væntanlega þýddi það að Ísland færi á toppinn miðað við höfðatölu í samanburði við allar aðrar Evrópuþjóðir. Til að ná því marki þyrfti trúlega að auka framlög ríkisins til heilbrigðismála um þrjá til fjóra tugi milljarða frá því sem nú er. /HKr.



Regnbogasilungur.

Frá Dýrafirði. Myndin er tekin rétt utan við Haukadal. Mynd / HKr.

# Regnbogasilungur veiddist á Vestfjörðum

**Fiskeldisfyrirtækið Arctic Sea Farm tilkynnti Fiskistofu og Matvælastofnun fyrir skömmu um gat á botni eldiskvíar á vegum fyrirtækisins í Haukadalsbót í Dýrafirði.**

Fyrirtækið hefur í samráði við Fiskistofu sett af stað viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga og verið er að leggja mat á fjölda fiska sem hafa sloppið. Um er ræða geldan og sjúkdómalausan regnbogasilung sem er ekki fær um að fjölga sér í íslenskri náttúru.

Í tilkynningu Arctic Sea Farm til fjölmiðla segir að gatið gæti útskýrt mögulega slysasleppingu regnbogasilungs sem var til umfjöllunar í fjölmiðlum síðastliðið haust.

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að stofnunin telji ósennilegt að málin tengist og nálgast þau sem tvö aðskilin tilfelli að svo stöddu. Talsverður stærðarmunur er á þeim fiskum sem veiddust í sumar og þeim fisk sem alinn er í umræddri kví, en þó skal tekið fram að ítarlegri upplýsinga verður óskað frá fyrirtækinu um þann lífmassa sem hefur verið í kvíni.

Í eftirliti Matvælastofnunar með starfsstöðvum Arctic Sea Farm í Dýrafirði þann 20. júní síðastliðinn kom fram að búnaður fyrirtækisins var í lagi, þjálfun starfsmanna var einnig í lagi, neðansjávareftirlit var reglulegt, viðbragðsáætlun var til staðar vegna slysasleppinga og var hún aðgengileg á eldissvæðinu. Engin frávik komu fram í verklagi eða búnaði sem gætu orsakað sleppingar úr kvíum. /VH


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
GLUGGALAUSNIR
sérþekking • þjónusta • úrval
idealcombi
IDEALCOMBI
HÁGÆÐAGLUGGAR • ÁRATUGA REYNSLA
IDEALCOMBI eru vottaðir, slagveðursprófaðir og í hópi vinsælustu gluggalausna í Skandinavíu þar sem hönnun og útlit eru í fyrirrúmi.
FRAME TRÉ/ÁL
NATION TRÉ/ÁL
FUTURA+ TRÉ/ÁL MEIRI EINANGRUN
ARLANGA
ARLANGA
PVC GLUGGAR OG HURÐIR
Vottaðir, slagveðursprófaðir og viðhaldslitlir PVC gluggar.
Góð lausn fyrir gripahús
rationel
RATIONEL GLUGGAR
GLUGGAR OG HURÐIR SEM ENDAST!
Allir gluggar Rationel eru vottaðir og slagveðursprófaðir og henta því einstaklega vel fyrir íslenskar aðstæður.
Gott og vandað gæðahandverk á mjög góðu verði.
AURA TRÉ
AURAPLUS TRÉ/ÁL
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG TILBOÐ VEITA GLUGGA-SÉRFRÆÐINGAR OKKAR Í SÍMA 525 3000
Ragnar Baldursson.
Húsasmíðameistari
Ráðgjafi gluggar og hurðir
ragnarba@husa.is
Byggjum á betra verði
www.husa.is


Heildarlausnir fyrir kjúklingarækt
Bogahýsin fást í mörgum breiddum - 5m, 8m, 10m, 12m, 14m og 16m.
Bogahýsin frá HÝSI henta mjög vel fyrir kjúklingarækt
Í samstarfi við FUTURE RUNDBUEHALLER í Danmörku bjóðum við heildarlausnir fyrir kjúklingabú með eða án innréttinga.
Húsin eru björt & vistleg, vel einangruð, loftræst og auðveld í þrifum.
HÝSI skilar húsunum hönnuðum fyrir íslenskar aðstæður m.t.t. vind- og snjóálags, með öllum teikningum sem til þarf.
HÝSI
Hýsi - Merkúr hf - Lambhagavegur 6 - 113 Reykjavík - Sími 534 6050 - hysi@hysi.is

**Fréttir**

## Málþing Dýraverndarsambands Íslands um gæludýr:

# Dýrahjálp Íslands er Dýraverndari ársins 2016

### – Sambandið vill að gæludýr geti fylgt eigendum sínum í strætó

**Á málþingi Dýraverndarsambands Íslands (DÍS) í lok síðasta mánaðar var Dýrahjálp Íslands veitt viðurkenningin Dýraverndari ársins 2016.**

Valgerður Valgeirsdóttir, talsmaður Dýrahjálpar Íslands, kom á málþingið og tók við viðurkenningunni úr höndum Hallgerðar Hauksdóttur, formanns DÍS, og greindi frá starfi félagsins.

Dýrahjálp Íslands fékk þessa viðurkenningu fyrir frábært starf í þágu dýra í mörg ár og fyrir að breyta sýn almennings á líf eldri gæludýra. Hallgerður segir að félagið hafi verið stofnað með það markmið að þegar eldri gæludýr missa heimili sín séu þau ekki sjálfkrafa sett til dýralæknis til að aflífa þau, heldur sé boðið upp á miðlun með gæludýr til að finna fyrir þau ný heimili. „Þetta er að erlendri fyrirmynd og virkar þannig að eigendur eru aðstoðaðir eða dýrunum er hjálpað beint við að finna ný heimili. Frá því að félagið tók til starfa árið 2008 hefur það hjálpað um sex þúsund dýrum. Félagið hefur tekið beint að sér nokkur hundruð dýr inn á fósturheimilakerfi sitt en hin hafa fengið ný heimili með miðlun félagsins. Í samtölum mínum við starfandi dýralækni hér á höfuðborgarsvæðinu, hefur komið fram að frá því að Dýrahjálpin tók til starfa hafa starfsskilyrði dýralækna í þéttbýli gjörbreyst. Áður fyrr fór stærri hluti af starfstíma dýralækna í að taka á móti heilbrigðum dýrum, einungis til að aflífa þau,“ segir Hallgerður um ástæður þess að Dýrahjálp Íslands var veitt viðurkenningin.



Hallgerður Hauksdóttir er formaður Dýraverndarsambands Íslands. Mynd /smh

### *Vilja að gæludýr megi fara í strætó*

Eftir veitingu viðurkenningarinnar voru ýmsar hliðar gæludýrahalds skoðaðar. Hallgerður greindi til dæmis frá niðurstöðu starfshóps á vegum stjórnar Strætós bs., þar sem unnin var greining á hvort leyfa ætti að farið sé með gæludýr í strætó á Íslandi. Fulltrúar í hópnum voru frá farþegaþjónustu, vagnstjórum og þvottastöð Strætós, Hollvinasamtökum Strætós, Kattavinafélagi Íslands og Hundaræktarfélagi Íslands, frá Astma- og ofnæmisfélagi Íslands, Dýraverndarsambandi Íslands og loks frá Félagi ábyrgra hundaeigenda.

Að sögn Hallgerðar leiddi greiningarvinnan margt athyglisvert í ljós. „Við vorum mörg sem störfuðum í þessum hópi – yfir tíu manns. Það var farið ofan í allar hliðar máls. Það sem kom auðvitað á óvart þegar við fórum að skoða þetta, er að gæludýr í almenningssamgöngum eru leyfð víðast hvar í nágrannalöndum okkar og í Norður-Evrópu. Við sendum fyrirspurnir á almenningssamgöngufyrirtækin og einnig á stærstu samgöngufyrirtækin sem eru einkarekin, til að athuga hvernig þetta hafi gengið og hvort þessu fyrirkomulagi hafi fylgt einhver vandamál. Í ljós kom að aðeins eitt atvik var skráð í Finnlandi þar sem hundur hafði valdið truflun, sem hlýtur að teljast merkilegt. Engar aðrar kvartanir um ofnæmi eða bit,“ segir Hallgerður.

### *Lítil hætta á auknu ofnæmi*

Starfshópurinn skoðaði einnig, að sögn Hallgerðar, mjög vel hættuna á auknu ofnæmi sem myndi fylgja breyttu fyrirkomulagi. „Frá 1994 voru lög með þeim hætti að gæludýrahald í fjölbýli var ekki leyft nema með samþykki allra íbúðaeigenda. Þetta virtist auka ofnæmi hjá Íslendingum langt umfram það sem finnst í öðrum löndum, enda var nóg að segjast vera með ofnæmi til að dýr þyrfti að víkja. Síðan var lögunum breytt fyrir nokkrum árum þannig að leyfi frá tveimur þriðju íbúðaeigenda dugir fyrir gæludýrahaldi í fjölbýli í dag. Það má segja að mál hafi almennt verið að þróast í átt að meira umburðarlyndi gagnvart gæludýrahaldi, enda eru gæludýr á um 40 prósent heimila á Íslandi. Það hefur líka verið sýnt fram á að það getur haft veruleg áhrif á lífsgæði gæludýraeigenda að geta ekki ferðast með dýrin sín, til dýralæknis til dæmis eða til lengri eða skemmri dvalar.



Frá málþingi Dýraverndarsambands Íslands um gæludýr, sem var haldið á dögunum. Þóra Jónasdóttir frá Matvælastofnun í pontu, en hún útskýrði af hverju það sé andstætt dýravelferð að halda hunda daga langa í litlum ferðabúrum. Mynd / Linda Karen Gunnarsdóttir

Dýraofnæmi veldur óþægindum sem er hægt að nota lyf við, en er ekki hættulegt nema í einstökum tilvikum ef viðkomandi einstaklingur er líka með slæman asma. Þá getur það verið varasamt. En það er nú svo að þeir einstaklingar sem eru með svo bráð vandkvæði ganga með sérstaka sprautu-penna til að bregðast við alvarlegum ofnæmisviðbrögðum eða verða alveg að sleppa því að nota almenningssamgöngur, burtséð frá gæludýrum.

Við gengum út frá því í tillögum hópsins að gæludýr yrðu að vera aftast í strætisvögnum og þau minni í búrum, en stærri hundar í ól. Það kom ýmislegt forvitnilegt í ljós eftir samtöl við sérfróða um ofnæmi. Líkurnar á ofnæmisviðbrögðum hjá manni með dýraofnæmi, eru ekki minni ef hann situr við hlið gæludýraeiganda sem skildi gæludýrið sitt eftir heima, en ef hann sæti framarlega í vagninum og gæludýraeigandinn væri með gæludýrið sitt aftast í vagninum,“ segir Hallgerður.

### *Málið komi í ráðuneytið*

Hún bendir á að þó að stjórn Strætós bs. hafi óskað eftir þessari vinnu starfshópsins þá hafi hún ekki sjálfdæmi í því að ákveða hvaða reglur gildi í vögnunum að þessu leyti. „Það eru lög um hollustuhætti og mengunarvarnir í gildi sem segja til um hvað sé leyfilegt í þessum efnum. Strætó bs. hefur nú þegar sent erindi til ráðherra og óskað eftir því að það verði skoðað að breyta reglum þannig að gæludýrum verði leyft að fylgja eigendum sínum í strætó. Við munum fylgja þessu vel eftir en við vitum ekkert hvenær þetta verður tekið fyrir,“ segir Hallgerður.



Valgerður Valgeirsdóttir tók við viðurkenningunni Dýraverndari ársins fyrir hönd Dýrahjálpar Íslands. Mynd / Linda Karen Gunnarsdóttir

Fleiri áhugaverð erindi voru flutt á málþinginu. Jón Ásgeir Kalmansson, nýdoktor í siðfræði, skoðaði nokkrar siðferðilegar hliðar á gæludýrahaldi, til að mynda hver á hvern – eigum við dýrin, eða eiga þau okkur? Dýr eru skilgreind sem skyni gæddar verur samkvæmt íslenskum lögum og þau hafa sínar þarfir og eðli. Er rétt eða rangt að halda gæludýr og hverjar eru siðferðilegar skyldur okkar gagnvart dýrunum?

Þóra Jónasdóttir, sérgreinadýralæknir gæludýra og dýravelferðar hjá Mast, útskýrði af hverju það sé andstætt dýravelferð að halda hunda daga langa í litlum ferðabúrum. Bann við því tók gildi með nýrri reglugerð um velferð gæludýra. Á málþinginu kom fram að það væri útbreiddur misskilningur að hundar vilji dvelja í slíkum búrum. */smh*

STRÚKTÚR




| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |

| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

# Innflutningur á kjöti jókst um 12,9% 2016

**Innflutningur á kjöti af nautgripum, svínum og alifuglum (kalkúnum og kjúklingum) árið 2016 nam samtals 2.931 tonni. Jókst innflutningurinn um 12,9% frá 2015 þegar hann nam 2.597 tonnum.**

Enn fremur voru flutt inn 287 tonn af unnum kjötvörum sem að uppistöðu er kjöt af fyrrnefndum tegundum. Þar varð lítils háttar samdráttur frá fyrra ári þegar innflutningur nam 305 tonnum.

Innflutt kjöt er að stærstum hluta beinlaust, þ.e. úrbeinað kjöt. Til að umreikna það til jafngildis við sölu á kjöti í heilum skrokkum hefur innflutningur verið umreiknaður í skrokka og er reiknað með að nýtingarhlutfall kjöts sé um 60% af skrokki.

Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessu nemur hlutdeild innflutts kjöts í heildarmarkaði 21% árið 2016. Þar við bætast svo unnar kjötvörurnar. Heildar kjötmarkaðurinn á árinu 2016 skiptist eins og sjá má í meðfylgjandi töflu á eftirfarandi hátt niður á kjöttegundir.

***Útflutningur til margra landa***

Alls voru flutt út 2.781,6 tonn af lambakjöti að verðmæti 1.826 milljónir króna. Meðalverðmæti fob nam 656 kr/kg. Útflutningur í magni er mestur til Bretlands en þangað fóru 810 tonn en um 80% af því eru fryst úrbeinuð lambaslög.

Til Noregs fóru 550 tonn, að stærstum hluta fryst lambakjöt í heilum skrokkum. Þriðja stærsta viðskiptalandið eru Færeyjar með 322 tonn. Í 4.–6 sæti. eru Spánn, Rússland og Bandaríkin í þessari röð. Af afurðum er útflutningur mestur á frystum úrbeinuðum slögum 27% og lambakjöt í heilum skrokkum, nýtt og fryst 28%.

Hrossakjöt var flutt út til 7 landa, alls 272 tonn að verðmæti 92 millj. kr. Útflutningur á skyri nam 1.261 tonni að verðmæti 491 m.kr. Um 450 tonn fóru til Sviss og 322 tonn til Bandaríkjanna.

Æðardúnn var fluttur út til 9 landa. Mikilvægasta landið er Japan en þangað fór 63% af framleiðslunni. Heildarútflutningur nam 3.382 kg að verðmæti 694 m.kr., eða rösklega 205.000 kr/kg. Þá nam útflutningsverðmæti minkaskinna 746 milljónum króna. /EB/HKr.

## Kjötmarkaðurinn 2016

| | Sala á innlendri framleiðslu | Innflutn.* | Sala alls | Hlutdeild innlendrar framleiðslu | Innflutningur |
|---|---|---|---|---|---|
| Alifuglakjöt | 8.919 | 2.045 | 10.964 | 81% | 19% |
| Svínakjöt | 6.132 | 1.713 | 7.845 | 78% | 22% |
| Nautakjöt | 4.377 | 1.124 | 5.501 | 80% | 20% |
| Kindakjöt | 6.797 | | 6.797 | 100% | 0% |
| Hrossakjöt | 505 | | 505 | 100% | 0% |
| Samtals | 25.073 | | 31.612 | 79% | 21% |
| Aðrar innfl. kjötvörur | | 287 | | | |

*Umreiknað til ígildis kjöts með beini sbr. texta



## Skógafoss:
# Tímabundin lokun göngustígs



**Álag á göngustígum við Skógafoss hefur verið gríðarlegt í vetur vegna mikils ferðamannastraums.**

Hlýindi og vætutíð hafa gert það að verkum að göngustígar hafa vaðist upp í leðju og hætta hefur verið á verulegum skemmdum á viðkvæmri náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun lokaði göngustígnum á Skógaheiði þann 9. desember síðastliðinn tímabundið fyrir ferðamönnum með það að markmiði að vinna að viðeigandi verndarráðstöfunum, t.d. með því að byggja þar upp malargöngustíg.

Ljóst er að framkvæmdir á Skógaheiði munu taka tíma og spilar veðráttan þar stórt hlutverk. Umhverfisstofnun hefur ákveðið að göngustígurinn verði lokaður næstu vikurnar, eða til 17. mars næstkomandi, eða þar til verndarráðstöfunum er lokið og óhætt verður að hleypa umferð fólks aftur inn á svæðið. Lokunin er samkvæmt 25. gr. a. laga um náttúruvernd. /MÞÞ


JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR




Massey Ferguson

Meiriháttar dráttarvélar fyrir meiriháttar bændur

Það er ekki að ástæðulausu að Massey Ferguson er ein mest selda dráttarvél undanfarinna ára.

Leitið tilboða hjá sölumönnum okkar og fáið sérsniðna vél að ykkar þörfum.

Til á lager MF5610 , MF5613 og MF6615

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

# STEKKUR

## Má bjóða þér kaffi?

**C8H10N4O2 er efni sem hefur mólmassann 194.19 grömm/mól. Efnið er vatnsleysanlegt og þegar það er hreint er það í formi hvítra kristalla, ekki ósvipað salti eða sykri. Efnið er notað til manneldis, eða réttara sagt hagkerfaeldis.**

Efnið er koffín, það efni sem við sækjumst eftir hvort sem við erum að fá okkur tjörusvartan uppáhelltan kaffibolla eða rjómalagaðan kaffi latté.

Kaffa heitir hérað eitt í Eþíópíu og sögur segja að forfeður þeirra sem byggja það hérað hafi fyrstir manna uppgötvað þá orkuauðlind sem kaffi er. Engin bein sönnunargögn eru fyrir því en saga sem fyrst var rituð á 16. öld segir frá geitasmala frá því fyrir Krist sem tók eftir auknu spennustigi meðal hjarðarinnar eftir að þær höfðu gætt sér á baunum kaffiplöntunnar.

Eftir að hafa náð tökum á flókinni stærðfræði og algebru ásamt því að kynna hana fyrir Evrópubúum á miðöldum fóru arabar líklega að drekka kaffi. Fyrstu áreiðanlegu heimildir fyrir kaffidrykkju eru frá því á 14. öld frá landinu Jemen. Það var þar sem kaffibaunir voru fyrst ristaðar eins og við þekkjum þær í dag.

Strax á 15. öld hafði kaffið náð útbreiðslu í Mið-Austurlöndum, Persíu, Tyrklandi og Norður-Afríku. Jemenar héldu þó markaðnum í heljargreipum með því að rista allar baunir sem fluttar voru frá landinu svo ekki væri möguleiki fyrir aðra að rækta plöntuna og verðfella jemenskar kaffibaunir. Svo gerðist það að árið 1670 smyglaði maður að nafni Bada Budan sjö kaffibaunum til Indlands og voru þær gróðursettar í Mysore, þar með lauk einokun Jemena á kaffibaunum.

Blómleg viðskipti Feneyja og Norður-Afríku á þessum tíma urðu svo til þess að kaffi barst til Ítalíu sem svo opnaði á flutningsleiðir til Evrópu allrar. Háværar raddir heyrðust úr samfélaginu sem börðust fyrir því að blátt bann yrði lagt á þennan íslamska drykk. Það var ekki fyrr en Klement VIII páfi lagði mat sitt á drykkinn árið 1600, sagði hann kristilegan, að drykkurinn varð viðurkenndur í samfélaginu. Fyrsta evrópska kaffihúsið opnaði árið 1645.

Kaffilaust var í Brasilíuborg allt þar til árið 1727 þegar portúgalskur sæfari smyglaði með sér plöntu frá Evrópu og var hún gróðursett í ríkinu Pará í norðurhluta Brasilíu. Kaffiframleiðsla í landinu var þó lítil þar til landið varð sjálfstætt árið 1822 og jókst þá gífurlega. Hins vegar var framleiðsla mjög mikil á Haítí og í kringum 1790 voru þeir með um helming alls kaffis í heiminum.

Á meðan á öllu þessu stóð drukku Bretar bara te.

Í mörgum löndum Afríku og ríkjum Mið-Ameríku er kaffi mikilvæg útflutningsvara í dag og lífibrauð tugmilljóna manna.

Hingað heim á Frón kom kaffi fyrst á 18. öld. Fyrst um sinn var kaffidrykkja ekki algeng og þekktist helst meðal yfirstéttarfólks, enda töluvert dýr vara á þeim tíma. Á miðri 19. öld hafði kaffidrykkja náð almennri útbreiðslu á Íslandi en enn var dropinn dýr. Fluttur var inn kaffibætir eða „eksport“ eins og hann var kallaður. Sem betur fer er það tímabil búið og óhindraður aðgangur að ódýru kaffi ætti í raun að vera skrifaður í stjórnarskrá.

*/Jóhannes Frímann Halldórsson.*

SKIPULAGSMÁL

# Meistaranám í skipulagsfræði



Sigríður Kristjánsdóttir
lektor – auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ
sigridur@lbhi.is

**Skipulagsfræði er sjálfstæð fræðigrein. Hún vann sér víða sess á fyrri hluta 20. aldar en er enn tiltölulega ung á Íslandi. Skipulagsfræði er þverfagleg fræðigrein, en henni tengist fjöldi annarra faggreina svo sem lögfræði, félagsfræði, hagfræði, landfræði, náttúrufræði, sagnfræði, arkitektúr og verkfræði.**




Mikill skortur hefur verið á skipulagsfræðingum á Íslandi og það hefur leitt til þess að ýmsir aðrir hafa verið að vinna við skipulagningu sveitarfélaga, þótt þekkingargrunninn í skipulagsfræði hafi oft vantað. Þetta þekkingarleysi á málaflokknum hefur oft orðið sveitarfélögunum dýrkeypt.

Eftir að hafa starfað við skipulagsráðgjöf, kennslu og sem skipaður héraðsdómari var mér ljóst að víða var pottur brotinn þegar kom að skipulagsmálum á Íslandi. Þá ákvað ég að vinna að því að auka þekkingarstigið á skipulagsfræði í landinu og setti á stofn meistaranám í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Meistaranámið í skipulagsfræði við LbhÍ var fyrst til að hljóta viðurkenningu frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands um að það uppfyllir menntunarkröfur félagsins. Menntunarkröfurnar eru byggðar á sambærilegum kröfum erlendra fagfélaga eins og RTPI, ECTP-CEU, AICP & APA.

*Nám í skipulagsfræði*

Námsbraut í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskólann er tveggja ára MS-nám og að loknu námi geta nemendur sótt um löggildingu sem skipulagsfræðingur. Skipulagsfræðingur er lögverndað starfsheiti samkvæmt lögum um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, nr. 8/1996.

Meginmarkmið námsbrautarinnar er að nemendur tileinki sér sérhæfingu skipulagsfræðings í að tvinna saman alla þá ólíku þætti sem koma að skipulagsgerð: náttúrufarslega, hagræna, félagslega, umhverfis-, lagalega og hagsmunatengda þætti.

Aðstæður á Íslandi eru um margt sérstakar og því er mikilvægt að skipulagsfræðingar sem starfa á Íslandi hafi aflað sér þekkingar á náttúrufari, veðurfari, samfélagi, hagkerfi, lagaumhverfi, tækni, menningu og sögu landsins. Námið er sniðið að íslenskum þörfum en fylgir engu að síður nýjustu stefnum í skipulagskenningum og fræðigreininni. Nemendur eru þjálfaðir í að beita megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum, rýmishönnun og hagnýtri nálgun við lausn skipulagsverkefna með samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila.

Námið samtvinnar faglega þætti skipulagsfræðinnar og íslenskar aðstæður með sjálfbæra þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. Námið veitir nemendum breiða og þverfaglega þekkingu á skipulagsfræði. Megináherslur í efni námskeiðanna er gagnrýnin skipulagshugsun þar sem blandað er saman námskeiðum um skipulagskenningar og fjölbreyttri aðferðafræði til að ná fram betri skipulagslausnum sem mynda ramma mannlífs og samfélags. Í náminu öðlast nemendur haldgóða þekkingu á skipulagsfræði sem atvinnugrein og geta unnið sjálfstætt að ráðgjöf, við lausn vandamála og að þróunarverkefnum á sviði skipulags. Valfrelsi í hluta námsins gefur tækifæri til að sækja nám við aðra háskóla, gjarnan erlendis, auk þess sem færi gefst á nokkurri sérhæfingu t.d. á sviði borgarskipulags og hönnunar, umhverfismála, eða stjórnsýslutengdra sérgreina.

Valgreinar tengjast því sviði sem nemendur vinna rannsóknarverkefnið sitt á og eru hugsaðar til að gera þá betur í stakk búna til að takast á við rannsóknina og auka þekkingu þeirra á því sérsviði. Að námi loknu ættu nemendur að vera í stakk búnir til að takast á við stjórn og skipulagsgerð, og jafnframt að geta metið afleiðingar ákvarðana sem teknar eru í skipulagi og vera stjórnvöldum skipulagsmála til leiðbeiningar í þeim efnum.

*Umsóknir*

Þeir sem lokið hafa BS eða BA prófi geta sótt um inngöngu í námið. Þó eru gerðar ákveðnar forkröfur. Ef nemandinn uppfyllir ekki þær kröfur, þá verði honum gert kleift að taka þau námskeið sem á vantar á fyrsta skólaárinu – samhliða meistaranáminu. Allar forkröfur verða þó að hafa verið uppfylltar áður en neminn færist yfir á annað ár. Þannig gefst nemendum kostur á að þétta þekkingargrunn sinn í MS náminu.

Umsóknarfrestur er til 5. júní, 2017, nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans lbhi.is.

# Skipulagsverðlaunin 2016

**Skipulagsverðlaunin 2016 voru afhend þann 14. febrúar 2017 í Hannesarholti, Reykjavík. Skipulagsfræðingafélag Íslands (SFFÍ) veitir skipulagsverðlaun annað hvert ár til sveitarfélaga, stofnana eða einkaaðila sem hafa skarað fram úr á sviði skipulagsmála og lagt sitt af mörkum til að bæta og fegra umhverfi í þéttbýli eða dreifbýli með faglegri skipulagsgerð.**



Verðlaun og viðurkenningu frá Skipulagsfræðingafélagi Íslands hlutu frá hægri: Sigríður Magnúsdóttir og Hans-Olav Andersen Teiknistofunni Tröð, Trausti Valsson, Myrra Ösp Gísladóttir og Gunnar Ágústsson.



Markmið verðlaunanna er að hvetja til umræðu, auka skilning á skipulagsmálum og vekja athygli á því besta sem er að gerast á sviði skipulags á hverjum tíma.

Í ár var áhersla lögð á endurnýjun svæða. Leitað var eftir skipulagsgerð þar sem unnið var með breytta landnotkun og/eða nýtingu og/eða starfsemi á þegar byggðu svæði. Við mat á tillögum var litið til þess hvernig faglega unnin skipulagsgerð getur styrkt staðaranda, nærumhverfi og samfélög.

*Vogabyggð - svæði 2 hlaut Skipulagsverðlaunin 2016*

Þarna er verið að umbreyta iðnaðarsvæðinu í Vogahverfinu í Reykjavík í íbúðar- og þjónustusvæði. Deiliskipulagið er unnið af Teiknistofunni Tröð, Jaakko van't Spijker (Hollandi) og Felixx (Hollandi). Í umsögn dómnefndar segir:

„Deiliskipulagið Vogabyggð er vel unnið og uppfyllir mjög vel skilmála verðlaunanna. Iðnaðarsvæði er umbreytt í íbúðar- og þjónustusvæði á sannfærandi hátt. Góð lausn sem setur fram spennandi og nútímalega borgarsýn en leysir einnig vel úr töluverðu flækjustigi. Þétt fjölbreytt byggð þar sem gert er ráð fyrir öllum ferðamátum og almenningssvæðum er gert hátt undir höfði. Tengingar yfir Sæbrautina eru ekki sannfærandi í gögnum deiliskipulagsins en Sæbrautin liggur utan deiliskipulagssvæðis. Gott samspil er á milli núverandi mannvirkja á svæðinu og nýrrar byggðar. Vel er hugað að staðaranda og náttúru auk þess að nærumhverfi Elliðaánna er nálgast á varfærinn en skapandi hátt. Tillagan vinnur markvisst með leiðarljós aðalskipulags Reykjavíkur sem endurspeglast í skýrri stefnu deiliskipulagsins. Sú stefna skilar sér einnig á sannfærandi hátt í skilmála. Auðvelt er að sjá fyrir sér að endanleg uppbygging Vogabyggðar geti orðið mikilvæg fyrirmynd fyrir önnur sambærileg þróunarsvæði.“

*Heiðursverðlaun*

Sérstök heiðursverðlaun voru veitt eftir tillögu dómnefndar. Þau hlaut dr. Trausti Valsson fyrir framlag sitt til skipulagsmála á Íslandi í gegnum árin.

Trausti Valsson lét af störfum sem prófessor í byrjun síðasta árs eftir að hafa kennt skipulagsfræði við Háskóla Íslands í 27 ár, síðustu 15 árin sem prófessor.

Fjölmargar blaða- og fræðigreinar liggja eftir Trausta auk þess sem hann hefur skrifað 11 bækur og að auki 3 þeirra í enskri þýðingu hans.

Hann hefur vakið athygli á skipulagsmálum með frumlegum, framsýnum og ögrandi hugmyndum sem hafa ýtt undir frekari umræðu um skipulagsmál á Íslandi.

*Nemendaverðlaun*

Þá voru veitt verðlaun til nemendaverkefna en þau hlaut Myrra Ösp Gísladóttir fyrir meistararitgerðina Mat á gæðum aðalskipulagsáætlana – Notagildi gátlista við aðalskipulagsgerð. Myrra varði meistararitgeð sína við Landbúnaðarháskóla Íslands haustið 2015. Leiðbeinendur voru dr. Sigríður Kristjánsdóttir og Hjalti Steinþórsson hrl. Prófdómari var dr. Bjarni Reynarsson. Ritgerðin fjallar um notkun gátlista við aðalskipulagsgerð í þeim tilgangi að bæta gæði þeirra. Dómnefnd taldi viðfangsefni ritgerðarinnar athyglisvert sem getur nýst vel við skipulagsgerð og gott innlegg í umræðuna um bætt verklag við gerð aðalskipulagsáætlana.

Skipulagsverðlaunin eru annars vegar veitt fyrir skipulag, þ.e. skipulagstillögu eða staðfest skipulag og hins vegar fyrir sérstök og afmörkuð verkefni í tengslum við skipulag, svo sem frumkvöðlastarf og nýbreytni eða miðlun upplýsinga um skipulagsmál, svo eitthvað sé nefnt.

Dómnefnd skipulagsverðlaunanna 2016 var skipuð af:

- Gunnar Ágústsson, formaður SFFÍ, var formaður dómnefndar, tilnefndur af
- Skipulagsfræðingafélagi Íslands,
- Erla Bryndís Kristjánsdóttir, tilnefnd af Félagi íslenskra landslagsarkitekta,
- Guðrún Guðmundsdóttir, tilnefnd af Skipulagsfræðingafélagi Íslands,
- Páll Hjaltason, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
- Þórarinn Hjaltason, tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands.
-

Til hamingju með viðurkenninguna fyrir vel unnin störf. Vonandi verður þetta öðrum hvatning til að vinna gott skipulag og hljóta skipulagsverðlaunin einn góðan veðurdag. /SK


BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM
NÝJUNG
VATNSRÁS
LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR
VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR
STJÖRNUBLIKK
Snögg og góð þjónusta!
Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is


EDDA
HEILDVERSLUN
Stofnsett 1932
Rúmföt og lök
Handklæði
Sængur og koddar
Sloppar og inniskór
Allt lín fyrir:
Hótelið - Gistiheimilið - Bændagistinguna - Airbnb
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 525 8210
eddaehf@eddaehf.is www.eddaehf.is


STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS
FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM LAND ALLT
15% AFSLÁTTUR AF STEINUM Í FEBRÚAR OG MARS
BYGGT Á ÁRATUGA REYNSLU
LEGSTEINAR / STUÐLABERG / SALTLAMPAR
Steinsmiðja Akureyrar - minnismerki.is - sala@minnismerki.is
Sími 466 2800 - gsm 899 9370


GLER Í ÖLLUM LITUM
STÆRÐUM OG ÚTFÆRSLUM
GEFÐU HEIMILINU NÝTT LÍF Á EINFALDAN HÁTT
Framúrskarandi fyrirtæki
ÍSPAN
GLER OG SPEGLAR
WWW.ISPAN.IS


Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a.
þvottavélar • þurrkara • strauvélar
Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótel og gistiheimili
Eigum
hágæða
þýskt hótellín
FRUM - www.frum.is
DANUBE
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavík • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is


BÍLSKÚRA- OG
IÐNAÐARHURÐIR
Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum
Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum,
með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi
Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

## Fréttir af FEIF-þingi:

# Nýjar vinnureglur við kynbótadóma

**Ársfundur FEIF (alþjóðasamtaka Íslandshestafélaga) var haldinn 3.–4. febrúar og að þessu sinni í Finnlandi. Fjölmargir fulltrúar frá aðildarlöndum FEIF sóttu fundinn og þótti hann takast vel.**

Á aðalfundi FEIF og einnig á sérstökum fundi ræktunarleiðtoga FEIF-landanna var rætt um fjölmörg atriði er varða ræktunarmál; m.a. skipulag kynbótasýninga, nafngiftir hrossa og nýjar vinnureglur við kynbótadóma sem taka gildi strax í vor.

*Nýjar vinnureglur við kynbótadóma*

Tvær nýjar vinnureglur við kynbótadóma sem komu frá fagráði í hrossarækt voru teknar til umræðu á þinginu. Þær voru báðar samþykktar og taka því gildi strax í vor. Fyrri vinnureglan á við dóma á vilja og geðslagi. Það hefur verið í gildi vinnuregla sem segir að fari hrossið ítrekað lengra en afmörkun brautar segir til um geti það haft áhrif á dóma á vilja og geðslagi. Þetta hefur ekki þótt nægilega skýr regla og ekki nógu vel til þess fallin að dómnefndir meðhöndli á samræmdan hátt þegar hrossi er riðið ítrekað lengra en afmörkun brautar segir til um. Ástæðan fyrir þessari reglu er sú að gera dómnefndum betur kleift að sjá þegar hrossið er hægt niður í enda brautar og snúið við en það er mikilvægt við mat á þjálni. Ef hrossinu er riðið lengra en afmörkun brautarinnar sjá dómarar ekki niðurhægingar og viðsnúninga nægilega vel og að sjálfsögðu merki um óþjálni sé ekki hægt að hægja hrossið niður og snúa við innan brautar. Því hefur verið ákveðið að taka í gildi skýrari reglu um þetta atriði til að bæta mat á vilja og geðslagi. Reglan er sem hér segir:

Til að bæta mat á samstarfsvilja og þjálni skal, fyrir hærri einkunnir fyrir vilja og geðslag, horft til þess að hrossið sé hægt niður á fet í viðsnúningum á brautarendum. Ef ekki er hægt að hægja hrossið niður og snúa við innan afmörkunar brautarinnar, þá er 8.0 hámarks einkunn fyrir vilja og geðslag. Þó má gera undantekningu þegar um sýningu á mjög greiðu stökki og skeiði er að ræða svo fremi að niðurhægingin sé mjúk og átakalaus. Hverfi hross úr sjónsviði dómara eða sýnir mikla óþjálni er 7.0 hámarkseinkunn fyrir vilja og geðslag. Til að hljóta hækkun fyrir vilja og geðslag á yfirlitssýningu þarf að sýna greinilega fram á að hægt sé að hægja hrossið mjúkt og átakalaust niður innan afmörkunar brautarinnar.



**Smá ágreiningur.** Mynd / HKr.

Það er merki um þjálan og mikinn vilja ef hægt er að hægja niður á fet á flestum gangtegundum í enda brautar og spinna hrossið upp til afkasta endurtekið í plús og mínus átt hestsins. Það skal því horft til þess ef hinar hærri einkunnir eru gefnar. Hámarkseinkunn er sett sem 8.00 sé hrossinu riðið út fyrir afmörkun brautar en það er gert vegna þess að þá sér dómnefndin viðsnúninga í brautarendum ekki nægilega vel og takmarkar matið á þjálni hestsins. Undantekningu má gera á þessari reglu ef hrossinu er riðið til mikilla afkasta á skeiði og stökki. Það er gert til að bjóða afrekshrossum, ungum sem eldri, möguleika á hestvænum niðurhægingum. En það er að því gefnu að hraðinn sé afar mikill og niðurhægingin eigi sér að mestu stað innan brautar.

Hvað varðar mat á skeiði var ákveðið að bæta við nýrri vinnureglu en hún er þessi:

Þegar einkunnir 8.5 eða hærri eru gefnar fyrir skeið skal hestinum greinilega riðið á stökki í aðdraganda skeiðsins og hann tekinn niður á skeið af stökki. Einnig skal horft til þess að hesturinn sé í jafnvægi í niðurhægingu.

Þessi regla er sett til þess að bæta mat á skeiði; takti og líkamsbeitingu hestsins á skeiði. Tölt og skeið eru líkar gangtegundir að svo mörgu leyti og því er til bóta við mat á skeiði að sjá að hægt sé að losa aðeins um hestinn á stökki áður en hann er tekinn niður á skeið. Það skilur á milli hesta sem eru snjallvakrir og eiga auðvelt með líkamsbeitingu (snið) sem skilar svifi og þeirra hrossa sem þarf að stífa af og renna inn í skeið af tölti til að sækja svif í gangtegundina. Einnig er þetta íslensk reiðhefð og krafa sem gerð er til hrossa í keppni til hærri einkunna; hvort sem það er í fimmgangi, gæðingakeppni eða gæðingaskeiði. Hugmyndin með því að fara fram á að hesturinn sé í jafnvægi í niðurhægingu er ekki sú að fara fram á útfærslu á skeiðsprettum líkt og í gæðingaskeiði, heldur að sjá að hesturinn sé í andlegu og líkamlegu jafnvægi á skeiðinu og hvellstytti sig ekki í enda spretts.

*Skipan dómnefnda*

Þá var formlega samþykkt breyting á reglum FEIF um skipan formanna í dómnefndir á kynbótasýningum um heim allan. Þessi nýja regla kveður á um að skipaður verði hópur 12 dómara og verður nauðsynlegt að velja einhvern úr þessum hópi til að gegna formennsku í hverri dómnefnd. Valið mun byggja á reynslu þeirra og þekkingu og verður þessi hópur valinn af kynbótadómaranefnd FEIF til tveggja ára í senn. Þetta er stórt skref í átt að enn betra samræmi í dómstörfum á milli sýninga og landa og tryggir viðunandi reynslu í hverri dómnefnd.

*Nafngiftir hrossa*

Einnig var samþykkt regla um nafngiftir íslenskra hrossa en ákveðið var að öll FEIF-löndin sameinist um að halda í þá hefð að skíra íslensk hross íslenskum nöfnum. Það hefur reyndar verið í gildi sú regla fyrir skráningar í WorldFeng að nöfn hrossa skuli samræmast íslenskri nafnahefð en ákveðið var að herða aðhaldið í kringum þessi mál og taka í gildi skýrari reglu. Í WorldFeng er nafnabanki með fleiri þúsund nöfnum sem sífellt er í vinnslu og verið að bæta góðum og gildum nöfnum þar inn. Við grunnskráningu hrossa í heimarétt er hægt að skrá nöfn sem eru í nafnabankanum en ef þau eru ekki þar þurfa skrásetjarar WorldFengs að sjá um skráninguna. Þar er því ákveðin sía en gildum nöfnum sem hugmynd kemur um verður svo bætt jafnóðum í bankann. Miðað við nafnareglur hjá mörgum öðrum hestakynjum er þetta afar einföld regla og setur ræktendum lítil takmörk hvað nafngiftir varðar. Hún er sem hér segir:

Hestaeigendur geta skráð nafn á hross sín í WorldFeng. Hross verður að nefna áður en þau eru sýnd í kynbótadómi eða í keppni sem er skráð í WorldFeng og því nafni er ekki hægt að breyta eftir þetta. Nafni er ekki hægt að breyta eftir að hrossið hefur eignast skráð afkvæmi. Hestaeigendur geta haft nafnabanka WorldFengs til viðmiðunar við nafngjöf, en sé það nafn sem þeir hafa í huga ekki í nafnabankanum geta þeir sótt um leyfi fyrir nafninu hjá skrásetjurum WorldFengs og nafni sem hlýtur samþykki er bætt í nafnabankann. Eftirtaldar reglur gilda um nöfn á hrossum sem skráð eru í WorldFeng:

- Nafnið þarf að vera í samræmi við íslenskar reglur og hefðir um nafngiftir.
- Nafnið þarf að geta tekið íslenskri eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli.
- Nafnið má ekki brjóta í bága við íslenskt málkerfi.
- Nöfn þurfa að vera í karlkyni fyrir stóðhesta/geldinga og í kvenkyni fyrir hryssur, hvorugkyns orð eru ekki leyfileg sem nöfn.
- Nöfn sem innihalda skammstafanir eru ekki leyfileg.
- Nöfn sem eru ruddaleg eða hafa klúra meiningu, nöfn sem þykja ekki smekkleg eða eru dónaleg gagnvart trúar-, eða þjóðfélagslegum hópum eru ekki leyfð.

Hérna hafa verið tíundaðar nýjar vinnureglur við kynbótadóma sem verða vonandi til bóta fyrir dómkerfið og til þess fallnar að skila okkur enn betri upplýsingum um eðlisgæði hrossanna. Af öðru sem fram fór á fundinum má nefna að Heimir Gunnarsson var kosinn í kynbótadómaranefnd FEIF í stað Guðlaugs Antonssonar sem gaf ekki kost á sér áfram. Þá kynnti Kristín Halldórsdóttir, formaður skrásetjaranefndar WorldFengs, vinnu nefndarinnar. Hún vinnur m.a. að samræmingu á vinnubrögðum við skrásetningu á hrossum í WorldFeng. Þá kynnti Jón Baldur Lorange ársskýrslu WorldFengs. Áskrifendum að WorldFeng hefur fjölgað nú á hverju ári undanfarið og nú eru þeir um 21.000 manns í 24 löndum en heimsóknir í gagnagrunninn voru rúmlega 830.000 á síðasta ári. Þá er gaman að geta sagt frá því að snjalltækjavæðing WorldFengs er í fullum gangi og stefnt er að fyrstu útgáfu af WorldFengs appi í apríl 2017.

***Þorvaldur Kristjánsson.***

## Landsmót hestamanna 2018 verður haldið í Reykjavík:

# Áskell Heiðar Ásgeirsson ráðinn framkvæmdastjóri

**Ný stjórn Landsmóts hestamanna, sem fram fer í Reykjavík 2018, hefur ráðið Áskel Heiðar Ásgeirsson framkvæmdastjóra mótsins.**

Áskell Heiðar er menntaður landfræðingur frá Háskóla Íslands, með diplómu í opinberri stjórnsýslu frá HÍ og MA gráðu í ferðamálafræði og viðburðastjórnun frá Háskólanum á Hólum og Leeds Metropolitan University.

Áskell Heiðar hefur skipulagt fjölda viðburða hérlendis á undanförnum árum t.d. tónlistarhátíðina Bræðsluna, auk þess að stýra Landsmóti hestamanna sem fram fór á Hólum í Hjaltadal sl. sumar. Þá kennir hann einnig viðburðastjórnun og ferðamálafræði við Háskólann á Hólum og Háskóla Íslands.

*Fákur mun alfarið sjá um mótshaldið*

Mótið mun marka ákveðin tímamót í rekstri Landsmóta, en þetta verður í fyrsta sinn sem Landssamband hestamannafélaga mun ekki sjá um mótið, heldur mun hestamannafélagið Fákur sjá alfarið um mótshaldið með dyggum stuðningi Reykjavíkurborgar líkt og á síðustu Landsmótum sem haldin hafa verið í Reykjavík.



**Áskell Heiðar Ásgeirsson er lengst til vinstri á myndinni, en með honum er stjórn Landsmóts hestamanna 2018 og hluti meðstjórnenda. Í stjórninni eru Sigurbjörn Magnússon formaður, Hjörtur Bergstað, varaformaður og Ingibjörg Guðmundsdóttir, ritari. Meðstjórnendur eru Katrín Pétursdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, Haukur Baldvinsson, Áshildur Bragadóttir og Hrólfur Jónsson.**

Fákur hefur stofnað sérstakt félag, LM 2018 ehf., og skipað því sérstaka stjórn sem mun stýra skipulagningu mótsins, en í henni sitja; Sigurbjörn Magnússon, formaður, Hjörtur Bergstað, varaformaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir, ritari og meðstjórnendur eru Katrín Pétursdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, Haukur Baldvinsson, Áshildur Bragadóttir og Hrólfur Jónsson.

Búist er við miklum fjölda gesta á Landsmótið sem fram fer fyrstu vikuna í júlí 2018 og að sögn Áskels Heiðars verður fyrsta verkefni að undirbúa sölu á aðgöngumiðum og pökkum fyrir erlenda gesti þar sem hægt verður að kaupa gistingu með aðgöngumiðunum. Þá mun nú fara af stað vinna við að virkja þann mikla kraft sem býr í hestamönnum og koma af stað starfshópum sem taka að sér ákveðin verkefni í undirbúningi mótsins.

„Landsmót er samvinnuverkefni þar sem mjög margir leggja hönd á plóg og hér í Reykjavík eins og víða annars staðar er til mikill mannauður og mikil þekking á svona mótahaldi, það verður mitt stærsta verkefni á næstu mánuðum að virkja þennan mannauð,“ segir Áskell Heiðar.

Landsmótið í Reykjavík verður það 23. í röðinni en það fyrsta var haldið á Þingvöllum árið 1950. Síðast fór Landsmót hestamanna fram í Reykjavík árið 2012.

# Bætiefni - fyrir sauðfé



## HIMAG
**Himag fata 20 kg**
**Verð: 5.520 kr.**
Magnesíumfata fyrir kýr og kindur auðug af steinefnum og vítamínum



## Saltsteinn
**FW vítamínsteinn 10 kg**
**Verð: 1.498 kr.**
Vítamínbættur steinefnasteinn sem hentar sérstaklega vel fyrir sauðfé




## Steinefna-blanda
**Biggi-141 steinefnablanda 25 kg**
**Verð: 5.109 kr.**
Steinefnablanda fyrir nautgripi og kindur

## ADE60-Se
**ADE60-Se 5 ltr.**
**Verð: 7.173 kr.**
**ADE60-Se 20 ltr.**
**Verð: 28.490 kr.**
Fljótandi A,D,E vítamín- og selengjafi sem má úða á heyin eða blanda í drykkjarvatn






## Saltsteinn
**Alhliðasteinn 2 kg / 10 kg**
**Verð: 316 / 750 kr.**
Saltsteinn fyrir allan búfénað

**Öll verð eru með vsk.**

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lyngháls | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

LÍFLAND

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
**Næsta blað kemur út 9.mars**



# Árleg fundarferð um landið

Almennir fundir í fundarröð Félags hrossabænda og Fagráðs í hrossarækt um málefni hestamanna hefjast fljótlega. Helstu málefni sem tekin verða fyrir á fundunum eru m.a. eftirfarandi:

- Félagskerfi Félags hrossabænda.
- Markaðsmál.
- Þróun ræktunarmarkmiðs í hrossarækt og dómskala.
- Nýjungar í skýrsluhaldinu.
- Nýjungar í kynbótadómum.

Eins og sjá má verður margt áhugavert á döfunni.

Með fulltrúum Félags hrossabænda og fagráðs, þeim Sveini Steinarssyni formanni Félags hrossabænda og fagráðs og Þorvaldi Kristjánssyni, ábyrgðarmanni í hrossarækt verður fulltrúi Landssambands Hestamannafélaga og munu þau verða frummælendur fundanna.

Fundirnir verða haldnir um allt land en þeir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

| | | |
|---|---|---|
| *1. mars miðvikudagur* | *V-Húnavatnssýsla - Gauksmýri* | *kl. 20:30.* |
| *2. mars fimmtudagur* | *Eyjafjörður - Reiðhöllin á Akureyri* | *kl. 20:00.* |
| *3. mars föstudagur* | *Skagafjörður - Tjarnarbær/reiðhöllin* | *kl. 20:00.* |
| *9. mars fimmtudagur* | *Vesturland – Hvanneyri* | *kl. 20:30.* |
| *10. mars föstudagur* | *Egilsstaðir - Kaffi Egilsstaðir* | *kl. 20:00.* |
| *11. mars laugardagur* | *Höfn í Hornafirði - Fornustekkar Folaldasýning í framhaldinu.* | *kl. 11:30 til 13:00.* |
| *15. mars miðvikudagur* | *Suðurland – Hliðskjálf á Selfossi* | *kl. 20:00.* |

Hvetjum hestamenn og hrossaræktendur til að fjölmenna á fundina og nýta tækifærið til að kynna sér verkefnin og leggja sitt til málanna.

# Til sölu!

Fjölbreytt úrval af notuðum vörum á hagstæðu verði

## Innréttingar
Innréttingar í eldhús og baðherbergi, móttaka, fataskápar o.fl.







## Stúka
Fjöldi sæta 644 í 15 röðum.
Auðvelt að setja saman og taka niður.
Stúkan selst í heilu lagi eða minni einingum.
Hagstætt verð eða kaupleiga.



## Skilrúm, salerni, þvagskálar og vaskar
Uppsett en nánast ónotað. Tilvalið fyrir ferðaþjónustuaðila.





Antik fulningahurðar - kæliborð fyrir salladbar borðbúnaður - gastrobakkar - diskarekki með hitaelementi -hitaborð fyrir átta gastrobakka OLIS gaseldavél - AEG innbyggður örbylgjuofn þvottavél - Comenda uppþvottavél - veggljós loftljós - ljós í kerfisloft - kerfisloft notað og nýtt loftræstibúnaður - lagnarennur - lagerhillur gólflísar - dekk - skrifborð - skúffuskápar líkamsræktartæki - fataslár - ræstivagnar

Nánari upplýsingar í síma 664 6555
eða á netfangið ornaehf@gmail.com

FRÉTTASKÝRING

## Samkeppnin um ræktarland og vatn í heiminum fer harðnandi:

# Skapar óvissu en líka mikil tækifæri fyrir Ísland sé rétt haldið á spöðum

## – Miklar áskoranir fyrir landbúnað en um leið umhugsunarefni hvernig menn hyggjast tryggja fæðuöryggi þjóða

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Öruggt þykir að árið 2017 muni verða ár mikillar óvissu fyrir bændur í Evrópu og víðar um heim. Stórþjóðir eins og Kínverjar og Rússar spila stóra rullu í heildarsamhenginu í viðskiptum með landbúnaðarafurðir.**

Kínverjar eru ekki og munu ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, samkvæmt tölum FAO, verða sjálfum sér nægir á sviði fæðuöflunar. Þeir verða því að takast á við aðrar þjóðir um mat, fóður og vatn á heimsmarkaði. Það felur bæði í sér mikil tækifæri fyrir ýmsar þjóðir eins og Íslendinga, en um leið alvarlega vankanta og hættu á átökum, þar sem aðgengi að ræktarlandi og vatni fer þverrandi í heiminum.

### *Tækifæri íslenskra bænda háð ákvörðunum stjórnvalda*

Aukin eftirspurn eftir kjöti og öðrum tegundum matvæla gæti skapað íslenskum bændum mikil og dýrmæt tækifæri í framtíðinni. Það veltur þó á því að stjórnvöld sjái til þess að íslenskur landbúnaður fari ekki halloka í samkeppninni við innflutning í því umróti sem nú á sér stað.

Ef einhverjar greinar leggjast af, t.d. vegna uppstokkunar á tollum og stuðningskerfi landbúnaðarins mun um leið glatast bæði þekking og reynsla. Þá verður ekki hrist fram úr erminni að setja þær greinar í gang að nýju þegar á þarf að halda. Þetta getur skipt sköpum þegar rætt er um fæðuöryggi þjóðarinnar. Þar eru bæði svínakjötsframleiðsla og alifuglarækt mjög mikilvægir hlekkir auk sauðfjár-, nautgripa- og hrossaræktar.

### *Vandræði í Evrópu kveikti gróðavon á Íslandi*

Í kjölfar uppstokkunar á landbúnaðarkerfi ESB, aflagningu mjólkurkvóta í apríl 2015 og viðskiptabanni við Rússa varð offramboð á mjólk, kjöti og ýmsum öðrum landbúnaðarafurðum. Þetta er ástand sem fáa óraði fyrir. Á Íslandi sáu sumir þetta í dýrðarljóma og tækifæri til að ná fram verulegri framlegð með innflutningi á ódýru kjöti í stórum stíl. Var mikil pressa sett á stjórnvöld um að haga sér samkvæmt því.

Úti í Evrópu urðu ekki allir eins kátir. Þúsundir bænda hafa orðið gjaldþrota og dýrmæt þekking og reynsla horfið út úr landbúnaðinum. Bændur hafa mótmælt stöðunni um alla Evrópu, meðal annars margsinnis við höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel í Belgíu, síðast nú í janúar. Þá dældu þeir m.a. mjólkurdufti við innganginn til að mótmæla lágu mjólkurverði, minnkandi stuðningi innan CAP og viðskiptabanninu við Rússa.

Yfirvöld í Evrópusambandinu hafa brugðist við offramleiðslu með því m.a. að kaupa upp miklar birgðir af mjólkurdufti og taka það þannig út af markaðnum. Franskir bændur segja mikla hræsni fólgna í þessu því á sama tíma hafa þeir selt mjólkurduftið til að framleiða ódýrt jógurt og annað til að selja í Cameroon, Gíneu-Bissao, Máritaníu, Senegal, Gana og Tongo. Þessi framleiðsla er seld þar langt undir því verði sem bændur í viðkomandi ríkjum



Úr kjúklingasláturhúsi í Þýskalandi. Mynd /HKr.



Franskir bændur mótmæla í Brussel.

geta keppt við. Bent er á að ESB sé í raun með þessu að eyðileggja landbúnaðinn á þessum stöðum í nafni neyðaraðstoðar til að draga úr fátækt.

### *Ódýr matur ekki lengur sjálfsagt mál*

Nú sjá menn fram á að staðan muni breytast og óheft aðgengi að ódýrum mat og vatni sé ekki lengur sjálfsagt mál. Fyrirséð er að samkeppni á þessu sviði muni aukast stórlega og í framtíðinni muni baráttan um mat og vatn verða efst á blaði þjóðarleiðtoga um allan heim. Ástæðan er minnkandi aðgengi að ræktarlandi og þverrandi grunnvatnsbirgðir á stórum svæðum. Þetta er því spurning um hvernig þjóðir heims geti tryggt sitt fæðuöryggi í framtíðinni.

Samkvæmt úttekt framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa vandræði við að halda gengi gjaldmiðla stöðugu sem og lágt olíuverð og minnkandi kaupgeta í kjölfar kreppunnar 2008 orðið til þess að kornverð hefur verið lágt á heimsmarkaði. Það hefur haft áhrif til lækkunar á kjötverði. Lágt matvælaverð og offramboð á mjólk og mjólkurafurðum í löndum ESB mun þó varla vara til frambúðar.

Það hafði m.a. mikil áhrif á útflutning ESB á osti að Rússar eru ekki lengur meðal kaupenda vegna viðskiptabannsins. Fyrir bannið keyptu Rússar um 30% af öllum osti sem fluttur var út frá ESB-löndum. Svipaða sögu er að segja af viðskiptum með svínakjöt og fleiri afurðir.

Efnahagsvöxtur í ESB-ríkjunum hefur verið lítill, en sá vöxtur sem þó hefur verið, eða um 1,9%, stafar að miklu leyti af lágu olíuverði. Á undanförnum vikum hefur olíuverð verið á uppleið og kostnaður landbúnaðarins eykst að sama skapi. Mikil gjaldþrot í landbúnaði í Evrópu vegna lágs afurðaverðs mun óhjákvæmilega leiða til samdráttar í framleiðslu á þessu ári.

### *Aukin pressa á heimsmarkaði*

Hinn hollenski Rabobank metur það samt svo að kjötverð haldist áfram lágt um sinn, þar sem nautakjötsframleiðsla heimsins haldi enn í við eftirspurn. Aukinn innflutningur Kínverja á svína- og nautakjöti muni, að mati Rabobank, þó setja verulega pressu á heimsmarkaðinn. Til viðbótar því sé nú uppi krafa um að draga úr nautakjötsframleiðslu til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig auknar heilsufarsáskoranir og kröfur um að draga úr notkun sýklalyfja sem vaxtarhvata. Þetta setji enn meiri þrýsting á kjötmarkaðinn.

### *61 milljón tonna af nautakjöti*

Samkvæmt tölum USDA er nautakjötsframleiðsla heimsins áætluð 59,4 milljónir tonna á þessu ári en framleiðslan er 61,3 milljónir tonna mælt í heilum skrokkum. Á bak við þessa framleiðslu er hjörð sem telur um einn milljarð gripa. Flestir eru þeir á Indlandi, eða um 303 milljónir. Þá kemur Brasilía með 226 milljónir, Kína er með um 100 milljónir og Bandaríkin með ríflega 93 milljónir gripa.

### *111 milljón tonn af svínakjöti*

Samkvæmt spá USDA fer svínakjötsframleiðsla heimsins í 111 milljón tonn á þessu ári. Mun aukin framleiðsla aðallega vera drifin áfram af Kínverjum, en einnig af Bandaríkjunum, Brasilíu og Rússlandi. Áætlað er að Kínverjar framleiði 53,7 milljónir tonna af svínakjöti á þessu ári, en öll lönd Evrópusambandsins samtals rúmlega 23 milljónir tonna. Þar á eftir koma Bandaríkin með 11,7 milljónir tonna. Áætluð svínakjötsneysla Kínverja á þessu ári er tæplega 56 milljónir tonna.




### *90 milljón tonn af kjúklingakjöti*

Heildarframleiðsla kjúklingakjöts í heiminum er áætluð 90,4 milljónir tonna á þessu ári sem er um 1% aukning frá fyrra ári. Er þá miðað við tilbúið kjöt til matreiðslu. Kjúklingakjötsframleiðsla Kínverja mun eitthvað dragast saman á þessu ári og er talin fara úr 12,7 milljónum tonn í 11,5 milljónir tonna. Eru það svipaðar tölur og þróunin er í kjúklingakjötsneyslu Kínverja. Verða Kínverjar samt áfram mestu neytendur kjúklingakjöts á heimsvísu eins og undanfarin ár. Næst koma ESB-löndin með 10,7 milljónir tonna í áætlaða neyslu og framleiðslu upp á 11,3 milljónir tonna.

### *Átökin um Úkraínu hafa áhrif*

Rússar hafa í gegnum tíðina verið miklir matvælaframleiðendur en eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur kom los á kerfið og það dró úr framleiðslu. Voru þeir orðnir talsvert háðir innflutningi á landbúnaðarafurðum, m.a. frá Evrópu, þegar viðskiptabannið var sett á. Þetta bann leiddi til þess að mörkuð var sú stefna af stjórnvöldum í Rússlandi að Rússar yrðu sjálfum sér nægir um landbúnaðarafurðir árið 2020.

Viðskiptastríðið hefur þegar reynst evrópskum bændum dýrkeypt, enda geta þeir ekki lengur treyst á öruggan markað í Rússlandi. Það hefur ekki síst komið illa við franska, þýska, hollenska, danska og finnska bændur. Ef Rússar ná markmiði sínu, þá er Rússlandsmarkaður trúlega gengin evrópskum bændum úr greipum til langrar framtíðar. Það er staðreynd, sama hvaða afstöðu sem menn hafa annars til þess sem gerst hefur í Úkraínu. Þar var lýðræðislega kjörnum forseta sannarlega steypt af stóli að því er virðist að undirlagi ESB og Bandaríkjanna. Þar hafa Vesturlönd beint og óbeint hlaðið undir fyrrum stuðningsmenn nasista samkvæmt fréttum Bloomberg og fleiri miðla. Í kjölfarið innlimuðu Rússar Krímskaga sem svarað var með viðskiptabanni með þátttöku Íslands.

Bandarísk, evrópsk og jafnvel kínversk fyrirtæki hafa allt frá því Úkraína var lýst sjálfstætt ríki 24. ágúst 1991 verið að reyna að ná undir sig ræktarlandi í Úkraínu sem er talið eitt það frjósamasta í heimi. Úkraína var kölluð brauðkarfa Evrópu á árum áður og skiptir Rússa líka miklu máli. Enn er barist um áhrif í Úkraínu og erfitt hefur verið að greina af fréttum í vestrænum miðlum hvað er í raun satt og hverju er logið í þeirri deilu. Samkvæmt viðtali Bloomberg við Timothy Ash, yfirhagfræðing Standard Bank, undir lok síðasta árs blasir efnahagslegt hrun við Úkraínu. Þótt Rússar vildu koma þar til hjálpar til að tryggja sína hagsmuni er vafasamt að þeir hafi efnahagslega burði til þess. Þá er ljóst að um helmingur úkraínsku þjóðarinnar vill fremur halla sér að Evrópusambandinu, en spurning hvort ESB hefur ekki þegar næg vandamál á sinni könnu.

### *Eiturefnabann getur breytt miklu*

Innan Evrópusambandsins blasir nýr vandi við bændum sem mjög hafa reitt sig á skordýraeitur og illgresiseyði við sína framleiðslu á korni og öðrum nytjajurtum. Samkvæmt



endurskoðun á stefnu CAP er meiningin að banna með öllu notkun á glýfósati sem er virka eiturefnið í mest notuðu hjálparefnum landbúnaðarins víða um heim. Þetta mun þýða að framleiðslugeta landbúnaðar í Evrópu mun dragast saman.

Slíkt bann átti að ganga í gildi 30. júní 2016, en Evrópuráðið heyktist á að halda því til streitu. Þess í stað var samþykkt að heimila áframhaldandi notkun á glýfósati til bráðabirgða í 18 mánuði, eða til ársloka 2017.

Sífellt fleiri vísindamenn og stofnanir eru farnar að vara við óhóflegri notkun jurta- og skordýraeiturs, ofnotkun áburðar sem og fúkkalyfja í landbúnaði. Er það í takt við upplýsingar um afar neikvæð áhrif sem þessi efni eru farin að hafa á heilsu fólks víða um heim. Þeir sem móta stefnuna innan ESB hafa tekið undir áhyggjur vísindamanna.

Enn einn vandinn hefur svo verið að skjóta upp kollinum, en það er ryðsveppur sem herjar á hveiti og dreifist hratt um Evrópu. Þó það komi glýfósat-umræðunni væntanlega ekkert við, þá mun það nær örugglega kalla á stóraukna notkun á sveppaeitri. Það gæti líka tekið mörg ár að finna, eða „hanna“ afbrigði sem ver sig gegn ryðsveppnum.

### *Fæðuöryggi þjóðarinnar ógnað?*

Það þarf enga snillinga til að sjá að þessi þróun mun hafa mikil áhrif á Íslandi, sér í lagi ef menn ætla að byggja aukna neyslu nær alfarið á auknum innflutningi. Um það hefur vissulega verið hávær krafa af hálfu íslenskrar verslunarforystu. Einn liður í þeirri þróun var samningurinn sem gerður var um tollalækkanir á landbúnaðarvörum gagnvart ESB haustið 2015 og samþykktur á Alþingi haustið 2016. Annar þáttur er mikil áhersla núverandi landbúnaðarráðherra á að gera breytingar á landbúnaðarkerfinu, hvað sem það svo felur í sér.

Í þessu ljósi þarf heldur engan snilling til að reikna það út að aukinn innflutningur á landbúnaðarvörum í enn harðari samkeppni við íslenska framleiðslu mun leiða til minna framboðs á íslenskum matvælum þar sem bændur gefast hreinlega upp. Það ýtir síðan aftur undir kröfur um enn aukinn innflutning og frekari hnignunar innlendrar framleiðslu.

Þótt offramboð hafi verið á sumum matvælum og lágt verð í Evrópu til skamms tíma er sú staða greinilega ekki talin varanleg. Það sem tekur við er væntanlega harður slagur um það sem þar verður í boði og stórhækkað matvælaverð. Tölur FAO af kjötmarkaði sýna glögglega slíka þróun.

Á síðasta ári voru framleidd um 322 milljónir tonna af kjöti á heimsvísu og um 31 milljón tonn af því fór í milliríkjaviðskipti. Framleiðsluaukningin var sáralítil á milli ára, eða um 0,3%. Verðhækkunin var hins vegar að meðaltali um 3 til 5%. Verulega hækkandi matvælaverð m.a. á Íslandi er óhjákvæmileg afleiðing þessarar þróunar. Ef ekkert verður gert til að tryggja áframhaldandi innlenda landbúnaðarframleiðslu, hlýtur fæðuöryggi þjóðarinnar að vera ógnað.

### *Óheft aðgengi að matvælum og vatni ekki lengur tryggt*

Sú tíð er liðinn að Evrópubúar geti treyst á að kaupa ódýr matvæli frá öðrum ríkjum utan álfunnar. Fjölgun jarðarbúa, minnkandi aðgengi að ræktarlandi og ofnýting á neysluvatni er að leiða til þess að víða um heim geta menn ekki lengur annað þörfum heimamanna, hvað þá annarra. Sem dæmi þá hafa Kínverjar verið að stórauka sína landbúnaðarframleiðslu, en hafa samhliða verið að kaupa upp ræktarland í Afríku, í Suður-Ameríku og víðar til að tryggja eigin þegnum matvæli. Íslendingar hafa líka orðið varir við ásókn útlendinga í bújarðir og eru nefndar ýmsar forsendur fyrir því.



Auka þarf framleiðslu matvæla gríðarlega á komandi árum ef mæta á þörfum sívaxandi fólksfjölda. Mynd / HKr.

### *Kínverskir fjárfestar kaupa ræktarland í Ástralíu*

Samkvæmt China Daily hafa kínverskir fjárfestar stóraukið kaup á ræktarlandi í Ástralíu og eiga þar nú yfir þrjár milljónir hektara. Þá hafa indverskir fjárfestar, Sádi-arabar, Þjóðverjar og fleiri verið að kaupa ræktarland í Afríku og hvar sem tækifæri gefast.

Kínverjar eru í dag stærstu innflytjendur á lambakjöti í heiminum. Þannig fluttu þeir inn um 220 þúsund tonn af lambakjöti frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi á árinu 2016. Mestur var innflutningurinn 2014, eða um 275.000 tonn, en innflutningurinn síðustu fjögur ár er verulegt stökk frá 2010 þegar talan var einungis um 60.000 tonn. Kínverjar velja þó fremur að borða svínakjöt en lambakjöt og markaðsverð á svínakjöti hefur stýrt mjög eftirspurninni eftir öðrum kjöttegundum.

### *Kína er risastór áhrifavaldur*

Aukin velmegun í Kína og efling millistéttarinnar hefur leitt til stóraukinnar kjötneyslu. Kínverjar framleiddu um 79,6 milljónir tonna af kjöti og 38 milljónir tonna af mjólkurvörum á árinu 2012 og hefur hún talsvert aukist síðan. Framleiðsla Kínverja hefur verið langmest á svínakjöti, en einnig umtalsverð á alifugla- og nautakjöt. Öll sú framleiðsla er þó langt frá því að duga í vaxandi kjötneyslu þessarar þjóðar sem telst vera um 21% mannkyns. Því verður að flytja inn gríðarlegt magn af kjöti og fóðri til dýraeldis.

Kínversk stjórnvöld lýstu því reyndar yfir í fyrrasumar að reynt yrði að draga úr kjötneyslunni þar í landi, m.a. til að minnka innflutning og til að mæta auknum kröfum í loftslagsmálum.

### *Kínverjar stærstu framleiðendur og neytendur svínakjöts*

Kínverjar eru samkvæmt tölum bandaríska landbúnaðarráðuneytisins (USDA) þegar stærstu framleiðendur og neytendur á svínakjöti. Þeir eru líka stærstir í innflutningi á svínakjöti sem hlutfall af heimsviðskiptum, eða með nær 30% af markaðnum. Þar af koma um 17% frá ríkjum Evrópusambandsins. Aukin viðskipti með svínakjöt frá Evrópu gætu því að einhverju leyti komið í stað viðskipta við Rússa, en tilkostnaðurinn er án efa meiri.

### *Stórir innflytjendur á nautakjöti*

Á árinu 2016 urðu Kínverjar svo næststærstu innflytjendur á nautakjöti í heiminum, en þeir eru tiltölulega nýir á þessum markaði. Bandaríska landbúnaðarráðuneytið telur að Kínverjar fari fram úr Bandaríkjunum í innflutningi á nautakjöti á næstu tveim til þrem árum. Þá muni aukin neysla Kínverja á nautakjöti hafa gríðarleg áhrif á heimsmarkaðsverð strax á þessu ári.



**Þótt kínverskir bændir teljist kannski ekki þeir tæknivæddustu í heimi enn sem komið er þá framleiða þeir samt gríðarlegt af korni og öðrum tegundum landbúnaðarafurða. Hér er verið að vinna við hreinsun á pipar.**

### *300 milljón bændur með afar lítið jarðnæði*

Um 300 milljónir kínverskra bænda stunda nú landbúnað á 120 milljónum hektara lands. Það þýðir að hver bóndi hefur einungis um 0,4 hektara að meðaltali til umráða samkvæmt tölum matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þrátt fyrir að þessi staða hindri mikla framleiðniaukningu þá hafa orðið gríðarlegar tækniframfarir í kínverskum landbúnaði á síðustu 30 árum. Á árinu 2010 var framleiðni bænda samt einungis mæld 16% af framleiðni hvers Kínverja í iðnaði.

### *Framleiða gríðarlega mikið en samt dugar það ekki*

Framleiðslutölur í kínverskum landbúnaði eru gríðarlega háar. Þannig framleiddu kínverskir bændur 571,2 milljón tonna af korni árið 2012 og fór í 616 milljón tonn 2016. Það var þó 5,2 milljónum tonnum minni framleiðsla en 2015. Þá minnkaði hrísgrjónauppskeran úr 208 milljónum tonna í 206 milljónir tonna. Hveitiuppskeran dróst lítillega saman og endaði í tæplega 129 milljónum tonna. Þá framleiða Kínverjar líka mikið af maís eða nær 215 milljónir tonna.

### *Hratt gengið á ræktarland*

Með aukinni tækni- og iðnvæðingu hefur verið gengið mjög á ræktarland í Kína. Frá 1997 hefur ræktarland í Kína minnkað um 8,2 milljónir hektara, mest af því hefur farið undir aukið þéttbýli og borgir. Land á hvern íbúa er nú aðeins 0,092 hektarar eða 40% minna en meðaltalið á heimsvísu. Samhliða þessu hefur verið gengið mjög á vatn, er nú orðinn skortur á vatni til að viðhalda framleiðslugetu landbúnaðarins. Kínversk stjórnvöld hafa haft af þessu vaxandi áhyggjur.

Reynt hefur verið að auka framleiðslugetuna í landbúnaði með óhóflegri áburðargjöf, eða 3,9 sinnum meira en notað er að meðaltali á hektara á heimsvísu. Skordýraeitur hefur einnig verið notað í stórum stíl. Umhverfisáhrifin eru þegar orðin veruleg með niðurbroti jarðvegs og grunnvatnsmengun. Ofan á allt þetta kemur loftslagshlýnun og þurrkar. Loftslagsbreytingar einar og sér eru taldar munu draga úr framleiðslugetu landbúnaðar í Kína um 5–10% fram til 2030. Allt eykur þetta síðan þrýsting á heimsmarkað með matvæli, fóður og vatn.

### *Tækifæri talin felast í erfiðri stöðu*

Þrátt fyrir þessa svörtu sýn sem fram kemur í gögnum FAO um Kína, er ýmislega hægt að gera þar í landi til úrbóta. Eru því mikil tækifæri talin felast í stöðunni. Þrátt fyrir mikla fátækt víða í dreifbýlinu í Kína nýtur þjóðin þess að hafa búið við mikinn efnahagsvöxt á liðnum árum. Það hefur gert þjóðina að öðru stærsta efnahagsveldi heims. Ýmislegt hefur líka verið gert á síðustu árum, m.a. til að bæta hag bænda og auka sjálfbærni í landbúnaði. Einnig hafa Kínverjar verið að taka sig á í umhverfismálum. Þá hafa þeir fjárfest gríðarlega í líftæknigeiranum með það í huga m.a. að auka framleiðnina í landbúnaði.

Samkvæmt frétt China Daily hyggjast Kínverjar nútímavæða landbúnað af miklum krafti og ætla að verja til þess 450 milljörðum dollara fram til 2020. Hversu mikilli framleiðsluaukningu þeir hyggjast ná með hliðsjón af minnkandi ræktarlandi og minna aðgengi að vatni skal ósagt látið. Þetta mun þó örugglega þýða aukna vélvæðingu og verulega fækkun starfa í landbúnaði. Þar kemur líka fram að þeir hyggist samhliða þessu reyna að auka ekki notkun eiturefna og áburðar frá því sem nú er.




## Matís fagnar tíu ára afmæli:

# Hefur tvöfaldast að stærð

## – Landbúnaður á heilmikið inni í ný- og verðmætasköpun

**Matís ohf. er opinbert hlutafélag, stofnað 1. janúar 2007 og fagnaði því tíu ára afmæli nú í upphafi árs.** Með stofnun Matís runnu saman rannsóknastofa Umhverfisstofnunar, MATRA, Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og líftæknifyrirtækið Prokaria, og mynduðu eina sterka heild þar sem rannsóknir á matvælum og í líftækni fengu samastað. Markmiðið var að auka verðmætasköpun í íslenskri matvælaframleiðslu, stuðla að matvælaöryggi og lýðheilsu.




Sveinn Margeirsson hefur gegnt stöðu forstjóra Matís frá árinu 2010. Myndir / Matís

### *Sveigjanleikinn heppilegur í starfseminni*

Sveinn Margeirsson hefur gegnt starfi forstjóra frá 2010. Hann segir að þetta rekstrarform hafi reynst vel. „Það hefur gefið okkur vissan sveigjanleika varðandi uppbyggingu á fyrirtækinu, sem er viðeigandi þar sem starfsumhverfi okkar er líka mjög sveigjanlegt og miðar að nýsköpun. Það er líka okkar hlutverk, meðal annars, að búa til og nýta sveigjanleika fyrir okkar viðskiptavini hvort sem það er í sjávarútvegi, landbúnaði, matvælaframleiðslu eða líftækni.

Við störfum eftir skýrum reglum, heilindi eru mikilvægasta gildi starfseminnar og hlutverk okkar í víðum skilningi er að auka verðmæti lífauðlinda. Í því samhengi er matvælaöryggið algjört lykilatriði, það er í raun ómögulegt að búa til verðmæt matvæli án þess að matvælaöryggi sé alger undirstaða. Matvælaöryggi og heilnæm matvæli, næringaröryggið, eru svo undirstaða bættrar lýðheilsu, sem er mjög ofarlega á baugi í þjóðfélaginu núna. Það er alltaf að verða meiri og meiri áhersla á forvarnarhluta af heilsu mannfólks, enda ómögulegt að byggja heilbrigði þjóðarinnar eingöngu á „viðgerðum“ á sjúkrahúsum eftir að heilsu tekur að hraka. Við höfum skipt um skipurit þegar við höfum viljað herða áherslurnar á ákveðnum sviðum og njótum þessa sveigjanleika einmitt á slíkum tímum.

Við leggjum áherslu á að afrakstur vinnu okkar hafi raunveruleg áhrif inn í fyrirtæki og stjórnkerfið, til dæmis í kringum stefnumótun á lýðheilsu og varðandi matvælaöryggi. Kjarninn í fyrirtækinu er rannsóknastarfið og nýsköpunarvinnan. Það starf byggir svo alveg á innviðunum, sem eru þá tækin og tólin, en líka þjálfað starfsfólk og þeir verkferlar sem unnið er eftir,“ segir Sveinn um eðli starfsemi Matís.



Hrönn Ólína Jörundsdóttir, Erna Óladóttir, Natasa Desnica og Branka Borojevic á rannsóknarstofu.

### *Er sjálfur afsprengi Matís*

Sveinn er matvælafræðingur og iðnaðarverkfræðingur og var hluta síns náms einmitt við störf hjá Matís. Hann segist á vissan hátt vera afsprengi starfsins sem þar er unnið. „Ég er kannski ágætt dæmi um það sem Matís getur skilað af sér, því það eru ekki bara nýir verkferlar eða verkefnið sem við erum að fást við hverju sinni sem skipta máli. Aukin þekking er mjög mikilvæg og við höfum komið mjög að margvíslegu menntunarstarfi, til dæmis matvælafræði, landbúnaðarháskólanum, verkfræði og viðskiptafræði. Þá höfum við einmitt lagt áherslu á þessa hagnýtu tengingu við matvælafyrirtæki, frumkvöðla og menntageirann.“

### *Mikill vöxtur á tíu árum*

Að sögn Sveins hefur kannski mesta breytingin frá stofnun falist í því hversu mjög fyrirtækið hefur vaxið. „Hvað veltu varðar hefur fyrirtækið nánast tvöfaldast í stærð. Sá vöxtur hefur byggst aðallega á því að sækja tekjur í samkeppnisumhverfi; til dæmis mikið í samkeppnissjóði.

Ég get nefnt dæmi um verkefni þar sem við höfum sótt fjármagn í slíkan samkeppnissjóð, sem í þessu tilviki væri Tækniþróunarsjóður RANNÍS. Samstarf við frumkvöðla leiddi af sér hugmynd um að búa til lýsi án þess að hita hráefnið meira en upp að ákveðnu marki. Við þróuðum þá hugmynd áfram, sóttum fjármagn í samstarfi við frumkvöðlana til Tækniþróunarsjóðs og í dag er varan Dropi á markaði, sem er afurð verkefnisins.

Það sem hefur svo breyst síðastliðin ár er að slík verkefni eru orðin mun stærri en áður var. Þá er gjarnan líka verið að horfa frekar til erlendrar fjármögnunar heldur en innlendrar.

Það sem er svo breytt núna – og er kannski tímanna tákn að ýmsu leyti – er að það er orðið mun meira af sölu á rannsóknarþjónustu beint til fyrirtækja. Það er snar þáttur af tekjum okkar núna, en var mun minni áður. Það er því orðið minna en þrjátíu prósent af tekjum Matís sem kemur beint vegna þjónustusamnings okkar við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.“

### *Stefnumót hönnuða og bænda*

Sem dæmi um vel heppnað verkefni á sviði landbúnaðar nefnir Sveinn Stefnumót hönnuða og bænda. „Það var einmitt unnið í samstarfi Listaháskólans og bænda með stuðningi frá Tækniþróunarsjóði. Afraksturinn af því verða ýmsar vörur og ákveðin stefna eða hreyfing í þá átt að búa til annars konar verðmæti úr sömu vörum og voru til fyrir. Við höfum einnig unnið að mörgum áhugaverðum verkefnum með Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Til dæmis mætti nefna í því sambandi verkefnið um Hvannarlambið, með bændunum í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd, sem fólst í því að kanna áhrifin á bragðgæði lambakjöts að beita lömbunum á hvönn.“

Stærsti hlutinn í starfsemi Matís er sjávarútvegstengdur, að sögn Sveins. „Við höfum fengist mjög mikið við verkefni tengdum ferskum fiski. Líka tengdum ýmsum ferlum sem fiskurinn fer í gegnum, eins og kælingu og meðhöndlun. Allir þessir ferlar hafa gjörbreyst á síðustu tíu árum. Það hefur mikil vinna farið í að búa til verðmæti úr aukaafurðunum, við höfum unnið að þróun á kælibúnaði með tæknifyrirtækjum og að umbúðaþróun svo ég nefni dæmi. En við höfum einnig sinnt frumkvöðlastarfi og smærri verkefnum í sambandi við vöruþróun. Ég get nefnt vöruna Dropa sem dæmi, en það er kaldhreinsuð þorskolía, en hún var þróuð meðal annars með beitingu líftækni. Hún hefur þá aðra markaðsmöguleika en hefðbundin fiskiolía.“

### *Talsverðir vaxtarmöguleikar varðandi verðmætasköpun*

Sveinn telur vaxtarmöguleikana í landbúnaði vera mikla, varðandi verðmætasköpun og frumkvöðlastarf. „Hlutfallslega eru þeir að mínu mati enn meiri en í sjávarútvegi til dæmis, þar sem nýsköpun hefur skilað miklum árangri á síðastliðnum árum. Ef við horfum á þær tæknibreytingar sem eiga sér stað í heiminum í dag, nýtum þær og markaðstækifærin sem felast í auknum vilja fólks til að tengjast við framleiðendur, þá eru ótrúleg tækifæri fram undan. Svo er líka mikilvægt í mínum huga hvernig við virkjum drifkraftinn hjá fólki til að vilja stunda nýsköpun í landbúnaði. Þá ekki bara í sjálfri matvælaframleiðslunni, heldur í þátttöku í raunverulegri verðmætasköpun með nýsköpun og þeirri tæknivinnu sem slíku fylgir. Þá er ég að hugsa um svið eins og matvæla- og snyrtivöruframleiðslu, en einnig á sviði hönnunar og heilsu. Það eru möguleikar á svo mörgum sviðum.

Það sem mér finnst svo mikilvægt í nálgun á því verkefni að auka nýsköpun í landbúnaði er að hugsa eins og bóndinn sjálfur gerir í sínum búskap. Það þarf að heyja fyrir veturinn. Það þarf að vanda til verka og ekki fara fram úr sér, en samt ganga hreint til verks án þess að vera of varkár.“

### *Gildi vandaðra upplýsinga*

„Ég sé fyrir mér að fyrirtækið þróist í þá átt að verða enn einbeittara í því að sjá fyrir endann á því hvaða áhrif starfsemi okkar hefur á okkar viðskiptavini; á bændur, sjómenn, frumkvöðla og á nýsköpun í matvæla- og líftæknigeiranum – hvernig við getum náð tilteknum markmiðum. Líka held ég að við getum gegnt mikilvægu hlutverki í því að aðstoða við það verkefni að markaðssetja Ísland og íslensk matvæli með vísindin að vopni. Notkun á vísindalegum niðurstöðum til að miðla til neytenda, til dæmis, því við sjáum að vandaðar upplýsingar skipta alltaf meira og meira máli,“ segir Sveinn að lokum um framtíð fyrirtækisins.

*/smh*



Kjarninn í fyrirtækinu er rannsóknarstarfið og nýsköpunarvinnan.


Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús
naut - svín - hross - sauðfé
FORTÍÐ
NÚTÍÐ
FRAMTÍÐ
Hefðbundnir gólfbitar
Rastaðir gólfbitar
Velferðargólf - gúmmí og steinsteypa
AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)
G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is


LYFJA
– Lifið heil
Fyrir þig í Lyfju
lyfja.is
Fyrsta hjálp fyrir þurra húð!
Decubal Lips & Dry Spots og Decubal Lipid Cream.
Decubal Lips & Dry Spots
Verð: 1.068 kr.
Decubal Lipid Cream 100ml.
Verð: 1.275


FEDERAL PREMIUM
CCI
Ný sending - mikið úrval - mörg caliber
CCI 22 cal. Stinger 50 stk.
Kr. 1.690
500 stk. 22 cal CCI Standard.
Tilboð!
Kr. 6.900
FederalAuto March 325 stk.
Kr. 4.990
Federal 22 cal High Velocity 50 stk.
Kr. 890
Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugarveg 178 - Sími: 551 6770 - www.vesturrost.is


Vogue
FYRIR HEIMILIÐ
býður uppá alhliða lausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.
Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504


TRYGG
Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR
Vertu viðbúinn vetrinum
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is


GANDUR
HÚÐSMYRSL FYRIR HESTA
HEFUR REYNST VEL Á SMÁSÁR, BIT OG MÚKK Í HESTUM.
LEÐURFEITI
Mýkjandi leðurfeiti sem gengur sérlega vel inn í leðrið
Gott á reiðtygi og gönguskó
Kláðastillandi og mýkjandi smyrsl
Ætlað dýrum
www.gandur.is
Fæst í hesta- og búvöruverslunum um land allt



Garðyrkjuskóli LbhÍ á Reykjum í Hveragerði. Mynd / HKr.

## Garðyrkjuskóli LbhÍ á Reykjum:

# Mikið að gera hjá nemendum við að ljúka verkefnum fyrir sumarið

**Töluverðar annir eru við Garðyrkjuskólann þessa dagana enda vorið á næsta leiti og fjöldi verkefna sem þarf að ljúka fyrir sumarið. Viðhald á húsnæði skólans hefur verið verulega vanrækt á liðnum árum. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 70 milljónum króna til endurbóta á húsnæðinu.**

Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, segir að nemendur í áfanga sem kallast plöntuvernd hafi undanfarið þrætt heimaland Garðyrkjuskólans og leitað að meindýrum á plöntum.

„Sérstaklega sitkalús. Það er gert vegna þess hve veturinn hefur verið mildur og gæti því verið hætta á faraldri sitkalúsar á grenitrjám næsta sumar. Enn sem komið er hafa þó heimtur sem betur fer verið litlar og engin lús fundist.“

Guðríður segir að í gróðurhúsum skólans skjóti stundum upp kollinum spennandi meindýr sem nemendur hafa kost á að greina og fræðast um samhliða því hvaða lífrænu varnir nýtast gegn viðkomandi meindýri.



Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands.



Björgvin Eggertsson kennari og Sigurjón Sæland, nemandi á brautinni Skógur og náttúra. Mynd / Ólafur Oddsson.

### Ylræktarbraut

Guðríður segir að ylræktarnemar haldi utan um heimsfræga hnúðkálsræktun skólans. „Árlega er ræktað hnúðkál í gróðurhúsi skólans og verða kálhausarnir til sölu á sumardaginn fyrsta. Allt ræktunarferlið er í höndum nemenda, sáning, priklun og útplöntun í gróðurhúsið, auk þess sem nemendur taka þátt í umhirðu plantnanna á ræktunartímanum. Uppskeran verður einnig í þeirra höndum og þegar sumardagurinn fyrsti rennur upp selst hnúðkálið hraðar en auga á festir.“

Nemendur ylræktarbrautar eru jafnframt að læra um ylræktun blómlauka til afskurðar en sala á afskornum laukum hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin.



Margrét María Leifsdóttir, nemi á ylræktarbraut.

### Ræktun lífrænna matjurta

Á námsbraut um lífræna ræktun matjurta eru nemendur meðal annars að læra um það hvernig sé best að viðhalda frjósemi jarðvegs til ræktunar en það er einmitt lykilatriði í lífrænni ræktun.

„Nemendur jarðgera allt lífrænt efni sem fellur til í eldhúsi skólans og er spennandi að fylgjast með því hvernig niðurbrotið gengur. Þetta er nýjasta námsbraut skólans og er nú kennd í annað sinn. Mikil eftirspurn er eftir afurðum sem framleiddar eru með aðferðum lífrænnar framleiðslu og anna framleiðendur í landinu engan veginn eftirspurninni, sem getur verið tækifæri fyrir öfluga nemendur eftir útskrift.“

### Garð- og skógræktarbraut

„Nemendur garð- og skógarplöntubrautar vinna nú að uppeldi á trjáplöntum og fóru sáningar á elritrjám fram fyrir nokkrum dögum. Nemendurnir munu fylgjast með plöntunum á uppeldistímanum og þegar plönturnar ná tiltekinni stærð verða þær gróðursettar í heimalandi skólans.

Verkefni eins og þetta reyna á ýmsa þætti í ræktunartækninni, svo sem vökvun og áburðargjöf, lýsingu og stýringu á hitastigi og er þetta mjög góð æfing sem tengir saman upplýsingar úr mörgum áföngum,“ segir Guðríður.

Á skógræktarbraut er verið að kenna nýjan áfanga um útivistarsvæði og hafa nemendur meðal annars verið að skoða hvernig hægt sé að skipuleggja skógarsvæði þannig að hægt sé að taka á móti gestum. Kennsla í trjáfellingum er alltaf vinsæl og hafa nemendur verið á ferð í skóginum á Reykjum í viðeigandi hlífðarfatnaði með keðjusagir og grisjað burtu tré sem ekki hafa hlotið náð fyrir augum kennarans. Timbur úr skóginum á Reykjum var síðan flutt að Snæfoksstöðum þar sem Skógræktarfélag Árnesinga hefur komið sér upp fullkominni aðstöðu til flettingar á trjábolum. Nemendur fengu þar að spreyta sig á flettingarsöginni og verður timbrið síðan notað í verkefnum á Reykjum.

„Nemendur í skrúðgarðyrkju hafa verið að vinna í landmótun og hellulögnum í verknámshúsi skrúðgarðyrkjunnar og miðar vinnan að því að húsið verði orðið að glæsilegum innigarði á opnu húsi skólans á sumardaginn fyrsta. Samhliða þessu eru nemendur að stíga fyrstu skrefin í klippingum á trjám og runnum en margir njóta þess að hafa fengið þjálfun í þessu fagi í verknámi sínu, áður en þeir koma í skólann.

Hluti nemenda í skrúðgarðyrkju kom inn í námið í gegnum raunfærnimat og er það mjög góð leið fyrir fólk með mikla starfsreynslu því þar fær fólk metið það sem það kann og tekur svo þá áfanga í námi sem upp á vantar.

### Endurbætur á húsnæði skólans

Húsnæði Garðyrkjuskólans hefur lengi verið vanrækt og viðhaldi víða áfátt. Guðríður segir að ríkisvaldið hafi veitt 70 milljónum króna til endurbóta á húsnæði skólans í ár og að það séu jákvæðar fréttir.

„Reyndar mátti ekki seinna vænna vera því hluti af þaki garðskálans, eins helsta einkennis skólans, fauk í hressilegu roki í byrjun febrúar. Innan skólans eru miklar væntingar til þess að tryggja megi áframhaldandi fjárveitingu til frekari endurbóta, ekki síst þegar horft er til samfélagslegra áhrifa þess að stuðla megi að enn öflugri garðyrkju hérlendis,“ segir Guðríður Helgadóttir að lokum. /VH

# Framúrskarandi fyrirtæki 2016

2016

Í ár stóðust 628 fyrirtæki af rúmlega 35.000 fyrirtækjum, sem skráð eru í hlutafélagaskrá, styrkleikamat Creditinfo og teljast því vera Framúrskarandi fyrirtæki 2016.

ÞÓR HF

VÉLFANG

hey ICELAND

LÍFLAND

SS fremstir fyrir bragðið Síðan 1907

wise

Bústólpi FÓÐUR OG ÁBURÐUR

orkusalan

KB

Íslyft

SFG SÖLUFÉLAG GARÐYRKJUMANNA EHF

bænda FERÐIR

ÍSTEX® ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

## Hvað gerir fyrirtæki framúrskarandi?

- Er í lánshæfisflokki 1-3
- Rekstrarhagnaður (EBITA) jákvæð þrjú ár í röð
- Ársniðurstaða jákvæð þrjú ár í röð
- Eiginfjárhlutfall 20% eða meira þrjú rekstrarár í röð
- Eignir hafa numið 80 milljónum eða meira þrjú ár í röð
- Framkvæmdastjóri er skráður í hlutafélagaskrá
- Fyrirtækið er virkt samkvæmt skilgreiningu Creditinfo
- Skilað ársreikning fyrir 1. september 2016

Sólskógar í Kjarnaskógi:

# Lerkið var farið að lifna þannig að snjókoman var kærkomin

**„Ég neita því ekki að við vorum farin að óska þess að það færi að kólna, það kæmi örlítill snjór,“ segir Katrín Ásgrímsdóttir, sem ásamt eiginmanni sínum, Gísla Guðmundssyni, rekur fyrirtækið Sólskóga í Kjarnaskógi.**

Veturinn hefur verið einkar snjóléttur sem hefur í för með sér að öll vinna hefur verið auðveldari en þegar snjóþyngsli eru mikil. Skuggahliðarnar aftur á móti eru að líf var farið að færast í gróðurinn alltof snemma og það er ávísun á vandræði á þessum árstíma.

Hjá Sólskógum eru framleiddar um 1,5 milljónir skógarplantna á ári, einkum fyrir landshlutaverkefni í skógrækt og Landgræðsluskóga.



**Hjá Sólskógum eru framleiddar um 1,5 milljónir skógarplantna á ári. Lerkið var aðeins að byrja að lifna í hlýindunum undanfarnar vikur, en snjókoma um liðna helgi hægir án efa á vextinum.** Myndir / MÞÞ



**„Ég á frekar von á að þetta sleppi til, en við erum samt eins og endranær við öllu búin, það getur alltaf allt gerst,“ segir Katrín.**

Magnið hefur verið svipað undanfarin ár. Þá er einnig mikil sumarblómaframleiðsla hjá Sólskógum og er hún að hefjast um þessar mundir. „Við erum aðeins seinna á ferðinni með sumarblómin en þeir á sunnanverðu landinu, sumarið er um það bil hálfum mánuði seinna á ferðinni hér norðan heiða að jafnaði,“ segir



**Töluverð framleiðsla er á sumarblómum hjá Sólskógum. Í bökkunum munu vaxa hina fegurstu stjúpur og hádegisblóm þegar fram líða stundir. Katrín Ásgrímsdóttir fylgist grannt með vextinum.**

Katrín. Angar eru farnir að teygja sig upp úr moldinni og blómin verða klár þegar nær dregur vori. „Þetta er allt að koma, við bjóðum að venju upp á fjölbreytt úrval sumarblóma og opnum söluna svolítið eftir veðri, þegar vorið er hlýtt og gott opnum við snemma.“

### *Snjókoman kærkomin*

Katrín nefnir að mikið sé undir og minnist þess að umtalsvert tjón hafi orðið vorið 2012, en þá háttaði svo til að apríl var einstaklega hlýr og góður og sama gilti um fyrri hluta maímánaðar. Þá skall á heilmikið vorhret, allt fór á kaf í snjó. „Hjá okkur var allur gróður kominn á fulla ferð og töluvert tjón varð því af völdum þessa vorhrets,“ segir hún. Nú er staðan sú að veðurfar hefur einkennst af hlýindum svo að segja í allan vetur, lítið hefur verið um snjó og kuldakafla. Lerkið er farið að lifna segir Katrín og safasteymi farið af stað. Snjókoma um liðna helgi hafi því verið kærkomin og muni án efa draga úr áframhaldandi vexti trjánna. „Ég á frekar von á að þetta sleppi til, en við erum samt eins og endranær við öllu búin, það getur alltaf allt gerst,“ segir hún.

### *Veðursældin léttir lífið*

„Auðvitað er því ekki að neita að þessi veðursæld í vetur hefur heldur betur létt manni lífið. Við höfum getað sinnt ýmsum verkum sem ella er ekki hægt að vinna þegar mikill snjór er. Það verður allt einhvern veginn auðveldara, það þurfti nánast ekkert að sinna snjómokstri, sem sparar bæði pening og fyrirhöfn, flutningur á plöntum milli húsa verður líka leikur einn. Í vetur höfum við getað pottað og sett plöntur út, en það hefur aldrei verið hægt hér áður og eins höfum við safnað vetrargræðlingum sem er nýlunda hér um slóðir,“ segir Katrín. /MÞÞ

Vinnu-samfestingar
OG MARGT FLEIRA
Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.
VINNUGALLI:
65% pólýester, 35% bómull.
Svartur og grár.
Stærðir S-2XL.
Verð : 11.000 kr.


Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is
DYNJANDI
allt fyrir öryggið

# Samlokueiningar



Til sölu lítilega útlitsgallaðar samloku-einingar, einangraðar með 18 cm Urethan.

Tilvaldar til að klæða skemmu eða kæli/frystigeymslu.

Mál pr. eining, lengd allt að 12,1 m breidd 1,1 m.

Einnig eru til steinullareiningar sem eru meira gallaðar og fást fyrir lítið.

**Upplýsingar veittar í síma 8641501**

# Gólfhitakerfi

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

ÍSKRAFT

# VANDAÐIR LED-LAMPAR
## FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR





**URBINO LED frá LUG**
Vandaður LED-lampi frá LUG. Mjög góð lýsing, mikill orkusparnaður og mjög langur endingar-tími. Fáanlegur í ýmis konar úfærslum og með vegg- eða staurafestingu.

**DUNA PRO**
Rakaþéttur (IP66) LED-lampi sem hentar mjög vel í gripahús og uppfyllir allar þær kröfur sem þar eru gerðar. Frábær lýsing, mikill orkusparnaður og langur endingartími. Fáanlegur í ýmsum útfærslum.

**Nánari upplýsingar í síma 535 1200 eða á sala@iskraft.is**

Smiðjuvegi 5 - 200 Kópavogi - Sími 535 1200 • Iðavöllum 12 - 260 Reykjanesbæ - Sími 421 6526
Eyrarvegi 42 - 800 Selfossi - Sími 483 5200 • Hjalteyrargötu 4 - 600 Akureyri - Sími 455 1200
Sólvangi 7 - 700 Egilsstöðum - Sími 470 3120

**www.iskraft.is**

praxis

...Þegar þú vilt þægindi

**Eigum mikið úrval af fatnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir. Gerum verðtilboð.**

Úrval af bómullarbolum.

**Nýr vörulisti kominn í hús**

**Pantið lista á praxis@praxis.is eða í síma 568 2870**







**Gæða-vara**

**Ath. breyttur opnunartími**

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
**Opið mán. og mið. 11-18, fim. 15-18.**

# Við erum góðir í UV geislatækjum

Við seljum búnað til geislunar á neysluvatni og vinnsluvatni í iðnaði
Hjá okkur fást UV geislatæki frá Hanovia, Berson og UVEDES .



Hanovia

*Vandað og varanlegt*

**VARMA & VÉLAVERK**

Knarrarvogi 4 104 Rvk Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

# BAJA STZ JEPPADEKK



**LAGERSALA**

MICKEY THOMPSON M/T TIRES & WHEELS

**Hljóðlátt heilsársdekk, með ótrúlega endingu**
Sérhannað mynstur tryggir betra grip við allar aðstæður

| Vörunr. | Stærð | Listaverð | Afsl. | Afsl. verð |
|---|---|---|---|---|
| 1461 | MT 31X10.50R15LT STZ | 38.990 | 50% | **19.495** |
| 1484 | MT 245/75R16 STZ | 40.890 | 50% | **20.445** |
| 1485 | MT 245/70R17 STZ | 42.690 | 30% | **29.883** |
| 50731 | MT 265/70R17 (32”) STZ | 40.390 | 30% | **28.273** |
| 50740 | MT LT275/70R17 (32”) STZ | 47.590 | 50% | **23.795** |
| 50760 | MT LT285/70R17 (33”) STZ | 51.990 | 30% | **36.393** |
| 50780 | MT LT315/70R17 (35”) STZ | 54.490 | 30% | **38.143** |
| 50831 | MT LT265/60R18 STZ | 43.190 | 30% | **30.233** |
| 50840 | MT LT275/70R18 STZ | 54.490 | 30% | **38.143** |
| 50251 | MT 275/60R20 (33”) STZ | 48.290 | 50% | **24.145** |

**Icetrack ehf. · Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is**

**www.mtdekk.is**



Per Ragnar Kjepso var við vinnu við að endurbyggja steinhleðslu undir hlöðuvegg þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði. Myndir / ehg

Kjepso-sveitabærinn í Harðangursfirði í Noregi:

# Þar sem kyrrðin og róin ræður ríkjum

**Það var líkt og að koma inn í annan heim, eða réttara sagt inn í gamlan Stikluþátt Ómars Ragnarssonar, þegar blaðamaður Bændablaðsins fór til fundar við ábúendur á sveitabænum Kjepso í Harðangursfirði í Noregi.**

Bærinn, sem samanstendur af sex húsum, stendur hátt uppi í brattri hlíð, um 250 metra yfir sjávarmáli og enginn akvegur er að bænum heldur þarf að ganga upp rúmlega 600 þrep og um 50 metra leið í bratta áður en hægt er að virða fyrir sér líf fólks á stað þar sem enginn gæti trúað að nokkur gæti búið.

### *Löng leið í skólann*

Það var einmitt í samnefndum sjónvarpsþætti norska ríkissjónvarpsins (NRK), þar sem enginn gæti trúað að nokkur gæti búið, að helmingur ábúenda, hjónin Per Ragnar Kjepso og Anne Kjepso, voru sótt heim en heimildaþættirnir fjalla um fólk sem hefur sest að á stöðum sem eru töluvert úr alfaraleið. Kjepso er þó ekki svo mikið úr alfaraleið en óhætt er að segja að leiðin að bænum jafnist á við létta fjallgöngu.

„Ég er fæddur og uppalinn hér á Kjepso, eða réttara sagt fæddist ég í Bergen og átti minn uppvöxt hér. Þó að ég hafi síðan farið út að kanna heiminn til að vinna og fara í nám þegar ég hafði nægt vit fyrir mér þá æxlaðist það þannig að ég settist hér að á Kjepso með konu minni sem er frá Skotlandi. Við kynntumst þegar ég var við nám í rafmagnsverkfræði í tækniskóla í Glasgow,“ útskýrir Per Ragnar brosandi og segir jafnframt:



Hjónin Per Ragnar Kjepso og Anne Kjepso búa á stað sem fáir gætu trúað að nokkur gæti búið á, um 250 metra yfir sjávarmáli og ekki með akveg að húsi sínu heldur þurfa að ganga rúmlega 600 þrep og um 50 metra leið í bratta áður en heim er komið. Undanfarna vetur hefur Anne dvalið á dvalarheimili fyrir aldraða í næsta bæ vegna sjónleysis en hún treystir sér ekki lengur til að ganga upp og niður leiðina að heimili sínu yfir vetrartímann.

„Ég var sjö ára þegar ég byrjaði í skóla inni í Álavík og þurfti þá að ganga hér niður á þjóðveg og þaðan tæpa fjögurra kílómetra leið inn til bæjarins og síðan aftur til baka að loknum skóladegi. Það voru engir skólabílar á þessum tíma svo þetta var löng leið en ég hlakkaði alltaf til að fara í skólann, nám hefur alltaf átt vel við mig.“

### *Alltaf nægur matur til*

Árið 1318 var bærinn kallaður Kexisskor en fornleifafræðingar telja að nafnið komi af orðinu kefis sem þýðir þræll og það megi rekja aftur til ársins 800. Á þeim tíma, þegar víkingatíminn tók við, var vanalegt að fólk tæki í notkun erfiðari landsvæði í Noregi sem hafði í för með sér erfiðisvinnu, svonefnda þrælavinnu. Fundist hefur haugur við bæinn og hlutir í honum frá tímum víkinga.

„Eftir svarta dauða var bærinn hér lengi í eyði en árið 1610 var Mikkel Kjepso úthlutað svæðinu. Hér er gömul trébygging, svokallað eldhús, sem við höldum að hann hafi notað sem bústað fyrir sig en þar hafa sést merki á veggjunum eftir veggföst húsgögn. Eftir því sem árin liðu voru fleiri ábúendur hér á Kjepso en forfaðir minn, Per Persson frá Laupsa, keypti bæinn árið 1855,“ segir Per Ragnar og útskýrir búskap fyrri tíma á bænum:

„Hér höfðu menn það alltaf hugfast að skilja ætti við jörðina í betra



Það er dásamlegt útsýni frá Kjepso og hér sést vel inn að suðurfirði Harðangursfjarðar.



Það er fínasta leið að Kjepso, mörg þrepin að fara og jafnast á við létta fjallgöngu, sumar tröppurnar eru meira að segja teppalagðar.







Það er allt til alls á bænum, veislusalur, hvað þá meira, þar sem hljóðfærin bíða næstu dagskrár, hér hafa verið haldin nokkur brúðkaup og stórafmæli hin síðari ár.



Eitt af gömlu húsunum á Kjepso, húsmannsstova, um 100 ára gamalt hús, en um tíma bjó hér sjö manna fjölskylda.



Hús hjónanna á Kjepso með hamraveggin í baksýn en því er vel viðhaldið og vistlegt.



Gamlastova, sem er talin vera frá 1610 og sjást merki á veggjum eftir veggföst húsgögn frá þeim tíma sem Mikkel Kjepso var úthlutað svæðinu.

ástandi en sá sem við henni tók. Hér hefur alltaf verið búskapur og þannig getur maður séð af gömlum uppskeruskráningum að árið 1657 voru hér 5 nautgripir, 2 kindur, 2 geitur og sáð var út einni og hálfri tunnu af korni en 200 árum síðar var hér 1 hestur á bænum, 10 kýr, 24 kindur og uppskorið var 14 tunnur af korni og 14 tunnur af kartöflum. Svo tímarnir breytast og er skemmtilegt að hafa þessar upplýsingar og geta farið aftur í tímann. Hér var einnig alltaf til nóg af smjöri og osti og er til gamalt orðtak yfir það.“

### *Kirkjusókn og tunnubönd*

Um aldamótin 1900 bjuggu um 30 manns á Kjepso. Vegur til að komast að sjó, nausti og bát kom snemma og var haldið vel við, meðal annars til að geta róið með íbúa staðarins til kirkju á sunnudögum.

„Fyrst um sinn tilheyrði Kjepso sókninni í Kinsarvik sem er um 48 kílómetra í burtu en eftir að fólk frá Øystese tók yfir hér á Kjepso og sótti um að hafa sóknina í samnefndum bæ gekk það í gegn árið 1881. Þetta er rúmlega 20 kílómetra leið og því mun styttri en til Kinsarvik að fara. Þrátt fyrir það fengu heimilismenn góða hreyfingu út úr kirkjusókninni á sunnudögum og á kirkjubekknum hittu þeir fólk og heyrðu það sem var nýjast í fréttum. Þetta var mjög mikilvægt áður en þau höfðu aðgang að dagblöðum,“ útskýrir Per Ragnar og segir jafnframt:

„Í gegnum tíðina hafa margir smiðir verið hér á Kjepso og í stórri laut í einum fjallsveggnum tóku þeir út járnmálm. Út úr þessu bjuggu þeir til járn og einfalda hluti eins og nagla og festingar. Árið 1905 var flutt hingað upp eftir sögunarmylla á hesti og sleða frá Álavík og sett saman hér þannig að ábúendur urðu sjálfbjarga með efni úr tré. Vetrarvinnan fólst aðallega í að höggva við, smíða og búa til tunnubönd úr við sem voru beygð í hringi, pökkuð saman í búnt og seld til tunnuframleiðenda. Konurnar sinntu matnum og öðrum hússtörfum en einnig var mikil vinna hjá þeim við ullina eins og að spinna, tvinna, lita, prjóna og vefa.“

### *Fjölbreyttir tímar á Kjepso*

Per, faðir Per Ragnars, tók við Kjepso árið 1926 en þrír bræður hans höfðu fengið starf við nýtilkomna verksmiðju í Álavík, steinsnar frá bænum.

„Eftir að verksmiðjan kom í Álavík árið 1915 varð dramatískur skortur á vinnuafli og því varð að minnka búskapinn á Kjepso. Það var ekki nóg að faðir minn væri góður hljóðfæraleikari og hafði svolitla innkomu af því og hægt var að leigja út svolítið húspláss til starfsfólks verksmiðjunnar. Hann þurfti einnig tekjur annars staðar frá. Hér myndi ég segja að hafi orðið svolítil niðursveifla á bænum sem breyttist aftur við heimsstyrjöldina síðari. Þá varð matarskortur í landinu og auðveldara að fá vinnufólk þannig að lífið á Kjepso varð aftur blómlegt á ný. Þá kom hestur á bæinn og það var mikið framleitt af kartöflum og mjólk og einnig svolítið tóbak,“ segir Per Ragnar en á þessum tíma var þjóðvegurinn byggður fyrir neðan Kjepso og á tímabili bjuggu tugir vegagerðarmanna á bænum.

„Eftir stríðið urðu meiri vandræði hjá föður mínum hér því tónlistin hans, harmonikkuspilið, var orðið gamaldags og hann fékk exem af vinnu sinni við skógarhöggið. Hann fékk því vinnu árið 1952 í verksmiðjunni í Álavík og hér líkaði honum vel og vann sín verk af miklum móð. Á þessum tíma var búskapurinn lítill sem enginn, aðeins nokkrar kindur. Eftir þetta hefur aðallega verið stundaður landbúnaður á Kjepso af áhugamennsku en kindunum skiptum við út fyrir skoskt hájallafé sem er auðveldara að eiga við, það gengur úti nánast allt árið og hjálpar til við að halda skóginum hér í kringum bæinn í skefjum. Þannig að svona hefur þetta verið undanfarna áratugi og hér hefur mér og minni konu ávallt liðið mjög vel. Þegar við erum á Kjepso, þá erum við heima. “ */ehg*

Kynningarfundur Skógræktarinnar í Húnaþingi vestra:

# Mikill áhugi á búskaparskógrækt meðal bænda

**Tuttugu bændur af sautján býlum í Húnaþingi vestra sóttu nýverið kynningarfund um búskaparskógrækt sem Skógræktin hélt í sveitarfélaginu en mikill áhugi virðist meðal bænda á verkefninu að því er fram kemur á vef Skógræktarinnar.**

Sigrún Magnúsdóttir, þáverandi umhverfisráðherra, fól Skógræktinni í október að annast þróunar- og átaksverkefni í búskaparskógrækt í Vestur-Húnavatnssýslu. Hugtakið búskaparskógrækt er tilraun til að íslenska það sem á ensku hefur verið kallað agroforesty en fleiri útgáfur hafa heyrst, svo sem skógarbúskapur, skógarlandbúnaður, landbúnaðarskógrækt svo dæmi séu tekin. „Þessa búskaparaðferð má skilgreina sem svo á einfaldan hátt að það sé sjálfbær landnýting þar sem skóg- eða trjárækt er á sama svæði og annar búskapur og afurðir búsins komi jafnt úr skóginum sem úr akuryrkju eða kvikfjárrækt,“ segir í frétt um málið.



Tuttugu bændur frá sautján býlum sóttu kynningarfund um búskaparskógrækt á Gauksmýri. Greinilegur áhugi er meðal bænda á verkefninu enda margt að vinna með því að flétta saman skógrækt og hefðbundnum búgreinum. Mynd / Johan Holst á vef Skógræktarinnar

*Framlagið nemur 11 milljónum króna*

Verkefninu fylgir 11 milljóna króna fjárveiting og þar af eru sjö milljónir ætlaðar til beinna aðgerða eða framkvæmda. Aðgerðir sem breytt geta hefðbundnum búskap í búskaparskógrækt eða skógarbúskap geta verið þessar meðal annars: Heildstætt skjólbeltakerfi, skjóllundur, skjólskógar eða skjólfangarar, hagaskógur eða akurskógur.

Allnokkur reynsla hefur fengist víða hérlendis af þessum ræktunarflokkum sl. 17 ár í starfi bænda með samninga við Landshlutaverkefni í skógrækt, sem nú eru hluti af nýrri stofnun, Skógræktinni. Því þykir óþarfi að finna upp hjólið, fremur að smíða hjól sem hentar. Í því skyni er ætlunin að skoða núverandi stuðningskerfi við skógrækt á lögbýlum og hvort móta megi úr því aðgengilegra form en tíðkast hefur fyrir bú í fullum rekstri. Verkefninu verður eingöngu beint að jörðum í rekstri.

Til þess að vel megi til takast hefur Skógræktin óskað eftir að settur verði upp formlegur samstarfsvettvangur nokkurra aðila, Skógræktarinnar, Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda, Sveitarfélagsins Húnaþings vestra og jafnvel fleiri aðila. Í því verður unnið nánar á næstunni.

*Styðja við hefðbundinn búskap*

Á fundinum sem haldinn var á Gauksmýri í Línakradal komu tuttugu bændur úr héraðinu frá sautján bújörðum og var greinilegt að áhugi þeirra á verkefninu var mikill. Aðferðir búskaparskógræktar geta stutt mjög við hefðbundinn búskap, veitt skjól fyrir skepnur, ekki síst lambfé á vorin, skýlt túnum og öðrum ræktarlöndum og þar með aukið bæði frjósemi og uppskeru, breytt snjóalögum og skýlt húsum svo minni þörf verður á kyndingu og þannig mætti áfram telja. Með tímanum myndast líka timburauðlind á búunum. Fyrstu afurðirnar verða sveppir, girðingastaurar og trjákurl svo eitthvað sé nefnt en síðar meir einnig smíðaviður eða iðnviður sem eykur tekjur búsins og fjölgar störfum í héraði. Í vel grónum sveitum eru einnig auknir möguleikar til ýmissar annarrar starfsemi, hvort sem það er ræktun eða kvikfjárrækt, ferðaþjónusta eða hvers kyns önnur nýsköpun.

Skógræktin fól Sæmundi Þorvaldssyni skógfræðingi stjórn þessa verkefnis og honum til fulltingis er Johan Holst, skógræktarráðgjafi Skógræktarinnar í Húnavatnssýslum. Í kjölfar fundarins geta áhugasamir bændur nú sótt um að gerast þátttakendur í þessu þróunarverkefni um búskaparskógrækt. /MÞÞ

Félag skógareigenda á Suðurlandi:

# Samningur við Uppbyggingarsjóð

**Fulltrúar Félags skógareigenda á Suðurlandi hafa undirritað samning við Uppbyggingarsjóð Suðurlands um styrk vegna undirbúnings og stofnunar rekstrarfélags sem hefur með höndum að móta stefnu, greina tækifæri í úrvinnslu og markaðssetningu skógarafurða og að kynna verkefnið.**

Undirritun fór fram á félagsfundi í liðinni viku og var vel mætt. Góðir gestir sóttu fundinn, m.a. Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri, Björn B. Jónsson, sem sér um úrvinnslu og markaðsmál hjá Skógræktinni og Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri samhæfingarsviðs Skógræktarinnar.

Margt er að gerast í skógræktarmálum, segir í frétt á vef Félags skógareigenda, og mikil tækifæri að skapast í uppbyggingu á þessari ungu atvinnugrein. /MÞÞ



Vel var mætt á félagsfund Félags skógareigenda á Suðurlandi þar sem samingur við Uppbyggingarsjóð Suðurlands var undirritaður.





Meðferð varnarefna

Í samstarfi við Umhverfisstofnun, Vinnueftirlitið og Landssamtök meindýraeyða.

Námskeiðið skiptist í þrjá hluta, þar sem hver um sig stendur sjálfstætt og settir upp fyrir eftirfarandi markhópa:

1. Þá sem hyggjast gerast ábyrgðarmenn í markaðssetningu varnarefna
2. Þá sem hyggjast nota varnarefni í landbúnaði og garðyrkju
3. Þá sem hyggjast nota varnarefni við eyðingu meindýra

Námskeiðin hefjast 6. mars hjá LbhÍ á Keldnaholti í Reykjavík

www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000


# Stjórn AFE leggur til hækkun á framlagi sveitarfélaga

**Byggðaráð Dalvíkurbyggðar fjallaði um erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar á fundi sínum á dögunum, þess efnis að framlög sveitarfélaga sem standa að atvinnuþróunarfélaginu hækki um 20%. Stjórn Atvinnuþróunarfélagsins mun á aðalfundi þess í apríl leggja til 20% hækkun á framlögum sveitarfélaga og að hún muni gilda afturvirkt frá áramótum.**

Fram kemur í fundargerð Byggðaráðs að framlag Dalvíkurbyggðar fyrir árið 2017 yrði þá ríflega 3 milljónir króna, en það var rúmlega 2,5 milljónir árið 2016 og í fjárhagsáætlun fyrir þetta ár var gert ráð fyrir nokkurn veginn sömu upphæð.

Einnig kemur fram að ráðið hafi á því skilning að hækka þurfi framlög sveitarfélaga til AFE vegna uppsafnaðs misgengis launa- og neysluvísitölu undanfarinna ára. „Hækkunin er nokkuð mikil eða sem nemur 20% og ekki gert ráð fyrir slíku í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og gildir það sjálfsagt um fleiri sveitarfélög. Finna þarf leið til þess að hækkanir á framlögum sveitarfélaga til AFE verði ákveðnar áður en fjárhagsáætlunarvinna sveitarfélaga fer fram að hausti,“ segir í bókun frá fundinum.

*Sterkara hagsmunaafl gegn ríkinu*

Þá vonast Byggðaráð til þess að á aðalfundi AFE í apríl næstkomandi verði umræður um málið sem og um sameiningu atvinnuþróunarfélaganna og Eyþings. Fagnar ráðið því að stjórn Eyþings hafi ákveðið á fundi í nóvember á liðnu ári að ræða við forsvarsmenn Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri um úttekt á sameiningu atvinnuþróunarfélaga og Eyþings.

„Ljóst er að með slíkri sameiningu og/eða með jafnvel enn víðari sameiningu á samstarfsverkefnum sveitarfélaga verði hægt að mynda miklu sterkara hagsmunaafl á Eyþingssvæðinu gagnvart ríkisvaldinu. Nýting fjármagns og mannauðs ætti að batna með sameiningu auk þess sem leiða má líkur til þess að öll stjórnsýsla og skjalavarsla verði agaðri og í samræmi við þau lög sem sveitarfélög þurfa að vinna eftir.“ /MÞÞ

Skagafjörður:

# Nær 67 þúsund gestir á söfn, setur og sýningar

**Nær 67 þúsund gestir heimsóttu sýningar á minjastaði sem tengjast Byggðasafni Skagfirðinga á liðnu ári.**

Þar er um að ræða gestakomur hvarvetna í Skagafirði þar sem sýningar eru meira og minna byggðar á safngripum frá Byggðasafni Skagfirðinga, í Glaumbæ, Vesturfarasetrinu á Hofsósi og Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal, en alls komu tæplega 58 þúsund gestir á sýningar þar. Sé Víðimýrarkirkju bætt við heimsóttu 66.828 gestir sýningar og minjastaði sem safnið tengist á árinu 2016 að því er fram kemur á vefsíðu safnsins.

*Aukning að vori og hausti*

Fram kemur að gestir Víðimýrarkirkju voru ríflega 8.300 sem er lítils háttar fjölgun frá í fyrra. Gestir Minjahússins voru 4.518, sem er tvöföldun frá árinu áður og gestir í gamla bænum í Glaumbæ voru 45.002. Mest var fjölgun gesta í gamla bænum í Glaumbæ að vori og hausti, í apríl, maí, september og október. Tvöföldun gestatölu í Minjahúsinu skýrist á því að enginn aðgangseyrir var tekinn inn á sýningarnar þar á þessu ári og fjölgun var á ferðamönnum sem fóru um Sauðárkrók sl. sumar miðað við árið áður.

*Öflug starfsemi*

Sögusetur íslenska hestsins var með öfluga starfsemi á síðasta ári og auk þess að setja upp nýja sýningu á efri hæðinni og yfirfara allt kynningarefni tók setrið virkan þátt í Landsmóti hestamanna sem fram fór á Hólum í Hjaltadal síðasta sumar og ráðstefnu um hrossarækt í 100 ár.

Á heimasíðu setursins segir að helstu verkefni þessa árs séu að yfirfara fastasýninguna á neðri hæðinni, efla safnbúðina og stórauka rafræna miðlun. Einnig er stefnt að auknum gestakomum en gestafjöldi jókst um 30% á síðasta ári. /MÞÞ


GÓLF Í GRIPAHÚS
SWAANS BETON
50 ÁRA REYNSLA
Swaansbeton hefur í meira en hálfa öld verið leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.
Gólfin frá Swaansbeton eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.
Hafðu samband:
bondi@byko.is
NAUTGRIPIR, SVÍN OG SAUÐFÉ
byko.is
BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN


IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR
• Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
• Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
• Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
• Hágæða hráefni.
• Þolir íslenskt veðurfar.
• Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
• Stuttur afgreiðslutími.
IS HURÐIR
IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is


Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir
HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm
HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm
HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm
HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm
HUSQVARNA DM 230
HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar
MHG VERSLUN
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN
MHG Verslun ehf I Akralind 4 I 201 Kópavogi I Sími 544-4656 I www.mhg.is


DEUTZ-FAHR Agrotron 6130.4
DEUTZ FAHR
Agrotron dráttarvélarnar frá DEUTZ-FAHR eru af mörgum taldar einar þær sterkustu og endingarbestu sem völ er á.
C-SHIFT útgáfan er þar engin undantekning. Hún er búin rafskiptingu á öllum gírum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír.
Við eigum til afgreiðslu strax nokkrar 130 ha DEUTZ-FAHR Agrotron 6130.4 C-Shift vélar á sérstöku tilboðsverði. Þessar vélar hafa alveg ótrúlegt afl - með snerpu smærri véla en styrkleika þeirra stærri.
Bændur hafið samband sem fyrst til að tryggja ykkur vél á þessu hagstæða verði. Aðeins örfáar vélar í boði.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500
AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is

Á FAGLEGUM NÓTUM

## Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL):

# Landnámshænur og ræktun þeirra

**Landnámshænan er eitt af íslensku búfjárkynjunum og telst til svokallaðra landkynja en það eru húsdýr sem hafa aðlagast umhverfi sínu án sérstakra kynbóta. Landnámshænan er harðgerð, forvitin og dugleg að bjarga sér.**

Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna (ERL) er félag sem stofnað var til utanumhalds á landnámshænunni og ræktun hennar. Stuðla þannig að verndun hennar og vera vettvangur fyrir áhugafólk um hana til þess að koma saman eða vita af hvað öðru. Félagið var stofnað árið 2004 og er því að hefja sitt fjórtánda starfsár. Félagið byggir á vinnu og verndunarstarfi dr. Stefáns Aðalsteinssonar búfjárfræðings, sem starfaði lengi vel hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) og var ötull talsmaður verndunar erfðauðlinda. Hann var frumkvöðull í verndun landnámshænunnar á árunum í kringum 1975 er hann ferðaðist um landið og safnaði saman landnámshænum og eggjum úr henni á þeim stöðum sem hann taldi fuglinn vera óblandaðan.



Landnámshænur. Mikið er lagt upp úr því hjá ERL að halda stofninum hreinum samkvæmt þeirri skilgreiningu sem gerð var 2012. Allir blendingar með önnur einkenni eru því ekki viðurkenndir af félaginu sem landnámshænur.

EIGENDA- OG RÆKTENDAFÉLAG LANDNÁMSHÆNSNA



### *Skilgreining á landnámshænum*

Á aðalfundi 2011 var samþykkt að skipa fimm manna nefnd á vegum félagsins (ERL) til þess að skilgreina einkenni landnámshænunnar. Í þessari nefnd sátu Ólafur Dýrmundsson, Jóhanna Harðardóttir, Júlíus Már Baldursson, Jónas P. Hreinsson og Bjarni Sigurðsson.

Nefnd þessi kynnti niðurstöður sínar á aðalfundi 2012 og voru þær samþykktar með minni háttar athugasemdum á fjölmennum aðalfundi árið 2012.

Framhaldsvinna ERL hvað þetta snertir var að koma upp skrá yfir viðurkennda ræktendur á landnámshænum af hálfu ERL. Það eru ræktendur landnámshænsna sem halda og rækta landnámshænur sem standast útlits- og atferliseinkenni félagsins. Aðalfundur 2013 fól stjórn að koma þessari vinnu í framkvæmd. Þetta var nauðsynlegt skref í því langhlaupi sem verndun landnámshænunnar er. Þetta kemur reglu á ræktunarstarfið, tryggir kaupendum landnámshænsna þá vöru sem þeir telja sig vera að kaupa og auðveldar ræktendum og eigendum markmiðasetningu í sinni ræktun og hænsnahaldi. ERL hvetur ræktendur landnámshænunnar að halda henni á lofti í umræðunni og vera duglega að miðla fuglum eða eggjum til þeirra sem hafa hug á að koma sér upp stofni landnámshænsna.



EIGENDA- OG RÆKTENDAFÉLAG
LANDNÁMSHÆNSNA

Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Póstnúmer og staður

ERL vottar að hér eru haldnir fuglar samkvæmt gildandi reglum um viðurkennd útlits- og atferliseinkenni landnámshænsna.
ERL áskilur sér að setja viðkomandi á skrá yfir viðurkennda ræktendur á heimasíðu félagsins www.haena.is
ERL áskilur sér rétt til að framkvæma skoðanir til breytinga á skráningunni ef þurfa þykir eða ábendingar berast.

**Stjórn ERL**

Undirskrift formanns | f.h. trúnaðarmanna

Dagsetning

Svona lítur vottorðið út sem á að staðfesta að þeir sem það fá haldi fugla samkvæmt gildandi reglum um viðurkennd útlits- og atferliseinkenni landnámshænsna.



### *Endurgjaldslaus úttekt fyrir félagsmenn*

Öllum félagsmönnum gefst kostur á að fá úttekt af hálfu félagsins endurgjaldslaust á sínum hænum og fá þannig staðfestingu og leiðsögn um ræktunarstarfið sitt. Þetta er þó engin skylda og félagið stendur öllum áhugamönnum opið. Standist viðurkenningu, verður eigandi viðkomandi hóps hluti af tengsla- og ræktunarneti landnámshænsna. Nafn hans birtist á ræktendalista félagsins, í árlegu tímariti félagsins, Landnámshænan, og á heimasíðu félagsins www.haena.is. Ræktendalistinn birtist einmitt í grein Jóhönnu Harðardóttur í Bændablaðinu 12. janúar síðastliðinn.

Stjórn ERL vill koma fram þakklæti til þeirra fjölmörgu félagsmanna sem sótt hafa um vottun/úttekt á sínum hænum. Þetta starf er þó allt rekið í sjálfboðaliðavinnu og tekur því stundum lengri tíma en áætlað er. Það er því mikilvægt að þakka þeim vel sem komið hafa að vottun/úttekt og ekki sýst þeim fjölmörgu umsækjendum sem sumir hverjir hafa sýnt einstaka biðlund eftir heimsókn. Það er líka ánægjulegt að heyra af þeim sem bæta sig eftir að komið hafa upp áföll í ræktuninni.

Mikill áhugi er á félaginu um þessar mundir og því ber að fagna. Félaginu berast fjölmargar fyrirspurnir í hverri viku. Það er greinilegt að hænsnaunnendum er umhugað um landnámshænuna og verndun hennar. Félagið er fyrir alla sem vilja hag landnámshænunnar sem bestan. Það þarf ekki að eiga hænur til þess að vera með og taka þátt í verndunarstarfi landnámshænunnar. Nýir félagar eru ávallt velkomnir.

*Stjórn Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna*
***Hugi Ármannsson****, formaður*
***Valgerður Auðunsdóttir****, gjaldkeri*
***Magnús Ingimarsson****, ritari*

SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA

**Aðalfundur**
**Sambands garðyrkjubænda**
verður 16. mars 2017, kl. 13:00
á Icelandair Hótel Flúðum.

Hefðbundin aðalfundarstörf,
skv. samþykktum félagsins.

Félagar hvattir til að mæta vel til fundarins.

*Kerruvarahlutir á góðu verði*

*Samhliða innflutningi okkar á Indespension kerrum erum við með varahluti og hluti til kerrusmíða fyrir flestar kerrugerðir, t.d. Indespension, Ifor Williams o.fl. Eigum á lager mikið úrval varahluta í helstu gerðir bremsu og hjólabúnaðar fyrir Alko og Knott. Bjóðum einnig sérpantanir.*




JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is

# Ársfundur Bændasamtaka Íslands 2017



**Föstudaginn 3. mars** verður ársfundur Bændasamtakanna haldinn í menningarhúsinu **Hofi á Akureyri**. Hefðbundin aðalfundarstörf verða um morguninn en eftir hádegi blása bændur til opinnar ráðstefnu þar sem fjallað verður um framtíðina í íslenskum landbúnaði.
Um kvöldið verður sannkölluð bændahátíð í Hofi þar sem bændum landsins og öðrum sporgöngumönnum landbúnaðarins gefst kostur á að gera sér glaðan dag í góðra vina hópi.

## Búskapur morgundagsins

### Ráðstefnudagskrá

Föstudaginn 3. mars
kl. 13.00–16.00

**Setning ráðstefnu**
Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ

**Ávarp**
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra

**Að stíga feti framar – nýsköpun, sjálfbærni og kolefnislausnir í landbúnaði**
Ari Trausti Guðmundsson alþingismaður

**Sjálfbærni í landbúnaði – tækifæri til aukinnar hagsældar**
Auður Magnúsdóttir, deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar LbhÍ

**Straumar og stefnur í neytendamálum – breytingar á neytendamarkaði og samfélagsábyrgð**
Oddný Anna Björnsdóttir, verkefnastjóri í samfélagsábyrgð og neytendavernd hjá Krónunni

*Kaffihlé*

**Nýjasta tækni í landbúnaðartækjum og orkunotkun**
Finnbogi Magnússon landbúnaðartæknifræðingur

**Vélaverktaka til sveita – tæknilausnir og hagkvæmni**
Bessi Freyr Vésteinsson, vélaverktaki og bóndi í Hofsstaðaseli

**Tækni við úrvinnslu búvara – rekjanleiki og upplýsingagjöf til neytenda**
Brynjar Már Karlsson, nýsköpun og þróun hjá Marel

*Pallborðsumræður fyrir kaffihlé og að erindum loknum*

**Ráðstefnustjóri:** Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

### Bændahátíð í Hofi

Föstudaginn 3. mars
kl. 20.00

**Fordrykkur og þriggja rétta máltíð í Hömrum**

**Rammíslenskur matseðill**

**Forréttur** Norðlenskt tapas, kjöt, fiskur og ostur úr „bakgarðinum"

**Aðalréttur** Villikryddaður lambahryggjarvöðvi, ristuð rófa, sultaður laukur, soðbakað jarðepli og blóðbergsgljái

**Eftirréttur** Súrmjólk, skyr, rjómi og íslenskt Omnom súkkulaði – heitt, kalt og ískalt

**Fjölbreytt skemmtiatriði**

Karlakór Eyjafjarðar
Hagyrðingar Bændablaðsins
Dúettinn Vandræðaskáld
Rúnar Eff
Danshljómsveit Friðjóns Jóhannssonar
Happdrætti

**Veislustjóri:** Haraldur Benediktsson, bóndi á Vestri-Reyni og alþingismaður

Aðgöngumiði á bændahátíð kostar einungis **7.500** kr. fyrir félagsmenn BÍ. Fullt verð **8.900** kr.
Miðapantanir í síma 563–0300 og á vefsíðunni bondi.is. Frestur til að panta er til 28. febrúar.
Upplýsingar um hótel- og gistirými á Akureyri er að finna á vefnum *www.visitakureyri.is*.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

Gamli traktorinn



# Wallis – Björninn og Húnninn

**Wallis dráttarvélar nutu talsverðra vinsælda í Norður-Ameríku á fyrri hluta síðustu aldar. Þær urðu síðar hluti af Massry-Harris samstæðunni.**



Uppruna Wallis dráttarvéla má rekja til fyrirtækisins J. I. Case Plow Works sem var stofnað í Ohio-ríki í Bandaríkjunum árið 1884 til að framleiða plóga og önnur jarðvinnslutæki.

Þegar stofnandi fyrirtækisins, Jerome I. Case, féll frá 1891 tók tengdasonur hans, Henry M. Wallis, við rekstrinum. Samhliða framleiðslu á jarðvinnslutækjum hóf hann hönnun á þriggja járnhjóla dráttarvél sem ganga átti fyrir olíu í stað gufu sem var algengast á þeim tíma.

### *Fyrsti Wallisinn*

Árin 1912 og 1914 setti fyrirtækið á markað tvær týpur Wallis dráttarvéla sem kölluðust Bear og Cub, eða Björninn og Húnninn, og voru mismunandi af stærð.

Bear var mun stærri og öflugri en Cubinn. Við markaðssetningu traktoranna var mikið lagt upp úr að þeir væru sparneytnir á olíu.



### *Björninn*

Björninn var um 50 hestöfl, vó rúm sjö tonn og með fjögurra strokka og til þess gerður að draga stór og þung jarðvinnslutæki og plóga. Framhjólið var um metri að breidd og afturhjólin hálf sú stærð. Ganghraðinn var þrír gírar áfram og einn aftur á bak.



### *Húnninn*

Fyrsta útgáfan af húninum var 25 hestöfl og vó rúm 3,4 tonn en sú sem fylgdi í kjölfarið var 44 hestöfl og tæp 3,8 tonn að þyngd og með fjögurra strokka vél. Gírarnir voru tveir áfram og einn aftur á bak.

Wallis Cub var fyrsta dráttarvélin sem var með heilum undirvagni.

### *Cub Junior*

Sala á Cubnum var góð og á næstu árum voru nýjar týpur eins og Cub Junior eða Model J settar á markað. Junior var 25 hestafla smátraktor á þremur hjólum og vó ekki nema 1,3 tonn. Ganghraðinn var einn gír áfram og einn aftur á bak.

### *Módel K og OK*

Árið 1920 setti fyrirtækið módel K sem var fjögurra hjóla dráttarvél sem byggði að hluta á hönnun bresku Ruston og Hornsby dráttarvélanna. Stærstur hluti Model K var framleiddur til útflutnings og seldur til Ástralíu og Nýja-Sjálands.

Þrátt fyrir að Model K væri fjögurra hjóla voru 380 slíkir framleiddir á þremur hjólum.

Árið 1923 var greint frá því að hönnun á nýrri týpu Wallis dráttarvélar væri vel á veg komin og skyldi hún kallast Model OK. Um var að ræða minnsta Vallis traktorinn til þessa og var hann ætlaður vínberja- og ávaxtaræktendum. Salan hans var dræm og framleiðslunni fljótlega hætt.

### *Massey-Harris eignast J. I. Case Plow Works*

Árið 1927 tók Massey-Harris að sér sölu á Wallis dráttarvélum í Kanada og ári síðar yfirtók Massry-Harris fyrirtækið með manni og mús. J. I. Case Plow Works er því að hluta til grunnurinn að því veldi sem seinna varð Massey-Harris Feguson. /VH



UTAN ÚR HEIMI



Grískur almenningur hefur mótmælt því að þurfa að taka á sig óreiðuskuldir bankakerfisins.

## Enn er titringur á evrusvæðinu og hjá evrópskum bönkum:

# Raunverulegur grískur harmleikur sagður í uppsiglingu í sumar

## – Grísk stjórnvöld verða að öllu óbreyttu uppiskroppa með lausafé í júlí

**Breska fjármálablaðið Financial Times sagði fyrr í mánuðinum að evrusvæðið (Eurozone) sé enn og aftur komið í vandræði út af Grikklandi. Eftir nokkurra mánaða þögn sé vandi Grikklands nú aftur að komast í kastljósið sem mesta áhyggjumál Evrópusambandsins.**



Fjármálaspekingar hafa velt þvífyrir sér hvort fall gríska efnahagskerfisins geti orðið sá dómínókubbur sem fellir að lokum evruna.

Sem kunnugt er fór ESB í stórkostleg peningaútlát til að kaupa verðlaus skuldabréf af bönkum í Grikklandi sem útilokað var að Grikkir gætu staðið við að borga. Peningarnir runnu síðan áfram, einkum inn í þýska, franska og ítalska banka, sem voru í bakábyrgð fyrir bréfunum. Grískur almenningur var síðan látinn taka á sig skuldir bankanna með því að ríkissjóður Grikklands var gerður ábyrgur fyrir vandræðum óreiðumanna með útgáfu ríkisskuldabréfa á móti fjárstuðningi ESB. Það þýddi um leið botnlausan niðurskurð á útgjöldum gríska ríkisins með ómældri skerðingu á opinberri þjónustu. Það kallaði á mikla reiði almennings í landinu og ekki hefur mikill straumur flóttamanna frá Tyrklandi lagað þá stöðu.

Til að fegra stöðuna tóku evrópskir bankar gríðarlegt magn af ónýtum grískum skuldabréfum inn í sína efnahagsreikninga þar sem þeim var veifað sem eign. Þetta hefur síðan verið að plaga banka eins og Deutsche Bank og Banca Monte dei Paschi di Siena á Ítalíu, elsta banka heims, enda eru bréfin jafn verðlaus og áður.



Líklega er fjálmálakerfi Grikklands verr á sig komið en hinar fornu rústir í Aþenu. Seðlabanki Evrópu á allt sitt undir að kerfið hrynji ekki vegna mikilla eigna sinna í evruskuldabréfum. Þau eru tilkomin vegna björgunar á bönkum, ekki síst í Grikklandi, Ítalíu og á Spáni og vegna gríðarlegrar seðlainnspýtingar inn í fjármálakerfi Evrópu sem ætlað var að koma hjólum efnahagslífsins í gang.

### *Ágreiningur milli Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og ESB*

Nú er uppi klofningur milli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) og evrusvæðisins vegna þess að fyrri áætlanir sjóðsins um lausn á vanda Grikklands hafa ekki gengið upp. Þá er krafa ESB um að ríkissjóður Grikklands skili 3,5% afgangi strax á næsta ári og viðhaldi slíku ástandi, talin algjörlega óraunhæf. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn vill fara hægar í sakirnar og að stjórnvöld í Aþenu skili „aðeins“ 1,5% tekjuafgangi á ríkissjóði til að nota til að greiða niður skuldir, sem flestum hugsandi mönnum finnst líka út í hött að hægt sé að standa við.

### *Eldfimt mál*

Málið er talið afar eldfimt vegna komandi kosninga í Þýskalandi, en þýsk stjórnvöld hafa krafist þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komi að öllum björgunaraðgerðum í Grikklandi, enda evrusvæðið væntanlega í nægum vandræðum án Grikkja. Átökin nú eru þó ekki bara á milli IMF og stjórnvalda í Berlín, því grísk stjórnvöld eru saltvond yfir svartsýnum spám IMF og kröfum um aukinn niðurskurð í framtíðinni. Þá kemur væntanlega í ljós í kosningunum í Þýskalandi hvort Angel Merkel heldur velli eða hvort þýskir kjósendur séu búnir að fá nóg af peningaaustri ríkisins til að bjarga fjárglæframönnum í bankakerfinu heima og erlendis.

### *Grikkir skulda 320 milljarða evra*

Skuldir gríska ríkisins nema nú um 320 milljörðum evra og atvinnuleysið í landinu er um 23%. Áframhaldandi óvissa um endurreisn Grikklands er talin draga úr áhuga fjárfesta á að koma þar inn með fjármagn að nýju. Það gerir síðan allar spár IMF óraunhæfar. Verði ekki leyst úr þessum flækjum mun Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ekki koma að þriðja hluta endurreisnarplansins sem fyrirhugað er að af ESB.

### *Peningakassinn tæmist í júlí*

Sem stendur hefur gríska ríkið ekki nægt lausafé til að halda rekstri ríkisins gangandi nema fram til júníloka. Ef ekki fæst þá frekari aðstoð kemst ríkissjóður landsins í þrot, enda eiga Grikkir þá að standa skil á 7 milljarða evra láni. Peningum sem ríkið á ekki til. Óvissa er um þá aðstoð þar sem samkomulag um leiðir liggur ekki fyrir og virðist vera stál þar sem ESB vill ekki láta af hendi meiri peninga án aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Náist ekki samkomulag komast stærstu bankar Evrópu í enn meiri vandræði en þeir eru þegar í.

Ef ekkert gerist, þá segir Financial Times að við blasi raunverulegur grískur harmleikur. /HKr.



Gott úrval af leikföngum
Dúkkuhús - Kubbar - Þríhjól - Trampolín ofl.
skoðaðu úrvalið á www.krumma.is

BRIO. KAPLA BERG PRIMO Schleich

Vefverslun
Opið 24/7
www.krumma.is

Leiktæki
Leikföng
Fallvarnir
Föndurvörur
Girðingar
Þríhjól
ofl.

Gylfaflöt 7 | 112 Reykjavík | 587 8700 | krumma.is | krumma@krumma.is | Opið 08.30 - 18.00 mán-fös, 11.00 - 16.00 lau


**Bændablaðið** Smáauglýsingar 56-30-300

– Næsta blað kemur út 9. mars –


DEKKJASALA AKUREYRAR

**Úrval hjólbarða á betra verði**

**Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.**



Vinnu- og dráttarvéladekk

**20%**
afsláttur af öllum dekkjum
til 15. mars 2017

Double Star vörbíladekk



Double Star Jeppadekk 35x12,5x15

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL Smurþjónusta

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350



# Rafstilling ehf

Langstærstir í viðgerðum og sölu á
**Alternatorum og Störturum**



Einnig getum við úvegað startara og alternatora
í allskonar smávélar frá Ameríku

ARROWHEAD ELECTRICAL PRODUCTS, INC.

Áratuga reynsla

Hröð og góð þjónusta um allt land

Dugguvogi 23, 104 Reykjavík, sími 581 4991, rafstilling@rafstilling.is
Opið mán.-fim. 8-12 og 13-18, fös. 8-14



**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík






Eigum á lager mikið úrval varahluta í jarðvinnslutæki af eftirtöldum gerðum: Pöttinger, Vogel & Noot, Kverneland, Howard, o.fl

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



Nútíma **músa**varnir

HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:
Bústólpi | FÓÐURBLANDAN | BÚREKSTRARDEILD | KVH | Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun

**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012



**SÁRASPREY** FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Siglufjörður · Sími 460 6900 · info@primex.is · **www.primex.is**

HELSTU NYTJADÝR HEIMSINS



Lamadýr eru talsvert alin í Kanada, eins og þetta sem Jane Hutchins Byerns, textílhönnuður á Vancouvereyju, er að rækta vegna ullarinnar. Mynd / HKr.

# Lamadýr – svöl til augnanna og harðgerð

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Í huga margra eru lamadýr einkennisdýr hásléttnanna í Suður-Ameríku. Nytjar á lamadýrum eru margvíslegar. Ull þeirra er vinsæl, dýrin eru harðgerð burðardýr og þeim fer fjölgandi. Umhverfisstofnun lagðist ekki gegn innflutningi lamadýra til Íslands í umsögn árið 2003.**

Áætlaður fjöldi lamadýra í heiminum er rúm sjö milljón og hefur þeim fjölgað undanfarna áratugi. Uppruni þeirra er í Suður-Ameríku og í dag finnast tvær tegundir villtra lamadýra í þeim hluta Nýja heimsins handan Atlantsála. Villilama, Lama glama, og gúanakkar, Lama guanicoe. Langflest lamadýr í heiminum í dag eru tamin og afkomendur Lama glama.

Nánustu ættingjar lamadýra eru úlfaldar, Camelus sp., alpakkadýr, Vicugna pacos og vikúnjadýr, Vicugna vicugna.

Lamadýr eru algengust í Suður-Ameríku. Rúm 160 þúsund tamin lamadýr er að finna, tvist og bast, í öllum ríkjum Bandaríkjanna Norður-Ameríku og ríflega hundrað þúsund í Kanada. Auk þess sem fjölda lamadýra er að finna í Ástralíu og Evrópu. Fjölgun þeirra í dag er mest utan Suður-Ameríku.

Engin lamadýr finnast á Íslandi þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hafi ekki lagst gegn innflutningi þeirra í umsögn árið 2003. Í umsögn sinni taldi stofnunin að strangar reglur þyrftu að gilda um notkun dýranna og sleppingu.

### *Dýr hásléttunnar*

Elstu leifar um forfeður lamadýra eru um 40 milljón ára gamlar og af sléttum Norður-Ameríku. Þriggja milljón ára gamlir beinafundir í Mið-Ameríku sýna fram á far dýranna til Suður-Ameríku. Lamalík dýr hafa verið algeng sjón í suðurríkjum Norður-Ameríku, Kaliforníu, Utah, Texas og Flórída, fyrir 250 þúsund árum.



Ekki er vitað hvenær lamadýr voru fyrst tamin en talið er að það hafi verið á hásléttum Perú 4.000 til 5.000 árum fyrir Krist.

Ekki er vitað hvenær lamadýr voru fyrst tamin en talið er að það hafi verið af Inkum á hásléttum Perú 4000 til 5000 árum fyrir Krist.

Lamadýr eru einstaklega vel aðlöguð þunnu háfjallalofti og búsvæði þeirra nær hæglega í yfir 3.500 metra hæð yfir sjávarmáli. Rauð blóðkorn lamadýra hafa þróast á einskakan hátt til að binda og flytja súrefni um líkama þeirra.

Lamadýr eru spendýr, grasbítar og jórturdýr með þrískiptan maga eins og úlfaldar en ekki fjórskiptan eins og nautgripir og sauðfé. Kjörlendi lamadýra eru víðáttumikil graslendi og þurrar sléttur nálægt góðu vatnsbóli.



Í dag eru lamadýr mest ræktuð vegna ullarinnar.

### *Efri vörin klofin*

Lamadýr eru að jafnaði 160 til 180 sentímetrar á hæð og milli 130 og 210 kíló að þyngd. Höfuðið er fremur smátt miðað við líkamsstærð, eyrun eru löng og snúa eilítið inn á við og líkjast einna helst bönunum.

Efri vör þeirra er klofin sem gerir þeim auðveldara að bíta smágerðan háfjallagróður. Hálsinn er langur og fæturnir grannir en dindillinn stuttur og mjúkur. Feldurinn er þykkur, loðinn og ullarkenndur. Litarhaft dýranna er breytilegt, svart, hvítt, rautt og brúnt. Lamadýr geta einnig verið tvílit og kallast þá líklega skjöldótt.

Lamadýr eru klaufdýr og á gangi færa þau fram- og afturfót sömu hliða samtímis en hvíla hina fæturna á fituþófum sem eru neðan á tám klaufanna. Göngulagið dreifir þunga dýranna og gerir að verkum að þau sökkva síður í þurran, sendinn og grýttan jarðveg.

### *Ævilengd, meðganga og hegðun*

Algengur lífaldur lamadýra er 15 til 25 ár en vitað er um dýr sem hafa orðið ríflega 30 ára gömul. Kvendýrið verður kynþroska snemma á öðru ári og getur átt eitt og stöku sinnum tvö afkvæmi á ári í allt að fimmtán ár. Fengitími lamadýra er óárstíðabundinn og meðgangan ellefu til tólf mánuðir.

Við mökun liggja kvendýrin, sem er óvenjulegt, meðal stórra spendýra en það tíðkast einnig meðal úlfalda. Mökunin tekur frá tuttugu mínútum upp í klukkustund sem er einnig óvenjulegt meðal spendýra.

Kýr lamadýra bera standandi og tekur burður yfirleitt um 30 mínútur. Kálfarnir eru oftast sjö til tólf kíló við burð og oftast komnir á legg og spena klukkustund eftir fæðingu. Mjólk lamakúa er fitusnauð en kalsíum- og fosfórrík. Mjólkurframleiðsla kúanna er takmörkuð og fá kálfarnir litla skammta í einu og því títt á

spenn fyrstu ævidagana. Kálfarnir eru á spena í um sex mánuði.

Burður á sér yfirleitt stað um sólarupprás þegar loft fer að hlýna á hásléttunum sem eykur lífslíkur afkvæmanna.

Karldýrin verða ekki kynþroska fyrr en við þriggja ára aldur.

Lamadýr eru hópdýr þar sem tugir og jafnvel hundruð dýra geta myndað hóp. Hver hópur samanstendur af minni fjölskylduhópum með fimm til tíu kvendýrum og einu karldýri. Forustukarldýrið makast með öllum kúnum í fjölskylduhópnum og ver hann fyrir rándýrum og öðrum mökunarfúsum lamanautum.

Sagt er að geld lamanaut séu eins og bestu varðhundar og víða eru slík, yfirleitt ein og sér, vanin til að fylgja sauðfé og geitum og vara bústofninn við rándýrum.

### *Varnarhljóð lamanauta er hátt og hvellt blístur*

Ungkarldýr og naut sem ekki eru forustudýr í hjörð mynda hjörð vonbiðla eða piparsveina sem halda sig frá en samt norpandi kringum fjölskylduhópana. Laskist forustutarfur fjölskylduhóps eru ungtarfarnir fljótir til og bítast um hópinn með kjafti, hnubbi og spörkum.

### *Burðardýr og ull*

Upphaflega voru lamadýr veidd og nytjuð til átu. Snemma var einnig farið að nýta ullina til vefnaðar í teppi, fatnað, reipi og aðra nytjahluti.

Lamadýr eru rúin einu sinni á ári eða á tveggja ára fresti eftir vexti ullarinnar og gefur hver rúning af sér um þrjú kíló af ull. Ull lamadýra er gerð úr tveimur gerðum hára. Annað er lengra og grófara, hitt styttra og fíngerðara. Grófara hárið er notað í grófari vefnað eins og reipi en það fínna er spunnið í garn og notað í klæðnað.

Húðir lamadýra eru spýttar í leður sem þykir endingargott, enda þykkt, og meðal annars notað í handtöskur, belti, húsgögn og skó.

Saur lamadýra er nánast skraufþurr og lyktarlaus við losun og nýttur sem áburður og eldiviður. Tilgátur eru uppi um að saurinn hafi gegnt afgerandi hlutverki sem áburður í landbúnaðarbyltingunni í S-Ameríku og sé þannig undirstaða menningar Maja, Inka, og Asteka. Svo sem saur húsdýra hefur almennt gegnt í sögu menningarþjóða heimsins.

Fornminjar sýna að lamadýr hafa verið sett í grafir til að fylgja fólki yfir í Sumarlandið.

Lamadýr eru í dag, líkt og fyrr á tímum, notuð sem burðardýr og eiga auðvelt að feta vegleysur í fjalllendi sem ófært nútíma farartækjum.



**Lamadýr eru vel aðlöguð þunnu háfjallalofti og búsvæði þeirra nær hæglega yfir 3.500 metra hæð yfir sjávarmáli.**

Dýrin geta borið allt að fjórðungi líkamsþyngdar sinnar, eða milli 25 til 50 kíló eftir stærð. Landadýr eru einnig einstaklega þolin og geta borið byrðar yfir 30 kílómetra á átta til tíu klukkustundum og farið um á allt að 45 kílómetra hraða á klukkustund stuttar vegalengdir í góðu færi.

Þrátt fyrir að lamadýr séu sögð meðfærileg og viljug burðardýr eiga ofhlaðnir og þreyttir einstaklingar það til að vera staðir, leggjast á jörðina og spýta hraustlega á þann sem reynir að stugga við þeim. Dýrin standa yfirleitt ekki upp fyrir en byrði þeirra hefur verið létt.

Dýr ofar í goggunarröð fjölskylduhópa sýna stöðu sína með því að spýta á sér lægra sett dýr. Pirruð lamadýr í dýra- eða á búgörðum eiga til að gera sama við fólk og mun spýjan úr þeim vera einkar illa þefjandi og andstyggileg.

### *Lamadýr og gull*

Lamadýr voru einu eftirlifandi stóru grasbítarnir í Suður-Ameríku þegar Kólumbus og kónar hans römbuðu á Nýja heiminn.

Á tímum Inkaveldis, sem féll fyrir Spánverjum 1572, voru flest lamadýr eign valdastjórnarinnar og fjölda þeirra stjórnað með ræktun og veiði bönnuð. Einungis æðstu valdhafar máttu eiga lamadýr og var fjöldi þeirra dýra sem einstaklingur átti tákn um ríkidæmi hans.



**Höfuð lamadýra er fremur smátt miðað við líkamsstærð og eyrun löng.** Mynd / HKr.



**Pirruð lamadýr í dýra- eða á búgörðum eiga til að spýta hraustlega á fólk og mun spýjan úr þeim vera einkar illa þefjandi og andstyggileg.**

Lamanautum og ófrjóum kúm var fórnað við trúarathafnir Inka. Kjöt dýranna þótti best ferskt en það sem var umfram var saltað eða þurrkað til geymslu. Auk þess sem sumir líkamspartar og innyfli þóttu hafa lækningamátt væru þau meðhöndluð rétt.

Eftir að Spánverjar lögðu veldi Inka voru nýju valdhafarnir fljótir að átta sig á gagnsemi lamadýra. Í einni heimild segir að hátt í 300 þúsund lamadýr hafi verið í burðarlest sem flutti gull úr námum við borgina Pontosí í Bólivíu til að sefa gullhungur Spánverjanna.

Evrópumenn fluttu með sér Gamla heims búfé til Nýja heimsins, nautgripi, hesta, sauðfé og geitur.

### *Lamadýr á Íslandi*

Þrátt fyrir að engin lamadýr finnist á Íslandi óskaði Íslenska lamafélagið eftir umsögn um hugsanlegan innflutning þeirra í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins snemma á þessari öld. Flytja átti dýrin inn frá Kanada og nota sem burðardýr í trússferðum. Umsagnarbeiðninni var vísað til Umhverfisstofnunar.

### *Mat Umhverfisstofnunar*

Greinargerð Umhverfisstofnunar frá 12. ágúst 2003, tilvísun UST20030700070/tb, er eftirfarandi:

*Efni − Innflutningur á lamadýrum:*

Vísað er í bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 7. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um að fá að flytja til landsins lamadýr, Lama glama. Í greinargerð með umsókninni er rakin ástæða þess að farið er fram á að flytja inn lamadýr og einnig er á faglegan hátt fjallað um helstu atriði sem geta skipt máli við umfjöllun um innflutning dýranna.

*Almenn umfjöllun:*

- Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn. Stofnunin telur ekki að lamadýr geti haft bein áhrif á íslenskar dýrategundir með því að blandast þeim. Lamadýr geta hugsanlega borið til landsins sjúkdóma sem gætu borist í búfé en það er á höndum Yfirdýralæknisembættisins að taka afstöðu til þess þáttar.
- Eins og fram kemur í greinargerð með umsókninni eru lamadýr grasbítar en nýta sér einnig laufblöð. Óvíst er því hvaða áhrif lamadýr hefðu í íslenskri náttúru, svo sem í náttúrulegum birkiskógum, eða á t.d. skógræktarsvæðum ef þau gætu lifað hér villt.
- Lamadýr er tiltölulega stór dýr og auðfinnanleg og á því að vera auðvelt að halda stofninum í skefjum eða fella hann með öllu ef upp koma þær aðstæður að ástæða er talin til þess.
- Umhverfisstofnun fer með umsjón friðlýstra svæða þ.m.t. þjóðgarða. Engin afstaða hefur verið tekin til þess, innan Umhverfisstofnunar, að nota lamadýr sem burðardýr á friðlýstum svæðum, sjá umfjöllun í greinargerð. Þó má gera ráð fyrir að það samrýmist betur 1. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd að nota íslenska hestinn sem burðardýr, á „gamla“ mátann, á Íslandi, þar sem ekki má nota vélknúin farartæki. En íslenski hesturinn er órjúfanlega tengdur menningarsögu landsins. Vissulega hefur það komið fyrir að stórir hópar hesta hafa valdið töluverðum landspjöllum en strangar reglur gilda um hestaferðir í þjóðgörðum.

*Niðurstaða:*

- Umhverfisstofnun telur að íslenskri náttúru stafi ekki bein hætta af innflutningi lamadýra og að tiltölulega auðvelt sé að hefta útbreiðslu dýranna sé það talið nauðsynlegt. Ekki kemur fram í innsendum gögnum hvort að tegundin geti þrifist vel á Íslandi séð í ljósi laga um dýravernd.
- Umhverfisstofnun telur að vel megi reka vistvæna útivist/ferðamennsku á Íslandi án lamadýra og að það eitt réttlæti ekki innflutning þeirra. Stofnunin hefur ekki tekið afstöðu til notkunar lamadýra á friðlýstum svæðum.
- Umhverfisstofnun metur ekki hvort landbúnaði geti stafað hætta af innflutningi tegundarinnar vegna sjúkdóma eða annars.
- Umhverfisstofnun leggst ekki gegn innflutningi lamadýra fyrir sitt leyti á þeim forsendum að stofnunin telur ólíklegt að tegundin geti haft mikil áhrif á íslenska náttúru. Stofnunin telur þó að strangar reglur verði að gilda um hvernig nota megi lamadýr og að óheimilt verði að sleppa þeim villtum í íslenska náttúru. Umhverfisstofnun telur ekki sérstaka þörf fyrir innflutning lamadýra til að stuðla að vistvænni útivist/ferðamennsku. Umhverfisstofnun bendir á að alltaf verður að fara varlega við innflutning nýrra tegunda vegna hættu á að sjúkdómar berist til landsins.

### *Lamadýr svo íslensk*

Þrátt fyrir tiltölulega hlutlausa umsögn Umhverfisstofnunar lagðist yfirdýralæknir alfarið gegn innflutningnum og Guðni Ágústsson, þáverandi landbúnaðarráðherra, hafnaði beiðninni árið 2014. Ekki hefur því orðið af innflutningi lamadýra til Íslands.

Öll nótt er þó ekki úti. Lamadýr eru í eðli sínu svo íslensk, svöl til augnanna og harðgerð og líkjast helst hálslangri sauðkind. Dýrin myndu án efa falla vel að íslenskri fjalla- og jöklasýn. − Lamadýrin heim.



**Lamadýr geta verið tvílit og kallast því líklega skjöldótt.**



**Við mökun liggja kvendýrin, sem er óvenjulegt, meðal stórra spendýra. Mökunin tekur frá tuttugu mínútum upp í klukkustund sem er einnig óvenjulegt meðal spendýra.**



**Sagt er að geld lamanaut séu eins og bestu varðhundar og víða eru slík vanin til að fylgja sauðfé og geitum og vara bústofninn við rándýrum.**

# Ofbeit í sjó veldur spjöllum á landi

**Við sláum því gjarnan föstu að lífríki sjávar og lands séu tiltölulega aðskilin. Fá dæmi eru þess að sveiflur í stofnstærð sjávarlífveru valdi beinum og mælanlegum spjöllum á landi.**

Hér verður fjallað um ferli sem er undantekning á þessu. Orsakasamhengi sem nýlega varð ljóst, og kann að vera allvíðtækt við strendur landsins. Miklar líkur eru á því að landrof og aðrar breytingar í landslagi megi beinlínis rekja til offjölgunar í stofni ígulkersins skollakopps á grunnslóð kringum landið. Þetta er sú niðurstaða sem greinarhöfundur hefur komist að, og unnt er að styðja margvíslegum rökum.



Kollsvíkurver. Mynd / Valdimar Össurarson

### Strandhögg víða um land

Á síðustu áratugum hefur sjór víða gengið hærra á land í brimi og stórstraumsflæðum en hann áður gerði. Rof hefur orðið í sjávarbökkum og ævaforn mannvirki og minjar orðið fyrir tjóni. Fornar verstöðvar eru víða að hverfa í hafið, og með þeim ómetanlegur hluti menningarsögunnar.

Annars staðar hefur brimið rutt á land skeljasandi í meira mæli en áður voru dæmi um, með tilheyrandi sandfoki og landeyðingu.

### Breytingar í náttúrufari Kollsvíkur

Ég er einn þeirra sem hugleitt hafa orsakir þessa, en óvíða eru breytingarnar greinilegri en á mínum heimaslóðum, Kollsvík í Rauðasandshreppi, nú Vesturbyggð. Kollsvík er ein Útvíkna, sem eru vestast á skaganum milli Patreksfjarðar og Breiðafjarðar, hinar eru Breiðavík og Látravík. Í þeim öllum eru miklar skeljasandsfjörur, og sandfok hefur verið viðvarandi ógn um aldaraðir. Í öllum víkunum hefur sjór á síðustu árum valdið óvenju miklu rofi á sjávarbökkum og minjum sem á þeim standa, en útræði var fyrrum á hin gjöfulu fiskimið á grunnslóð.

Hér verður litið til breytinga sem orðið hafa í náttúrufari í Kollsvík, en líklega á það sama við víðar um strendur landsins. Undir lok nýliðinnar aldar fóru menn að taka eftir því að eitthvað óvenjulegt var að gerast, sem lýsti sér einkum í eftirfarandi:

- Rof sjávarbakka upphófst sunnan til í víkinni, í áður óþekktum mæli. Þar stóð hin forna og mikla verstöð Láganúpsver um margra alda skeið; líklega milli 1400 og 1700, og var hún þá ein stærsta verstöðin á sunnanverðum Vestfjörðum. Þessi forna verstöð er nú í verulegri hættu, en á um 200 metra kafla hefur brimið brotið bakkana. Í rofsárinu sjást gríðarmikil mannvistarlög: Hver steinhleðslan ofan á annarri, þykk beinalög, gólfskánir og öskulög; allt er það að hverfa í hafið. Minjastofnun hefur fylgst með þróuninni og skoðar hugsanleg úrræði í samráði við Vegagerðina.

- Brimskaflar gengu á land nokkru sunnar og brutu skörð í langan steinhlaðinn garð sem liggur um 300 metra kafla ofan sjávarbakkanna, ævagamall að uppruna og áður óspilltur af sjávarágangi. Ég hef unnið að viðgerðum á þessu mannvirki í samstarfi við Minjastofnun.

- Skeljasandur hlóðst upp við ströndina í gríðarmiklu magni. Sandfjörur hefur reyndar ávallt verið í Kollsvík, en á síðasta áratug 20. aldar jókst mjög þessi landburður. Í kjölfarið varð mikið sandfok sem valdið hefur töluverðum gróðurskemmdum í Láganúpslandi. Heimamenn vinna nú að uppgræðslustörfum, en stuðningur Landgræðslunnar þyrfti að vera miklu öflugri.

- Lausaþari hvarf að mestu úr fjörum sunnan til í víkinni, en áður hafði sjórinn hlaðið þar upp þykkum bunkum af þara sem slitnaði upp frammi á víkinni í brimi. Engir þarabunkar hafa sest í fjöruna á síðari áratugum.



Valdimar Össurarson.



Sandfok úr fjöru. Mynd / Valdimar Össurarson



Rof minja. Mynd / Eyþór Eðvarðsson

### Orsaka leitað

Greinilegt var að þarna höfðu orðið breytingar í gangi náttúrunnar. Ekki nóg með að brimskaflar gengu hærra og oftar á land en áður hafði þekkst, heldur náði brimið að róta upp skeljasandi, sem liggur í gríðarmiklu magni á flágrynninu, og ryðja honum á land upp.

Vangaveltur um orsakir beindust einkum að hækkandi sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga, sem mikið er í umræðunni. Sú skýring er þó alls ófullnægjandi, þó hún kunnið að vera meðvirkur þáttur. Sjávarborðshækkunin er mun minni hérlendis en á heimsvísu Það stafar annars vegar af landrisi vegna bráðnunar jökla hérlendis og á Grænlandi og hins vegar af minnkandi þyngdarsviði jarðar á þessum slóðum. Hækkun síðustu þrjátíu ára er vart meiri en fáeinir sentímetrar.

### Skýringar hjá skollakoppnum

Ég set fram þá tilgátu að skýringa sé að leita í mikilli fjölgun í stofnstærð skollakopps og ofbeit hans á þaraskógum, sem allajafna draga úr afli brimöldunnar.

Á síðustu áratugum nýliðinnar aldar stóð grásleppuútgerð með blóma í Rauðasandshreppi. Fjöldi smábáta reri þá frá Gjögrum og víðar, og netum var þéttraðað á hina miklu þaragarða við ströndina; allt frá Gjögrum útmeð sunnanverðum Patreksfirði, á Kollsvík og Breiðavík.



Rof á grjótgarði. Mynd / VÖ

Ég var í þessum hópi grásleppukarla. Þegar kom framyfir 1980 varð hinn hvimleiði skollakoppur aukin plága í netum, en jafnframt hvarf þari og veiði af nokkrum svæðum. Sömu fréttir bárust víðar að: Gríðarleg fjölgun var í stofni skollakopps við landið. Á grunnsævi Kollsvíkur er allmikill þaragarður; einkum í Bótinni norðantil, en sunnar eru sandflákar. Ég var stundum með net á Bótinni, en uppúr 1980 var greinilegt að skollakoppur var að eyða þaraskógunum og veiði var þá hætt.

Ég hef á sl. 8 árum fengist við tækniþróun til nýtingar á orku sjávar; einkum sjávarfalla, á vegum Valorku ehf. Það verkefni gengur framar vonum, en í þessari vinnu beinist athyglin óhjákvæmilega að afli í hafóldu og áhrifum botnlags á það. Þær hugleiðingar vöktu m.a. spurningar um áhrif þaragróðurs á afl grunnbáru. Rannsóknir fræðimanna virðast staðfesta þau áhrif, þó enginn hafi áður skoðað heildarmyndina útfrá þessu sjónarhorni, eftir því sem næst verður komist.

### Um skollakopp og átvenjur hans

Skollakoppur ,Strongylocentrotus droebachiensis, er algengust þeirra 12 ígulkerategunda sem finnast hér við land. Hann er grænbrúnn og verður allt að 7cm í þvermál. Að sögn fræðimanna er þekkt að gríðarleg fjölgun verði um tíma í stofnstærð skollakopps, með tilheyrandi eyðileggingu þaraskóganna sem hann lifir einkum á. Áhrif beitar skollakopps á þarabelti hafa töluvert verið rannsökuð. Má þar t.d. benda á rannsóknir Karls Gunnarssonar, Sophie Hall-Aspland og Öivind Kaasa sem gerðar voru í Garðsvík í Eyjafirði, og lýst í ritgerð árið 1996 „Fæðuval og fæðunám skollakopps“. Niðurstaða þeirra er að átvenjur skollakopps hérlendis líkist því sem þekkist við strendur Kanada, þ.e. að hann éti þaraskógana utan frá jaðrinum, og að ein uppáhaldsfæða hans sé stórþari, Laminaria hyperborea. Þéttleikann töldu þau vera um 10 dýr á fermetra, eða til jafnaðar 400-500 á metra strandlengju. Ígulker eru einungis á 3-5 m breiðu belti í jaðri þaraskógarins, og hraði eyðingarinnar reyndist vera 2,5 til 3 m á mánuði. Að jafnaði áætla þessir vísindamenn að frá hverjum kílómetra strandlengju hverfi 270-320 tonn af þörungum árlega. Þessar tölur miðast auðvitað við rannsóknarstaðinn, en ætla má að þær eigi við víðar. Þaraskógur í Kollsvík er samfelldur þar sem hann er þéttastur norðan til, en á blettum sunnar. Má ætla að skollakoppurinn hafi fljótlega klárað blettina og gengið allnærri meginskóginum á 10-20 ára tímabili. Kemur það heim við að ofbeitin hafi hafist uppúr 1980 og að afbrigðilegs sjávarrofs farið að gæta fyrir aldamót.

### Áhrif þaraskóga á afl brimöldu á grunnsævi

Með eyðingu þaraskógarins varð hafsbotninn ber eyðimörk. Rótarbrim kemur hreyfingu á sandinn sem legið hefur óhreyfður í lænum á botninum í skjóli af þaranum. Öldurnar þurfa ekki lengur að róta þaranum til, með afltapi sem því fylgir, heldur æða af fullu afli uppyfir grynningarnar upp í fjöru; flytjandi gríðarlegt magn af skeljasandi í fjöruna. Miklir brimhnútar veltast upp á land; rífa niður sjávarbakka ofan hæstu flæðarmarka, og geysast uppá þá sunnar. Þarabunkar hverfa úr fjörum, þar sem enginn þari slitnar lengur upp í brimi; hann er horfinn.

Ýmsar rannsóknir liggja fyrir um áhrif þaraskóga á grunnbáru: Árið 1996 birti norski haffræðingurinn Martin Mork ritgerð: „The effect of kelp in wave damping“. Rannsóknir hans sýndu að þar sem brimalda fór yfir 258m breitt þarabelti minnkaði afl hennar um 70-85%. Í sömu átt benda niðurstöður rannsókna Kevin Bradley og Chris Houser; „Relative velocity of seagrass blades: Implications for wave attenuation in low-energy environment“, frá 2009. Ölduhæð brimöldu sem nær niður í þaraskóginn eykst í byrjun, en minnkar síðan verulega. Áhrifin eru þó hlutfallslega minni með aukinni ölduhæð, iðu og sveiflutíðni. Ástæða orkutapsins er að aldan þarf að sveifla þaraskóginum fram og til baka, með öllu viðnáminu sem því fylgir.

### Eru sömu öfl víðar að verki?

Líklegt að í framangreindu ferli liggi meginskýringin á umræddu rofi, þó Kollsvík hafi e.t.v. sérstöðu vegna skeljasandsins. Líklegt er að sama eigi við annarsstaðar á landinu. Offjölgun skollakopps virðist hafa orðið á svipuðum tíma á öllum búsvæðum hans, með tilheyrandi hnignun þaraskóga. Á síðustu áratugum eru fornar verstöðvar víða að hverfa í hafið vegna óvenjulegs ágangs sjávar. Eyþór Eðvarðsson hefur líklega manna mest skoðað þessa heildarmynd og vakið athygli á því tjóni sem í húfi er fyrir menningararf þjóðarinnar. Minjastofnun hefur nú ráðið fornleifafræðing til að skoða þessa staði sérstaklega, og hef ég stungið þessari tilgátu að honum. Ég hef einnig borið hana undir sérfræðinga á sviði þara, ígulkera og landgræðslu, sem telja hana athyglisverða.

### Rannsókna er þörf

Þessum skrifum er ætlað að vekja athygli á málefninu og hvetja til frekari rannsókna. Margt óþarfara er styrkt af almannafé. Ljóst er að af þessari eyðingu hlýst gríðarmikið tjón: Ekki aðeins fjártjón vegna fyrirhleðslna, uppgræðslu og minjaverndar; heldur er alvarlegri hinn óbætanlegi skaði sem verður við það að fornar verstöðvar hverfa í hafið; ein meginheimildin um atvinnusögu okkar fyrr á tímum.

Minni ég í lokin á hið fornkveðna; til að fást við vandamál þarf að vita orsök þess.

*Valdimar Össurarson*

SKÓGARMÁL

# Byrjum að binda!


Höfði, Dýrafirði.

**Skógrækt er á allra vörum eftir að ný „Brynhildarskýrsla“ var kynnt í liðinni viku. Samkvæmt skýrslunni gæti árleg nettóbinding íslenskra skóga orðið um ein milljón tonna um miðja öldina, mælt í koltvísýringsgildum, ef gróðursett væri fjórum sinnum meira á hverju ári en nú er gert.**

Það væru 12 milljónir plantna á ári og ætla má að kostnaður við það væri um 1,8 milljarðar króna með öllu. Hvort það telst há eða lág upphæð fer eftir samanburðinum. Hún er t.d. mjög lág miðað við arðgreiðslur bankanna.

Eigendur lögbýla eiga þess kost að fá framlög fyrir allt að 97% kostnaðar við nýskógrækt eins langt og fjárveitingar ríkisins duga. Að auki hefur ríkið mikið land til umráða sem hentar til skógræktar. En ef ráðast á í stóraukna skógrækt sumarið 2018 þarf loforð um aukið fé að liggja fyrir á næstu vikum.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar, sem Brynhildur Davíðsdóttir prófessor ritstýrði, kemur fram sú spá að losun muni aukast um 53-99 prósent fram til ársins 2030 frá því sem var 1990. Ef kolefnisbinding með skógrækt og landgræðslu er tekin með verður aukningin heldur minni, eða 33-79 prósent. Mest eykst losunin frá stóriðju. Í skýrslunni eru tíundaðir margvíslegir möguleikar sem Íslendingum standi til boða til að draga úr losun. Að óbreyttu stefni í að Ísland standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til 2030, en slíkt sé hins vegar mögulegt, verði gripið til frekari mótvægisaðgerða.


Þessi birkiplanta fær tvenns konar hjálp við að róta sig á melnum.

### *Ein milljón tonna 2050?*

Skógrækt er ein þeirra leiða sem tíundaðar eru í skýrslunni og geta bundið mikið magn koltvísýringsígilda á hagkvæman hátt. Einungis lítill hluti landsins sé þakinn skógi og rannsóknir sýni að verulegt magn koltvísýrings bindist í skógi og skógarjarðvegi á Íslandi. Heildarumfang bindingar árið 2030 vegna skógræktar að gefnum forsendum geti orðið 369 þúsund tonn koltvísýringsígilda með óbreyttu umfangi skógræktar en 535 þúsund tonn ef umfangið væri fjórfaldað. Með þeim hraða næði bindingin einni milljón tonna á ári um miðbik aldarinnar.

Binding eins tonns koltvísýringsígilda með skógrækt kostar um 2.500 krónur. Að sjálfsögðu gefa skógarnir fleira en kolefnisbindingu og með tímanum verður til verðmæt auðlind. Skógrækt hefur það fram yfir ýmis önnur loftslagsúrræði að gefa margvíslegan arð umfram kolefnisbindinguna sem af henni hlýst.

### *Tækifæri bænda*

Fullyrða má að aldrei fyrr hafi verið brýnna að hefja hakann á loft og rækta nýjan skóg á Íslandi. Sem vörslumenn landsins hafa bændur mikilvægu hlutverki að gegna í þessum efnum. Um leið og þeir rækta skóg á jörðum sínum og binda með því kolefni búa þeir í haginn fyrir komandi kynslóðir. Landið verður verðmætara, lánstraust bænda í bönkum eykst, skjól myndast fyrir menn og skepnur og um leið eykst frjósemi ræktarlands. Á fimmtán til tuttugu árum myndast grisjunarviður sem nýtist í girðingarstaura, kurl og fleira. Ungur bóndi sem hefur skógrækt uppsker smíðavið úr skógi sínum áður en starfsævin er úti.

Hið opinbera á líka mikið land sem hentar til skógræktar og nú er lag að nýta það til þessa brýna verkefnis.

Í frétt um skýrslu Hagfræðistofnunar á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er vísað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem segir að gerð verði aðgerðaáætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísarsamkomulagið. Áætlunin feli meðal annars í sér græna hvata, skógrækt, landgræðslu og orkuskipti í samgöngum. Björt Ólafsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, stefni að því að kynna Alþingi skýrslu sína um loftslagsmál nú í febrúarmánuði. Skýrslan muni m.a. taka mið af þeim niðurstöðum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, sem kynntar voru í síðustu viku.


Sitkagreniskógur á Tumastöðum í Fljótshlíð.

### *Getum við?*

En náum við árangri áður en samningstími Parísarsamkomulagsins rennur út 2030? Það fer eftir því hversu dugleg við verðum. Í háspá margnefndrar skýrslu er gert ráð fyrir fjórföldun útplöntunar frá því sem nú er en þá yrði bindingin orðin ein milljón tonna á ári um miðja öldina. Þetta er vel gerlegt með ákveðinni uppbyggingu í plöntuframleiðslunni og með því að ráða fólk til starfa við gróðursetningu. Á láglendi Íslands eru um 11.000 ferkílómetrar lands sem telst illa eða ógróið (gróðurþekja 50% eða minni). Þetta er 1,1 milljón hektara. Við þurfum semsé aðeins að nota til verksins land sem samsvarar litlum hluta láglendisauðnanna.. Stór svæði í umsjón Landgræðslunnar gætu t.d. hentað mjög vel og nú hafa systurstofnanirnar Skógræktin og Landgræðslan einmitt efnt til samstarfs um að skógur verði ræktaður á völdum svæðum þar sem Landgræðslan hefur stöðvað rof og komið af stað gróðurframvindu.

Ég trúi því að með skógrækt, landgræðslu, endurheimt mýra (þar sem er reyndar mikil óvissa), rafbílavæðingu, betri meðferð úrgangs og fleiri ráðum sem nefnd eru í Brynhildarskýrslunni geti okkur tekist að standa við skuldbindingarnar fyrir 2030. Ef við hefjum stórfellda skógrækt núna getum við líka séð járnblendi- og kísilverksmiðjunum fyrir innlendum viði í fyllingu tímans. Úr 20 ára skógi kemur grisjunarviður sem hentar mjög vel sem iðnviður. Of skammur tími er fram til 2030 til að iðnviður fáist úr nýjum skógi á þeim tíma. Hins vegar er mjög vaxandi grisjunarþörf í þeim skógum sem farið var að rækta á lögbýlum upp úr 1990. Framboð á grisjunarviði til stóriðjunnar eykst því talsvert á tímabilinu og það ætti að geta dregið eitthvað úr losun Íslands, hvort sem það kemur inn í loftslagsbókhaldið okkar eða einungis það alþjóðlega.

### *Sáningartíminn nálgast*

En ekki dugar það eitt að tala um hlutina. Hefjast þarf handa. Skógur verður ekki ræktaður án fræs eða skógarplantna, fjármagns eða vinnandi handa. Á næstu vikum og mánuðum þarf að liggja fyrir loforð um meira fé ef auka á gróðursetningu sumarið 2018. Sá þarf fyrir plöntum og hefja stiklingarækt strax í vor til að efniviðurinn verði tilbúinn næsta vor. Um leið þarf að finna ræktunarlandið, skipuleggja það og útvega mannskap til gróðursetningar. Ef ekki verður brugðist við fljótt getum við ekki ráðist í þessa aukningu fyrr en sumarið 2019.

Við megum engan tíma missa. Sumrin fram til 2030 eru aðeins fjórtán talsins. Nýtum nú tímann vel, stöndum við stóru orðin og stóraukum framlög til skógræktar!

*Pétur Halldórsson*
*kynningarstjóri Skógræktarinnar.*

**Stálsteypumót til sölu**



Til sölu lítið notuð PREFORM stálsteypumót ásamt fylgibúnaði, undirsláttarstoðum, steypu-sílói, I-bitum, timbri o.fl.

**Uppl. í símum 896-1012 og 898-1014.**

BRIGGS & STRATTON

**Mótorar og varahlutir á lager**
**Hröð og góð þjónusta**
**Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI**
**MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS**

Varahlutir fyrir ámoksturstæki

Varahlutir í Trima og Alö Quicke ámoksturstæki. Einnig stjórnbarkar, suðufestingar ofl.



JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir | Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

LESENDABÁS

# Örlög ráðast á Hvanneyri

**„Hér með vottast að þótt yngismaður Jón Halldór Mósesson, nú til heimilis að Mýrum, hafi aðallega stundað sjómennsku á sumrum síðan hann náði fullum vinnuþroska hefur hann stundað heyskap bæði heimkominn síðsumars og allan heyannatímann sumarið 1909.**

Veturinn næstan á undan hafði hann fjármennsku á hendi. Auk þess hefur hann stundað við og við vor- og hauststörf í landi bæði hjá mér og hjá öðrum og sýnt ötulleik og trúmennsku og verklagni svo framast var við að búa.“ Svo segir í vinnuvottorði sem ofangreindur yngismaður hafði orðið sér úti um til að greiða fyrir inngöngu í búnaðarskólann á Hvanneyri, en með námi þar hugðist hann hasla sér völl sem búfræðingur og brjótast þar með úr fátæktarbasli forfeðranna.

Frá síðari hluta 19. aldar hafa búnaðarskólarnir gegnt mikilvægu hlutverki við að kenna mönnum góða búskaparhætti og ryðja nýjungum braut. Sá fyrsti var stofnaður í Ólafsdal við Gilsfjörð árið 1880 en nokkrir bættust við á næstu árum og var það í takt við nútímalegri samfélagshætti sem kröfðust aukinnar menntunar. Ísland var að taka fyrstu skrefin í átt til nútímans þar sem sjálfsþurft gamla bændasamfélagsins vék fyrir markaðshagkerfi hins verkskipta þéttbýlissamfélags. Upp úr aldamótunum 1900 ríkti töluverð bjartsýni meðal landsmanna um að betri tímar færu í hönd og er saga Jóns til marks um þá vongleði sem gagntók margan æskumanninn.

Jón Mósesson fæddist á Arnarnesi við Dýrafjörð árið 1888. Hann þurfti snemma að leggja sitt til heimilisins eins og þá tíðkaðist og var vart af barnsaldri þegar hann fylgdi í fótspor föður síns sem var sjómaður, fyrst á árabátum en síðar á þilskipum. Lífið til sjós var harðneskjulegt og háskalegt enda slitnuðu menn snemma á stritinu og skipskaðar voru tíðir. Jón átti sér þann draum að finna lífi sínu annan farveg enda var tekið að greiðast um aðrar leiðir. Er óhætt að segja að hann hafi verið af fyrstu kynslóð Íslendinga sem átti einhverja valkosti en í gegnum aldirnar hafði þorri landsmanna þurft að semja sig að lífsháttum bændasamfélagsins sem einkenndist af frumstæðum búskaparháttum.

Jón gekk í Núpsskóla við Dýrafjörð, sem þá var nýstofnaður, en vinnuvottorðið sem vitnað er til hér að ofan var ritað af skólastjóranum. Jón hafði einnig orðið sér úti um skólavottorð en þar segir meðal annars: „Sýndi hann við námið alúð og vandvirkni sem annars staðar. Sömuleiðis votta ég með ánægju að siðferði hans og samfélagsframkoma hefir bæði í skólanum og annars staðar verið hin vandaðasta.“ Er óhætt að slá því föstu að Jón hafi komið ár sinni nokkuð vel fyrir borð áður en hann hleypti heimdraganum og lagði leið sína suður í Borgarfjörð haustið 1910. Hann hafði bestu meðmæli upp á vasann og ekki annað sýnt en framtíðin brosti við honum.

Hvanneyri þótti góð bújörð og var þar rekið myndarlegt stórbýli samhliða skólanum sem var stofnaður árið 1889 undir heitinu Búnaðarskóli Suðuramts en þrír aðrir búnaðarskólar voru þá starfandi. Upphaflega var kennslan einkum verkleg og var nemendum ætlað að tileinka sér góðar vinnuaðferðir auk þess sem áhersla var lögð á umbætur í ræktun og nýjungar í vinnutækjum. Árið 1907 fékk skólinn heitið Bændaskólinn á Hvanneyri en nokkrar breytingar urðu þá á kennslunni sem varð fræðilegri og fjölþættari.

Fróðlegt er að lesa lýsingar Jóns á skólalífinu þau tvö ár sem hann var við nám en svo vel vill til að stílabækur hans og allnokkur bréf hafa varðveist og eru það merkar heimildir um skólahaldið á Hvanneyri og félagslíf nemenda þar. Einnig er áhugaverðar frásagnir að finna í eftirmælum um Jón sem æskuvinur hans, Ingimar Jóhannesson, ritaði en þeir voru samskóla á Hvanneyri um tíma. Jón var þar við nám frá 1910-1912 en Ingimar á árunum 1911-1913.



Hvanneyri 1912.



Skólasveinar Hvanneyrarskóla 1911-1912. Jón er fjórði frá hægri í fremstu röð.



Jón Mósesson.



Leifur Reynisson

Það var stórbrotið fyrir ungan sveitamann, sem var vanur að hafa kotbúskap fyrir augum sér, að koma til Hvanneyrar þar sem við blöstu reisuleg hús og ræktað land. Til viðbótar við veglegt skólahús var 450 kinda fjárhús, 40 kúa fjós, 40 hrossa hesthús, hlöður og votheysgryfjur auk smærri bygginga. Þá höfðu tún verið sléttuð, framræsluskurðir grafnir og túngarðar hlaðnir.

Jón skrifaði Ingimar vini sínum langt bréf í ársbyrjun 1911 þar sem hann gerir m.a. grein fyrir búskapnum á Hvanneyri og er greinilegt að honum finnst mikið til hans koma: „Það virðist mér að eigi sé fé mjög mikið haldið úti þó að jörð sé og er það töluverður hópur að gefa því inni þar sem komið er yfir hálft fimmta hundrað fjár. En þó að þessi hópur sé fallegur þá er þó ekki minna vert að koma í fjósið og sjá nautgripina. Þeir eru eins og meðal fjárhópur. Núna mun vera í fjósinu um 40 kýr auk uxa og kálfa sem eru aldir annars staðar (í öðru húsi) í allt mun það vera í kring um 60 stórgripir sem eru aldir hérna. Það er dáfallegur hópur. Fjósinu er svo vel fyrirkomið að eigi þarf nema einn mann til að sinna því og hefir verið gerð teikning af því til að byggja eftir annars staðar. Þú getur hugsað þér að mikið hey þurfi fyrir allan þennan pening enda má ég segja að það hafi heyjast hér í sumar um 3000 hestar. Auk þess er kúnum gefnar rófur og fóðurkökur til heydrýginda. Við heyskap er bæði notuð sláttuvél og rakstrarvél þar sem hægt er að koma þeim við og er talið að sláttuvélin slái á við sjö menn þegar hún er í gangi. Eins og þú sérð er þetta afar stórt bú eftir því sem við höfum að venjast.“

Nemendur voru 26 þegar Jón hóf nám og voru 14 í yngri deild en 12 í þeirri eldri. Kennt var sex tíma á dag og var ávallt endað á leikfimi. Meðal annarra námsgreina voru líffærafræði, grasafræði, efnafræði, dýrafræði, jarðfræði, landshallamælingar, reikningur og íslenska. Námið var því á nokkuð víðum grundvelli. Kennsla fór einkum fram í fyrirlestrum og voru nemendur yfirheyrðir úr þeim öðru hvoru. Bækurnar voru svo til allar á dönsku og mjög var misjafnt hvernig nemendum gekk að stauta sig fram úr þeim. Félagarnir Ingimar og Jón stóðu nokkuð vel að vígi eftir námið í Núpsskóla en ekki höfðu allir fengið slíkan undirbúning.

Nemendur lögðu mikla áherslu á að glósa sem mest úr fyrirlestrunum til að bæta sér upp slælega dönskukunnáttu auk þess sem ýmislegt kom fram hjá kennurunum sem ekki var getið í bókunum. Ingimar hefur eftirfarandi um það að segja: „En málum var bjargað á þann hátt að nemendur sem voru fljótir að skrifa voru valdir til þess að skrifa aðalatriðin úr fyrirlestrum kennarans jafnóðum og þau voru flutt. Jón var einn þeirra sem skrifaði upp í tímum fyrir sína deild. Svo var þetta allt „hektograferað“ og hver nemandi fékk eitt eintak til lesturs.“ Jón hafði orð á því, í fyrrgreindu bréfi til Ingimars, að það hafi reynst flestum þrautin þyngri að rita upp eftir kennurunum. Greinilegt er á skrifum þeirra beggja að námið hafi verið nokkuð stíft og er ekki annað að sjá en þeir hafi legið yfir námsefninu flestum stundum.

Af skrifum þeirra félaga að dæma mun félagslíf skólasveina á Hvanneyri hafa verið nokkuð öflugt auk þess sem töluverður samgangur var við nemendur Mjólkurskólans á Hvítárvöllum og Lýðháskólans á Hvítárbakka. Skemmtikvöld voru haldin á sunnudögum og var þá stíginn dans og aflraunir þreyttar. Þar sem nemendur voru einungis karlkyns var stelpunum við mjólkurskólann boðið á kvöldskemmtanirnar. Ingimar getur þess að hann muni ekki eftir „neinni óreglu eða umtalsverðu kvennafari“ en bætir því við að menn hafi auðvitað verið „viljugir að fylgja fraukunum heim á kvöldin“. Hann minnist einnig á gagnkvæm boð á árlegar skemmtanir sem nemendur höfðu við lýðháskólann með þeim orðum að þar hafi jafnan verið „mikið fjör á ferðinni, ræðuhöld, söngur, dans, upplestur að ógleymdum þjóðdönsunum sem þóttu ómissandi á hverri skemmtun.“

Jón var með sterkustu mönnum og hafði hann sérstakt dálæti á glímu en sú íþrótt átti töluverðu fylgi að fagna og tengdist það ekki hvað síst ungmennafélögunum sem spruttu upp um land allt á þessum árum. Þau lögðu mikla áherslu á heilbrigt líf og þjóðlegar hefðir en glíman taldist þjóðaríþrótt landsmanna. Jón stóð fyrir stofnun glímufélags við skólann og mun það hafa starfað um árabil auk þess sem hann kom því oft til leiðar að glímt væri á skemmtikvöldunum. Þá var Ungmennafélagið Íslendingur stofnað á Hvanneyri undir árslok árið 1911 og er óhætt að segja að námssveinar hafi ekki farið varhluta af þeirri miklu vakningu sem átti sér stað í félags- og menningarlífi landsmanna.

Nemendur höfðu einnig með sér málfundarfélag sem gaf vikulega út handskrifað blað og var lesið úr því á fundum hvern laugardag. Af lýsingum Jóns að dæma var starf félagsins metnaðarfullt og miðaðist við að virkja sem flesta. Til marks um það kemur fram í bréfi Jóns að umræðuefni fundanna réðist af spurningum sem nemendur lögðu fram skriflega og þurftu þeir sem þær fengu að halda ræðu um viðkomandi efni og vissi enginn hver spyrjandann var. Þá var sérstök mállýtanefnd stofnuð ársfjórðungslega sem skyldi „safna öllum þeim mállýtum sem koma fyrir í ræðum fundarmanna og láta þau síðan koma út í blaðinu með leiðréttingum.“ Hann bætir því reyndar við að ritun blaðsins hafi að mestu leyti lent á þriggja manna ritnefnd þar sem nemendur séu óduglegir við að senda inn efni, en það mun alþekkt vandamál í öllu félagsstarfi.

Að útskrift lokinni réði Jón sig í kaupavinnu á Hvanneyri fyrir hæsta kaup en laun fóru eftir afköstum. Jón var kraftmikill og dugandi til starfa en þar sem hann var ekki með vanari sláttumönnum stóðst hann þeim öflugustu ekki snúning. Skólastjórinn hugðist því lækka laun hans sem varð til þess að Jón sagði upp vistinni.

Ég gríp nú aftur niður í eftirmæli Ingimars þar sem hann segir frá síðasta degi Jóns á Hvanneyri: „Við Nonni unnum saman síðasta daginn sem hann var á Hvanneyri. Við vorum sendir á skektunni út fyrir Kistuhöfða og inn í Andakílsá eftir einhverjum flutningi. Veður var ágætt en okkur var báðum þungt í skapi, bæði yfir nefndum atburði og eins því að skilja samvistum. En við glöddumst við þá von að koma seinna heim í sveitina okkar og verða þar að einhverju liði. Það var okkar æskuhugsjón.“

Þar sem aðra vinnu var ekki að hafa í héraðinu afréð Jón að leita fyrir sér í Reykjavík. Hann hafði vonast til að vera laus við sjómennskuna en þó fór svo að hann réði sig um borð í flutningaskip sem sigldi fyrir seglum til Norðurlanda um haustið. Eftir að hafa skilað sínum varningi var timburfarmur tekinn í Svíþjóð og var meira sett um borð en gott taldist og þótti sumum sem skipið væri ofhlaðið. Skipsverjar hrepptu óveður á heimleiðinni og urðu heimamenn áhyggjufullir þegar þeir skiluðu sér ekki á eðlilegum tíma. Leið og beið þar til skipsflakið rak upp að Knarrarnesi á Mýrum undir árslok 1912. Fórust allir sem um borð voru.

Ingimar var enn við nám í búnaðarskólanum þegar þessi atburður varð og vísa ég nú aftur til orða hans: „Þegar þessi harmafregn barst til Hvanneyrar varð fólk harmi lostið, ekki síst skólastjórinn sem gat kennt sér um burtför Jóns. Var ekki mikið um þetta talað en ég heyrði að vinkona okkar, Kristjana mjólkurbústýra, hefði ávítað skólastjóra á mjög eftirminnilegan hátt og ég veit að þessi atburður var skólastjóra þung raun því að hann var tilfinninganæmur mjög enda þótt hann væri örlyndur og skapstór.“

Þannig endaði saga Jóns sem svo miklar vonir voru bundnar við. Varð mönnum mikið um heima í héraði en mestur var vitaskuld missir foreldra hans og systkina sem sáu ekki einungis á eftir ástvini heldur einnig þeirri vongleði sem fylgdi Jóni um bjartari tíma. Fátækri fjölskyldu hafði auðnast að koma frumburðinum til mennta en það gaf fyrirheit um bætta afkomu og aukna mannvirðingu. Lífið var áfram basl næstu árin eftir fráfall Jóns og sú tilfinning var sterk innan fjölskyldunnar að ættarsagan hefði orðið önnur hefði Jón ekki farið í sína örlagaríku sjóferð.

*Leifur Reynisson*

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

2 manna herbergi 10.500 kr

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

NAUTASTÖÐ
BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

# Auglýsing um starf

Nautastöð Bændasamtaka Íslands óskar eftir að ráða dýralækni til starfa.

***Starfið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:***

1. gæðaeftirliti á stöðinni.
2. rannsóknum og skimun á sæði.
3. alhliða frjósemisleiðbeiningum fyrir frjótækna og bændur.
4. námskeiðum fyrir nýja frjótækna.
5. umsjón með heilbrigði og velferð nauta á stöðinni.
6. öðrum verkefnum sem honum eru falin.

***Æskilegt er að viðkomandi hafi:***

- sérmenntun í frjósemi jórturdýra.
- reynslu í kúasæðingum.
- reynslu af starfi við sæðingastöð.
- reynslu af frjósemisleiðbeiningum til bænda.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf í byrjun maí. Umsóknum, ásamt fylgiskjölum, skal skila til Sveinbjörns Eyjólfssonar á Nautastöð BÍ fyrir 1. mars nk. Nánari upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Eyjólfsson í gegnum netfangið ***bull@emax.is*** og Þorsteinn Ólafsson í gegnum netfangið ***steini@bondi.is***




**Íslenska landnámshænan**
**Allt sem þú þarft að vita um hænsnahald í borgum og sveitum!**
Haldið 25. febrúar á Hvanneyri

**Málmsuðunámskeið**
**Hvað er pinnasuðu, Mig/Mag-suða, logsuðutæki og plasmaskurður?**
Hefst 2. mars á Hvanneyri

**Rúningsnámskeið**
**Vélrúningur á sauðfé, meðferð, flokkun og frágangur á ull.**
Hefst 7. mars á Hvanneyri

**Húsgagnagerð úr skógarefni**
*Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur*
**Hvað er hægt að smíða úr því efni sem fellur til við grisjun skóga?**
Hefst 10. mars á Snæfoksstöðum

**Húsgagnagerð - framhald**
*Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur*
**Er hægt að smíða eitthvað meira en koll og bekk úr því sem fellur til við grisjun skóga?**
Hefst 17. mars á Snæfoksstöðum

**Jarðgerð/Safnhaugagerð**
**Hvernig er hægt að nýta lífrænar afurðir sem falla til á heimilum og í görðum?**
Haldið 18. mars á Reykjum í Ölfusi

**Ræktum okkar eigin ber!**
**Getum við ræktað mismunandi ber í okkar eigin garði? Hvernig förum við að?**
Haldið 18. mars á Reykjum í Ölfusi

**Ostagerð**
*Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur*
**Hvernig getum við búið til mismunandi osta heima í eldhúsi?**
Haldið 25. mars í MK í Kópavogi

**Gotterí úr garðinum**
**Hvernig á best að skipuleggja og hugsa um matjurtargarðinn í sumar?**
Haldið 25. mars á Reykjum í Ölfusi

**Sumarbústaðurinn - sælureitur í sveitinni**
**Hvað er hægt að gera í sumarbústaðarlandinu og hvernig er best að framkvæma það?**
Haldið 1. apríl á Reykjum í Ölfusi

www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

# Vantar þig vefsíðu?

## Við finnum réttu lausnina fyrir þig

Vefverslanir - Bókunarsíður - Hestaleigur
Bílaleigur - Upplýsingavefir - Sérhannað

Hringdu í síma 547 5000 eða sendu tölvupóst á alheimur@alheimur.is og við finnum lausn á málinu.

**Sími 547 5000** **Alheimur.is**

UTAN ÚR HEIMI



El Nino er heiti yfir það þegar breytingar verða á staðvindum í Kyrrahafinu sem valda óvenjuháum sjávarhita við miðbaug.

# El Nino í kortunum

**Veðurfræðingar Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (WNO) segja mögulegt að aðstæður fyrir veðurfyrirbærið El Nino myndist seinna á árinu.**

Árin 2015 og 2016 olli einstaklega öflugur El Nino því að meðalhiti jarðar hækkaði sem aldrei fyrr og í kjölfarið þurrkar og uppskerubrestur víða um heim.

Fram til þessa hafa liðið að minnsta kosti tvö til sjö ár á milli El Nino og lofthiti lækkað milli uppsveiflna.

El Nino er heiti yfir það þegar breytingar verða á staðvindum í Kyrrahafinu sem valda óvenjuháum sjávarhita við miðbaug. Við El Nino ár, þá minnkar úrkoman í Indónesíu og Ástralíu, á sama tíma og úrkoma eykst í Suður-Ameríku og hluta Bandaríkjanna. Á spænsku þýðir El Nino drengur og vísar til Jesúbarnsins í jötunni.

Lofthiti jarðar mælist alltaf hár á El Nino-árum og með aukningu lofthita vegna gróðurhúsalofttegunda er líklegt að enn eitt hitastig jarðar verði slegið fljótlega.

Samkvæmt WNO eru líkur á myndun El Nino í lok árs um 40%. /VH

LESENDABÁS



# Hvernig almannaréttur kom til

**Í dal einum á Austurlandi voru þrír bæir í byggð um árið 1250. Þar innst í dalnum bjuggu hjónin Benóní Hallfreðsson og kona hans, Styrgerður Högnadóttir, en þau áttu tvo syni, þá Högna og Hallfreð.**

Um miðjan dalinn bjó svo bróðir Benónís, hann Guðfreður, með konu sinni, Guðmundínu, og áttu þau tvö börn, stúlkur, eldri stúlkan hét Gunnhildur og sú yngri hét Þórhildur.

Eitthvað hafði kastast í kekki á milli þeirra bræðra og var mjög stirt á milli þeirra og neitaði Guðfreður bróður sínum og hans fjölskyldu að fara um landið sitt, hvort sem var ríðandi eða gangandi.

Eins og allir vita þá afmarkast eignarhluti jarða víðast hvar við hæðstu eggjar, þar sem vötnum hallar niður í dali. Í þessum dal voru fjöllin klettótt og mjög há, enginn komst yfir nema fuglinn fljúgandi.

Neðst í dalnum bjuggu svo heiðurshjónin þau Hrafnkell Indriðason og kona hans Úndína Jósepsdóttir, ættuð einhvers staðar frá Vestfjörðum. Þau áttu þrjú börn, strák sem snemma fluttist að heiman og var kallaður Einsi sterki, og svo tvær stúlkur sem þóttu einstaklega myndarlegar og duglegar við bústörfin, sú eldri hét Áslaug og yngri stúlkan Soffía.

Synir Benónís frá Innstabæ þekktu systurnar frá Fremstabæ, dætur Hrafnkels, hafði eldri strákurinn Högni, fellt hugi til Áslaugar og hugðist biðja um hönd hennar.

En það var ljón í veginum, föðurbróðir hans neitaði honum för yfir landið og þar við sat. Högni gat ekki á sér heilum tekið enda ástsjúkur mjög.

Tveimur árum seinna eignaðist hann barn með frænku sinni, henni Gunnhildi, og fæddist barnið með einhverja þroskahömlun sem ekki er skýrð nánar.

Upp úr þessu fóru menn að tala um að ekki mætti hindra för yfir land í ákveðnum erindagjörðum, þó var þetta ekki sett inn í Grágás eða Jónsbók heldur lifði þetta meðal munnmæla í sveitum landsins.

Þá var ekki talað um akvegi, heldur þjóðbraut, og hún var þá fyrir hendi, og þótti þetta vera framfaraspor, enda gengu menn vel um annarra land og eignuðust börn og buru með alls óskyldum aðilum, í allflestum tilfellum.

Erindi fólks á þessum tíma var auðvitað margvíslegt, sumir á leið til vinnumensku aðrir með sendingu yfir í næsta eða þarnæsta fjörð, sækja vistir, lækna, ljósmæður eða lyf.

Í dag er búið að snúa þessu til verri vegar og gengið er út frá því að allir, hvort sem þeir eru akandi, ríðandi eða gangandi, með stóra hópa og jafnvel rútur fullar af útlendum ferðamönnum, geti valsað um án þess að landeigandi eða nokkur annar, geti eitthvað stjórnað förinni.

Ekki er hægt að skýla sér á bak við ferðafrelsi og vitna í gömul lög í því skyni.

Vafi leikur enn á því að þessi almannaréttur sé, eða hafi verið í lögunum áður (Grágás eða Jónsbók), eingöngu var talað um fótgangandi eða ríðandi umferð, ekki datt nokkrum manni í hug að það væri ekið um á risastórum jeppum eða rútum og hvað þá með útlendinga í atvinnuskyni og þá fyrir gjald, og ekki í neinum erindagjörðum, bara að skoða land í eigu einhvers annars.

Þú átt ekkert erindi ef þú ert bara að skoða.

*Jón Pétursson*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Sjálfvirkir aftakarar fyrir mjaltatæki hafa nú verið til í hálfa öld og fást í dag ótal mismunandi útfærslur af þessum mikilvæga þarfa þjóni kúabænda.

# Aukin afköst við mjaltir

**Hvort heldur sem notuð eru hefðbundin mjaltatæki við mjaltir eða mjaltaþjónar er alltaf mikilvægt að horfa til afkasta við mjaltirnar.**

Það getur vissulega verið misjafnt á milli búa og eftir bústærð hvað verja þarf miklum tíma í mjaltir og þar sem mjaltaþjónar eru í notkun skiptir auðvitað miklu máli að nýta þá sem allra best, enda ekki til dýrari aðferð við mjaltir.

### *Slök nýting mjaltaþjóna*

Það kom skýrt í ljós við uppgjör á afurðasemi mjaltaþjóna síðastliðið ár, eins og greint var frá í síðasta Bændablaði, að hægt er að stórbæta nýtingu þeirra mjaltaþjóna sem þegar eru til hér á landi og má í raun ætla að þegar hafi verið fjárfest í tækni sem gæti sinnt um 100 milljón lítra árlegri framleiðslu, þ.e. nærri 40 milljón lítrum meira en raunin varð árið 2016. Það sama má vafalítið segja um nýtingu hefðbundinna mjaltatækja, þótt ólíku sé saman að jafna.

### *Mismunandi hönnunarforsendur*

Víðast er það svo að stærð bús ræður að miklu leyti hvaða afkastakröfur eru gerðar til nýtingar á mjaltatækjunum. Þannig er mun algengara en ekki að þeir sem hafa fjárfest í mjaltaþjónum reyni að ná sem flestum lítrum í gegnum mjaltatækið á degi hverjum, en þeir sem eru með hefðbundna mjaltatækni eru e.t.v. ekki jafn mikið að velta þessu fyrir sér. Þó sjáum við verulegan mun á þessu eftir bústærð og því stærri sem búin eru, því meiri eru líkurnar á því að bændurnir horfi til bættrar nýtingar mjaltatækjanna.

Skýringin á sér að hluta til rætur í fjölda þeirra sem starfa á hverju búi en þar sem fámennt er, voru hönnunarforsendur mjaltakerfis oft miðaðar við að hægt væri að mjólka allar kýr á tveimur klukkustundum að morgni og einni og hálfri klukkustund að kveldi. Þetta skýrðist auðvitað af því að bændurnir þurftu að sinna ótal öðrum verkefnum samhliða mjöltunum og því ekki hægt annað en að miða við að ekki færi of mikill tími í mjaltir. Á stærri búum sjáum við oftar en ekki í dag að þetta atriði skiptir minna og minna máli og víða um heim eru til bú þar sem mjólkað er nánast allan sólarhringinn, enda þá ráðið fólk í því að mjólka.

### *Nota á sjálfvirka aftakara*

Að vera með sjálfvirkan aftakara ætti að vera sjálfsagður hlutur í dag í öllum fjósum og það óháð mjaltatækninni enda hefur þessi tækni nú verið til í rúma hálfa öld, er þrautreynd og virkar. Hvernig hinir sjálfvirku aftakarar eru stilltir þarf svo að meta hverju sinni, en allar kýr eiga að þola það allvel að tekið sé af þeim við 400 millilítra rennsli á mínútu. Verksmiðjustillingar á aftökurum eru oft mun neðar og þýðir það nánast undantekningarlaust að of margar kýr verða tómmjólkaðar. Þess vegna ætti að skoða vel að hækka þetta og um leið sparast töluvert mikill tími við mjaltir en það mun ekki sjást þess merki í tanknum, enda þýðir rennslishraði ekki að mikið magn mjólkur sé til staðar. Erlendis, þar sem nytin er mun hærri, er oftast miðað við 500 millilítra á mínútu og víðar farið mun hærra í rennsli við aftöku.



### *Rétt spenagúmmí*

Þá má nefna atriði eins og soghæð, spenagúmmí og sogskiptastillingar og á það við um bæði rörmjaltakerfin, mjaltabásana og mjaltaþjónana. Ótal rannsóknir hafa verið gerðar á þessum þremur þáttum varðandi mjaltir og hafa allir þessir þættir áhrif á afköstin og gæði mjaltanna með einum eða öðrum hætti.

Að velja rétt spenagúmmí er afar mikilvægt enda spenagerðir hér á landi einstaklega fjölbreyttar. Sé farið eftir hefðbundnum leiðbeiningum eru spenar mældir á flestum kúm og svo valið rétt spenagúmmí fyrir hjörðina. Reyndar er um mun flóknara ferli en svo að ræða og efni í heila grein út af fyrir sig. Til þess að meta hvort spenagúmmíið sem er í notkun sé rétt þarf bæði að horfa á útlit spenanna fyrir og eftir mjaltir, kragamyndun við spenarót, lit og áferð spenanna ásamt því að framkvæma mælingar við mjaltir með þar til gerðum búnaði. Sé þetta ekki gert, eru líkurnar á því að valið sé rétt spenagúmmí meira spurning um heppni heldur en að um klæðskerasniðna lausn sé að ræða. Allir geta þó valið að vera með einhverskonar meðaltals-spenagúmmí en sé slík lausn valin, oft byggð á áralöngum hefðum eða takmörkuðu sölframboði á spenagúmmíi, þarf um leið að gera sanngjarnar kröfur til spenagúmmísins og ekki vænta hámarks árangurs.

### *Soghæð í mjaltakrossi*

En að hverju á þá að stefna? Með því að mæla soghæð í mjaltakrossi við mjaltir má auðveldlega nálgast

rétta stillingu á kerfissoginu. Til þess að ná að mjólka kýrnar hratt þarf kerfissogið að vera eins hátt og hægt er, án þess að það valdi skaða á spenaendum.

Sé soghæðin í mjaltakrossinum á bilinu 32-40 kPa ætti að vera tryggt að kerfissoghæðin sé ekki of há. Sé um mjög afurðahátt bú að ræða myndi ég skoða alvarlega að fara upp í 42 kPa í mjaltakrossi við mjaltir þegar hámarksflæði á sér stað. Athuga þarf hér sérstaklega að um soghæð í mjaltakrossi er að ræða eða sk. spenaendasog við mesta flæði mjólkur frá spenunum. Þetta má mæla með þar til gerðum sogmælum við mjaltir og er í raun einfalt mál að framkvæma með réttum tækjum.

### *Sogskiptastillingar*

Sogskiptastillingar hafa verið heldur fastar undanfarna áratugi og flest mjaltatæki slá 60 slög á mínútu þ.e. spenagúmmíið opnast og lokast einu sinni á sekúndu. Þá þekkja margir kúabændur sog-skiptahlutföllin 60:40 eða 65:35 en fyrri talan þýðir einfaldlega hlutfallslega lengd þess ferlis við hreyfingu á spenagúmmíi er það opnast og er opið og mjólkar kúna og aftari talan þýðir hlutfallslega lengd þess ferlis þegar spenagúmmí lokast og er lokað og hvílir þar með spenann.

Undanfarin ár hefur í auknum mæli verið horft til þessara hlutfalla og eru nú til sogskiptar sem mjólka af enn meiri krafti, þ.e. er með 70:30 og jafnvel 72:28 sem þýðir að speninn fær afar litla hvíld á hverri sekúndu þegar mjaltatækin eru á. Þetta getur kallað á verri spenaenda og þar með hættu á sýkingum en það þarf þó ekki að vera og á það sér í lagi við um bú þar sem kýrnar eru fljótmjólka, þ.e. með hátt meðalflæði mjólkur.

### *Hvað er til ráða með rörmjaltakerfi?*

Það er hægt að bæta afköst við mjaltir með afar ólíkum hætti og er þar með vísað í það sem hér að ofan stendur, þ.e. stundum vilja bændur stytta mjaltatímann sjálfan en stundum að nýta hvert mjaltatæki betur. Í hefðbundnum básafjósum með rörmjaltakerfi er líklega langskilvirkasta aðferðin við að bæta afköst við mjaltir að setja upp brautarkerfi og að vera með sjálfvirka aftakara. Sé þetta gert sýnir reynslan að oftast getur sami aðili fjölgað þeim mjaltatækjum sem hann sinnti áður í sama básafjósi og auk þess styttist mjaltatíminn að jafnaði heldur, þar sem tækin hanga síður á kúm sem eru orðnar tómar. Þannig getur sami aðili komist yfir að mjólka fleiri kýr og þar með aukið afköstin. Með því að nota jafnframt ríkulega af undirburði og klippa júgurhár og hala má halda kúnum hreinni og þar með tekur vinnan við þrif fyrir mjaltir styttri tíma og eykur enn frekar afköstin. Nefna má hér sem dæmi að í tvístæðu dönsku básafjósi með 180 kúm tekur það hjónin á bænum rétt um 2 tíma á morgnana að mjólka allar kýrnar enda eru þar öll framangreind atriði í hávegum höfð og fyrir vikið getur hvort þeirra sinnt 8 mjaltatækjum í einu!

### *Hvað er til ráða með mjaltabás?*

Séu kýrnar mjólkaðar í mjaltabás er oft um ótal möguleika að ræða til þess að auka afköstin. Fyrst og fremst þarf að tryggja að kýrnar vilji fara inn og út úr básnum en þar geta haft áhrif atriði eins og gólfgerð, innréttingar og lýsing svo dæmi sé tekið. Þegar kýrnar eru svo komnar til mjalta þarf að vera fljótlegt að þvo þær og því þarf, rétt eins og í básafjósinu, bæði að vera með nægan undirburð en einnig að vera með innréttingarnar rétt stilltar. Þannig að kýrnar liggi rétt í legubásunum og séu ekki að óhreinka sig. Það þarf sérstaklega að horfa til örvunar spenaendanna við þvottinn og að gefa sér nægan tíma til að mjaltavakinn nái að vinna sitt verk, þá ganga mjaltirnar hraðar fyrir sig.

Að vera með góða slöngustýringu er lykilatriði svo tækin hangi rétt undir kúnni og að mjólkin flæði hratt frá rúmmálsmiklum mjaltakrossinum og niður í mjólkurlögnina og enn skal nefnt að sjálfvirkir aftakarar eru auðvitað sjálfsagðir. Að síðustu má benda á að jafnvel þó svo að mjaltabásarnir séu ekki mjög stórir þá er hægt að fá þá með svokölluðum hraðútgangi, þ.e. að þegar síðasta kýrin hefur verið mjólkur þá opnast öll langhlið bássins og kýrnar ganga samtímis út. Þetta sparar verulegan tíma og er þessi búnaður til fyrir allt niður í fjögurra kúa mjaltabása.

### *Hvað er til ráða með mjaltaþjóna?*

Hér gilda sömu reglur og áður hafa verið nefndar hvað varðar spenagúmmí, soghæð og sogskiptastillingar. Þá þurfa inngangar og útgangar að vera greiðfærir og gjarnan í sama plani og gólf fjóssins, svo ekki sé um uppstig að ræða inn í mjaltaklefann sjálfan. Góð lýsing inni í básnum hefur virkað vel á kýrnar og dregið þær hraðar inn til mjalta. Þá bjóða flest mjaltaþjónamerki nú orðið upp á enn meiri tækni við stýringu á mjöltunum en hægt er að fá, í dag a.m.k., þar sem kýr eru mjólkaðar með hefðbundnum mjaltatækjum.

Hér má t.d. nefna lausnir eins og „Smart pulsering“ sem kalla mætti snjalla sogskiptastillingu en það kerfi snýst um að finna rétt sogskiptahlutfall fyrir viðkomandi kú, en það getur verið breytilegt á milli kúa hvað hentar þeim best. Sjálfvirk og flæðisstýrð hækkun á kerfissogi er einnig þekkt, enda ræðst soghæð kerfisins af því hve mikið álag er á spenaenda við mjaltir.

Þegar mest flæði mjólkur er frá spenaendanum er auðveldlega hægt að hækka kerfissogið án vandkvæða og geta mjaltaþjónarnir leikið sér að því að gera þetta, nokkuð sem ekki er hægt í dag að gera t.d. í mjaltabás en unnið er að lausn á því máli! Einnig má nefna stillingarmöguleika eins og að taka af síðasta spena áður en hann er tæmdur og getur mjaltaþjónninn þar með flýtt mjöltum nokkuð í stað þess að bíða eftir að síðasti speninn klárast.

Hér að framan hafa verið talin upp nokkur atriði sem hafa má í huga sé áhugi á því að auka afköstin við mjaltir með einum eða öðrum hætti og er um að gera að nýta sér þá þekkingu og þær tæknilausnir sem til eru í dag til þess að auka afköstin eins og hægt er.

Hefðbundnar mjaltir eiga ekki og þurfa ekki að vera tíma- eða vinnufrekar sé rétt staðið að málum. Þá ætti alltaf að horfa til þess að ná sem mestu út úr hverjum mjaltaþjóni, enda bæði fastur og breytilegur kostnaður þess tækis slíkur að það hlýtur að vera allra hagur af því að lagðir séu inn sem flestir lítrar og mögulegt er frá hverjum mjaltaþjóni.

***Snorri Sigurðsson***
*sns@seges.dk*
*Sviðsstjóri mjólkurgæðasviðs*
*Dýralækninga- og gæðadeild*
*SEGES í Danmörku*


4 FYRIR 3
UNIVERSALSCHALE
STEINEFNI FYRIR SAUÐFÉ
ÚT ALLAN FEBRÚAR
VÉLAVAL
VARMAHLÍÐ
453 88 88 velaval.is velaval@velaval.is

Aukahlutir fyrir fjórhjól
Mikið úrval aukahluta fyrir flestar tegundir fjórhjóla


JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir
Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

Styrkir til rannsókna og þróunarverkefna í garðyrkju

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til rannsókna og þróunarverkefna í garðyrkju samkvæmt reglugerð um almennan stuðning við landbúnað nr. 1240/2016.

Styrkhæf eru ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókna- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni og endurmenntunarverkefni. Sjá nánar inn á heimasíðu sjóðsins ***www.fl.is,*** undir þróunarfé / verklagsreglur fagráðs í garðyrkju.

Umsókn skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins, þ.m.t rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru hér að ofan og hvernig það gagnast viðkomandi búgrein að öðru leyti.
- Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu
- Tímaáætlun verkefnisins
- Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- Hvar og hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar

***Umsóknafrestur er til 1. apríl n.k***

Reglur um styrkina og umsóknareyðublöð er að finna á ***www. fl.is/þróunarfé***

Aðeins er tekið við umsóknum á eyðublöðunum sem þar er að finna

**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri 311 Borgarnes, merktum: umsókn um þróunarfé.**

Nánari upplýsingar veitir Þórhildur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins; ***thorhildur@fl.is***

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

LESENDABÁS

# Hreindýr í Stöðvarfirði

**Fjölgun hreindýra og myndun hreindýrahjarða er víst eitthvað sem ekki er mikið í umræðunni nema þegar ekið er á dýr á hringveginum og þá ekkert reynt að fara fram á „aðgerðir“.**

Einn af þeim blettum sem verulega vont væri að fá þessar skepnur á er Stöðvarfjörður og tilraunir til að hafa þar áhrif á ganga dræmt. Sveitarstjórn vísar á Umhverfisstofnun og mér hefur skilist að nú á dögunum hafi verið reynt að spyrjast fyrir hjá stofnuninni og fyrirspyrjanda verið vísað á „dýralækni“, sjálfstætt starfandi dýralækni meira að segja.

### *Alvarlegt mál*

Nú skal ég játa að ég hef ekki verið duglegur við að fylgja málinu eftir; taldi líka að það væri sveitarfélagsins að standa í samskiptum við ríkið, Umhverfisstofnun, hvað þessa hluti varðar. Ég á heldur engra beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

En nú er málið orðið alvarlegt og tíminn naumur til að koma í veg fyrir skemmdir sem rugla þróun sem búin er að vera í gangi í allnokkurn tíma.

Hér er fjárlaust svæði og búið að vera í nokkur ár.

Hér er með merkilegri blettum á landinu með blæösp. Hér eru blettir með rauðberjalyngi sem eru forvitnilegir til samanburðar við sams konar bletti þar sem er beitt.

Það er vel skiljanlegt að ekki séu til fjármunir til að sinna öllum forvitnilegum hlutum en það er vont ef ekki er einu sinni til tími til að taka ákvarðanir um að valda ekki spjöllum á hlutum sem einhvern tíma verður vonandi hægt að skoða.

Mér líður svolítið eins og ég held að indíánum líði á Standing Rock-verndarsvæðinu í Dakota þessi misserin þó ég viðurkenni að „dramatíkin“ sé þar meiri.

### *Fyrsta náttúruverndarsvæðið*

Stöðvarfjörður er fyrsta náttúruverndarsvæði landsins, allar götur frá landnámi þegar Þórhaddur bannaði hér dráp nema á búfé. Já, merkilegt að það skuli ekki eitthvað af þessum síblaðrandi náttúrufríkum hafa endurvakið þetta Þórhaddar nafn. Síðan þessi heiðni lubbi kom sér hér fyrir hefur eiginlega ekkert verið talað um ábúendur. Ef maður leitar í annálum finnst bara ein frétt, í Skarðsárannál 1517 af Önnu sem „tók barnssótt um Mikaelsmessu, og síðan lá hún með þeirri sótt fram á föstu, og þá gróf hol á hennar kvið fyrir ofan naflann, og kom þar út handleggsbein barnsins holdlaust, og skammt þar eptir gróf þar nærri annað gat, og kom þar út hausskeljarbeinið, og voru þar úttekin öll líkamleg bein barnsins, en síðan greri konan innan lítils tíma.“



Hreindýrahjörð á Austurlandi.



Stöðvarfjörður er fyrsta náttúruverndarsvæði landsins, allar götur frá landnámi þegar Þórhaddur bannaði hér dráp nema á búfé. Mynd / HKr.

### *Henderson Biblíusali*

Hér grær sem sagt allt og líka gróðurinn nema þegar sendir eru garðyrkjufræðingar frá Reyðarfirði til að sulla hormónum yfir hann.

Hingað hafa heldur ekki komið neinir af öllum þeim sem stungið hafa niður penna til að mæra eða níða landið, ekki einu sinni Henderson Biblíusali lét sjá sig. Ólafur Ólavíus kom þó 1776 að skrifa landshagaskýrslu fyrir hans hátign Kristján 7. Það kemur ekki á óvart að hér búa menn með fé og Olli finnur geislasteina og fjörðurinn sem hann segir lítt gróinn vegna austanáttar fær 10 línur. Sem sagt bull.

### *Friðsæl örnefni*

Stöðvarfjörður er einmitt gróinn og það vegna þess helst að hér gætir ekki norðanáttar, hún klofnar fyrir innan fjarðarbotninn og fer út firðina beggja vegna. Sú er líka skýringin á litlli mengun frá eldgosum. Auðvitað erum við svo utan skjálfta og gossvæða. Hér eru heldur ekki skriðuföll og ekki snjóflóð. Meira að segja örnefnin okkar eru friðsældin sjálf. Hér eru engir aftökustaðir. Við eigum ekki svo mikið sem Þrætutungu. Hér hefur heldur ekki verið dreift ókeypis Mogga. Nei, ég held að það teljist algert lúxusvandamál að eiga hvassa sunnanátt fyrir versta náttúrulega óvininn.

### *Hreindýr þrengja að*

Nú er ég búinn að senda Umhverfisstofnun tölvupóst að biðja hana að sjá um, eða, fyrir þessum hreindýrum sem eru farin að þrengja að svæðinu sem auðvitað er ekki verndarsvæði þótt hægt sé að rekja aðgerðir „alríkisstjórnarinnar“ gegnum tíðina.

Kýrnar fóru vegna fjarlægðar frá mjólkurstöð, ekki mátti lengur höndla með ógerilsneydda mjólk. Ærnar fóru fyrir riðu og ákvarðana um að skera niður. Að veiða fugl fór að kosta peninga. Sennilega kostar líka að veiða rauðmaga. Við erum heldur ekki lengur með „próf“ til að gera út. Og nú eiga hreindýr að fá að spilla skógrækt og öðrum gróðri.

Það skiptir verulegu máli fyrir gróður þessa einstaka bletts sem Stöðvarfjörður er að þar verði ekki til bítandi hjörð og þessir hlutir gerast hratt þegar þeir eru komnir af stað. Það er þess vegna von mín að Umhverfisstofnun geti tekið ákvarðanir um sínar skepnur í og við Stöðvarfjörð, „núna“. Það er líka ljóst að ef ekki er gert eitthvað strax en málin mögulega afgreidd sem hingað til, eru fjölmiðlar og samfélagsmiðlar víst það sem tekur við.

***Hrafn Baldursson**,*
*Rjóðri Stöðvarfirði.*

# Reiknar þú með búfjáráburði?

**Það er krefjandi að vera bóndi. Aðstæður eru síbreytilegar og ákvarðanir gærdagsins þarf að endurskoða út frá nýjum forsendum í dag. Þetta á ekki síður við um áburðaráætlanir og áburðarkaup.**

Hvaða áburðarþarfir á ég að miða við? Hvaða áburður uppfyllir mínar kröfur? Skipta áburðargæðin máli? Hver býður hagstæðustu kjörin? Endanleg ákvörðun er tekin út frá samspili fjölmargra þátta en markmiðið er auðvitað að tryggja gæði uppskeru og lágmarka kostnað. Það má ná fram miklum sparnaði með því að nýta sem best búfjáráburð. Ein leiðin til þess er að taka sýni og greina efnainnihald búfjáráburðar.

Dreifing búfjáráburðar getur verið vandasöm. Tæknilega er erfitt að ná jafnri dreifingu og ekki síður getur verið krefjandi að hitta á besta dreifingartímann. Þá getur verið mikill munur á efnamagni og þurrefni búfjáráburðar milli búa og innan bús t.d. ef illa gengur að hræra upp í hauggeymslu.

Algengt er að við notum töflugildi til þess að ákvarða áburðargildi búfjáráburðar. Þau gildi eru fundin út frá niðurstöðum efnagreininga á búfjáráburði. Leiðbeinandi gildi fyrir nýtanlegt köfnunarefni í kúamykju (7,4 % þe.) er 2,1 kg NH4 N/tonn. Hins vegar er mikill breytileiki í áburðargildi milli búa sem skýrist einkum af mismunandi efnahlutföllum í fóðri og meðhöndlun búfjáráburðar.

Taflan hér fyrir neðan er sett fram með það að markmiði að sýna fram á þann mikla breytileika sem getur verið í áburðargildi búfjáráburðar eftir efnainnhaldi og þurrefni. Þessi breytileiki getur verið vegna mismunandi efnainnihalds en hann getur líka verið vegna meðhöndlunar t.d. dreifingartíma.

| Tegund búfjáráburðar | Þurrefni | NH4 N (kg/tonn) | | | Áborið magn tonn/ha | N með búfjáráburði (kg/ha) | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Min | Miðgidi | Max | | Min | Miðgildi | Max |
| Kúamykja | 5% | 0,8 | 1,5 | 2,2 | 20 | 16 | 30 | 44 |
| Kúamykja | 7% | 1,1 | 2,1 | 3,1 | 20 | 22 | 42 | 62 |
| Kúamykja | 9% | 1,4 | 2,7 | 4,0 | 20 | 28 | 54 | 80 |



Ef borin eru á 20 t af mykju með 7% þurrefni þá má gera ráð fyrir að það skili 42 kg N/ha. Ef hins vegar horft er til hæstu og lægstu gildanna sem taflan sýnir má gera ráð fyrir að mykjan skili á bilinu 22 - 62 kg N/ha. Notkun á töflugildum getur því auðveldlega leitt til of eða vanmats á köfnunarefni sem nemur 15-20 kg/ha.

Jafnframt má velta því fyrir sér hvað búfjáráburðurinn getur skilað af næringarefnum eftir því hvort nýtingin er góð eða slæm. Gefum okkur að þegar dreift er utan hefðbundins tíma sé nýtingin aðeins 1,1 kg NH4 N / tonn og þegar dreift er á kjörtíma sé nýtingin 3,1 kg NH4 N / tonn. Þetta eru auðvitað áætlaðar tölur en geta verið lýsandi fyrir þær aðstæður sem upp geta komið. Ef borin eru á 20 tonn af mykju með 7% þurrefni þá getur munað allt að 30-40 kg N/ha í nýtingu búfjáráburðar.

Það má bæta verulega nákvæmni við áburðargjöf með því að láta mæla þurrefni og efnainnhald búfjáráburðar. Hér hefur aðeins verið rætt um hlut köfnunarefnisins en önnur næringarefni skipta hér líka máli og gefa sömu möguleika til sparnaðar.

Vel unnin áburðaráætlun tekur mið af áburðarþörfum sem byggja á rannsóknum og reynslu, þar sem jafnframt er stuðst er við niðurstöður hey- og jarðvegssýna. Búfjáráburði þarf að dreifa á þeim tíma sem nýtingin verður sem best. Greining á efnamagni búfjáráburðar kostar 11.000–12.000 og er ódýr leið til að tryggja hámarks nýtingu áburðarefna sem tryggir gæði og hagkvæmni við fóðuröflun.

***Unnsteinn Snorri Snorrason**,*
*bútækniráðgjafi*
*Höfundur er umboðsmaður fyrir Yara áburð.*



# Bændasamtökin rækta þinn hag

**Ágæti bóndi**
Á næstu dögum verða gefnir út greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldi Bændasamtakanna árið 2017. Með því að greiða gjaldið verður þú áfram félagsmaður í samtökunum og nýtur allra þeirra réttinda sem aðild færir þér.

Fram til síðustu áramóta var hagsmunabarátta BÍ rekin fyrir tekjur af búnaðargjaldi sem ríkið innheimti af bændum. Nú hefur búnaðargjald verið lagt niður en þess í stað greiða bændur félagsgjald beint til BÍ.

Félagsgjaldið verður nýtt til þess að gæta hagsmuna bænda og reka öflug Bændasamtök.

Það skiptir samtökin miklu máli að sem allra flestir bændur kjósi að vera áfram félagsmenn. Þannig skjótum við styrkum stoðum undir okkar félagsstarf og getum haldið ótrauð áfram að rækta þinn hag.

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ

## Þinn ávinningur

- Bændasamtökin vinna að hagsmunum allra bænda og eru málsvari stéttarinnar
- Þú ert þátttakandi í samtökum bænda og getur haft áhrif á félagsstarfið
- Þín aðild eflir kynningar- og ímyndarmál landbúnaðarins
- Þú nýtur ráðgjafar um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- BÍ koma fram fyrir þína hönd gagnvart ríkisvaldinu og gera samninga fyrir bændur
- Þú nýtur 30% afsláttar af vissum forritum BÍ
- Aðild tryggir þér sérkjör á gistingu á Hótel Sögu
- Þú getur leigt orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu og orlofshús á Hólum í Hjaltadal
- Sem félagsmaður getur þú sótt um stuðning í starfsmenntasjóð
- Samtakamáttur heildarinnar er mikill og verður meiri eftir því sem fleiri taka þátt

**Ert þú með spurningar vegna félagsgjaldanna?**
Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563–0300** á skrifstofutíma. Hægt er að senda skilaboð í gegnum Bændatorgið og á netfangið **bondi@bondi.is**.

Nánari upplýsingar um aðild og fjölbreytta starfsemi Bændasamtakanna er að finna á vefnum **bondi.is.**

Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Þau eru málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.

Aðild að samtökunum geta átt einstaklingar og félög einstaklinga og lögaðila sem standa að búrekstri. Aukaaðild er möguleg fyrir einstaklinga sem styðja við markmið samtakanna.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Fyrir okkur öll*

Fylgstu með bændum á Facebook, á bondi.is og bbl.is

VÉLABÁSINN

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Vistvænn BMW i3



**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.430 kg |
| Hæð | 1.578 mm |
| Breidd | 1.775 mm |
| Lengd | 3.999 mm |

BMW i3 Rex.

Myndir / HLJ

**Af og til hef ég í spjalli við menn verið gagnrýndur fyrir að prófa ekki nógu marga rafmagnsbíla, en ástæðan er sú að ég hef ekki séð rafmagnsbíla sem eru með nægilega mikla drægni fyrir landsbyggðina og að of fáar hleðslustöðvar hafa verið hingað til úti á landi. Nú hefur hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla fjölgað verulega á landsbyggðinni og rafmagnsbílarnir eru alltaf að komast lengra og lengra á hleðslunni.**

Að mínu mati þarf að vera aukavél sem tekur við þegar rafmagnið er búið til að bíllinn henti vel fyrir íslenskan markað og fyrir nokkru prófaði ég svona bíl.

### *Á að komast yfir 150 km áður en ljósavélin tekur við*

BMW er, eins og flestir aðrir bílaframleiðendur, farnir að veðja á rafvæðinguna og eru komnir með nokkrar tegundir af rafmagnsbílum. Einn af þessum bílum heitir BMW i3 rex, og er með 170 hestafla rafmótor. Hann er líka með litla ljósavél sem fer í gang þegar stutt er eftir af hleðslunni og hleður rafmagni inn á rafhlöðurnar til að koma bílnum áfram.

Þegar ég fékk bílinn höfðu margir verið að prófa hann á laugardagsopnun BL og því lítil drægni á bílnum og hraðhleðslustöðin fyrir utan BL upptekin. Litlu seinna kom ég við í BL og þá var hraðhleðslustöðin laus og ég hlóð bílinn í um 30 mín. Eftir þá hleðslu sagði mælaborðið mér að ég ætti að komast 175 km á rafhlöðunni.

### *175 km hleðslan dugði mér í 108 km*

Ég ákvað að fara í langan prufuakstur til þess að sjá hversu langt væri hægt að komast á hleðslunni með því að eyða eins miklu rafmagni og ég gæti. Með miðstöðina í botni, sætishitarann, afturrúðuhitarann og fleira sem tekur rafmagn hraðar af rafhlöðunni náði ég að komast 108 km áður en ljósavélin fór í gang. Þetta var mun lengra en ég hafði fyrirfram búist við.

Á meðan þessum akstri stóð fylgdist ég með í mælaborðinu á hvaða hraða ég væri að eyða minnsta og mesta rafmagninu og er það mjög svipað og með aðra bíla að eyðslan er mest við hröðun á bilinu 0 upp í 50 km hraða. Einnig á miklum hraða sem ekki má segja frá á prenti.

BMW i3 Rex er gefinn upp fyrir að vera 8,1 sek. að ná 100 km hraða sem er ekki fjarri lagi, allavega fannst mér bíllinn mjög sprækur af stað. Á jafnsléttu og hraða rétt undir 80 er bíllinn að eyða minnsta rafmagni.

### *Ekkert varadekk og furðuleg dekkjastærð*

Eins og venjulega prófa ég alla bíla á holóttum malarvegum, en þessi bíll er ekki sá skemmtilegasti sem ég hef keyrt á möl þrátt fyrir að vera afturhjóladrifinn. Hann er hastur og allt of lítil fjöðrun út úr dekkjunum, sem er engin furða þar sem dekkin eru óttalegar lakkrísreimar. Dekkjastærðin er 155/70/19 og er loftþrýstingur í þeim 34 psi að framan og yfir 40 að aftan. Þessa afbrigðilegu dekkjastærð hef ég ekki séð áður undir bíl og mjög fáir dekkjaframleiðendur og innflutningsaðilar með þessa stærð dekkja til sölu. Nær væri að minnka felgur niður í 16 eða 17 tommur til að fá fjöðrun út úr dekkjunum og dekk á viðráðanlegu verði, en það kæmi eflaust niður á akstursegileikum á sléttu malbiki. Ekkert varadekk er í bílnum, en í staðinn er rafmagnspumpa og dekkjakvoða til að bjarga sér á ef dekk springur.

### *Útlit framúrstefnulegt og farangursrými lítið*

Eftir að hafa klárað rafmagnið fór ljósavélin í gang og malaði ljúft á stöðugum snúningi, en ekki veit ég af hverju mér datt í hug gamli traktorinn í sveitinni heima, sem stóð við hlöðuhornið á jöfnum snúningi við súgþurrkun, þegar ég hlustaði eftir hljóðinu í ljósavélinni, en mér fannst hávaðinn í henni full mikill. Spurning um að stækka hljóðkútinn á ljósavélinni.

BMW i3 er skráður fyrir fjóra. Til að hleypa farþega inn og út úr bílnum sem situr í aftursætum þarf sá sem situr í framsæti að opna fyrst hurðina hjá sér svo að hægt sé að opna hurðirnar aftur í bílinn sem opnast öfugt.

Fótapláss er gott bæði í fram- og aftursætum og ágætis rými, öðru máli gegnir með farangursrými sem er full lítið (ekki nema 260 l) og greinilegt að bíllinn er ekki hannaður með mikil ferðalög í huga.

### *Lokaorð, jákvætt/neikvætt*

Vissulega tek ég undir þær spár um að rafmagnsbílar séu framtíðin, en er frekar ósáttur við marga rafmagnsbílaframleiðendur að vistvænir bílar þurfi að vera með eitthvert sér útlit, af hverju þarf þetta sér útlit, sem sumum finnst svo fráhrindandi, að vera á flestum rafmagnsbílum?

***Plús:***
Fínn bíll fyrir styttri ferðir, eða um 200 km. Hagkvæmur í rekstri, kraftmikill og snarpur í innanbæjarakstri.

***Mínus:***
Ekkert varadekk, lítið farangursrými, óþarfa vesen að hleypa farþegum í aftursætum inn og út úr bílnum.

Verðið á BMW i3 er 5.590.000 (verð á BMW i3 án ljósavélar sem hefur meira drag á rafmagninu kostar 4.790.000). Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni www.bl.is.




Afgerandi minnst rafmagnseyðsla var rétt undir 80 km hraða á klukkustund.



Það þarf að opna framhurðina til að hægt sé að opna afturhurð.




Mikið af upplýsingum er hægt að kalla fram úr tölvu bílsins.




Ekki nema 260 lítra farangursrými, eða 5 innkaupapokar.



Hljóðkúturinn á ljósavélinni mætti vera stærri.



155.70.19. er undarleg dekkjastærð undir bíl og kostar mikið.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Hugsunarleysi og óvarkárni helsta orsök slysa

**Yfir helmingur slysa verður út af því að ekki er farið eftir ráðleggingum og reglum við vinnu og þeim vinnuferlum sem á að fara eftir.**

Íslendingum er tamt að fara ekki eftir reglum á vinnustöðum s.s. að nota öryggisgleraugu, hjálm, öryggisskó og fl. sem nauðsynlega þarf að nota á sumum vinnustöðum. Samanber að víða á verkstæðum er viðskiptavinum bent á að þeir eigi að nota biðstofu, en hunsa þau tilmæli og valsa innan um hættuleg tæki og tól. Mörgum starfsmönnum finnst óþægilegt að óviðkomandi gestur sé á vinnusvæði sínu að trufla vinnu og setja sjálfan sig og aðra í hættu.

Svo eru það auglýsingarnar sem eru ekki að hitta í mark: Ótrúlega margar auglýsingar eru frá fyrirtækjum sem eru að auglýsa með myndum af starfsmönnum við vinnu sem oft eru uppstilltar myndir af leikurum eða ljósmyndafyrirsætum við vinnu án öryggishjálma, gleraugna eða ekki í fatnaði sem hæfir vinnunni. Fyrir mér og mín augu eru þessar auglýsingar svolítið klúður, svipað og að verið væri að gera umferðaröryggismyndband og bílstjórinn væri bara 10 ára.

### *Ótrúlega margir fara ekki eftir leiðbeiningum*

Fyrir nokkru var ég staddur við vinnu á bensínstöð í rúman klukkutíma og sá þar leiðandi varúðarskilti um hvað má og ekki á bensínstöðinni. Á meðan ég var á staðnum sá ég ótrúlega marga hunsa eitt eða fleiri atriði á þessu skilti. Ég sá krakka dæla á bíl mömmu sinnar. Ég hef séð fleiri en einn tala í símann á meðan verið var að setja eldsneyti á bílana þeirra. Ég hef líka séð bíla í gangi á meðan verið var að fylla þá af eldsneyti.

Ástæðan fyrir þessu skilti hér til hliðar er fyllilega réttmæt og ástæða til að fara eftir. Börn eiga að koma sem allra minnst nálægt hættulegum efnum eins og dísilolíu og bensíni. Þegar svarað er í farsíma kemur örlítill neisti inni í símanum og getur orðið valdur að bruna. Svo tekur síminn athyglina frá verkinu sem verið er að vinna.

Alltaf þegar tekið er eldsneyti á að drepa á bílnum og var ég vitni að á annarri bensínstöð fyrir nokkru að útimaðurinn neitaði viðskiptavininum um að dæla á bíl hans fyrr en hann væri búinn að drepa á vélinni.




Það er full ástæða fyrir þessum viðvörunum á bensínstöðvum. Tökum mark á þeim, annars getur farið illa.

### *Of oft er hugurinn 17 ára í skrokk sem er of gamall*

Ekkert er dýrmætara en góð heilsa og hún stjórnast af okkur sjálfum sem felst í mataræði, hegðun og hugsun. Ef oftar væri farið eftir leiðbeiningum væru eflaust margir betur á sig komnir bæði á líkama og sál.

Ég er alls ekki sá besti og heilagasti í hegðun og vinnu hvað varðar öryggi mitt og heilsu og held mig oft yngri en ég er. Í huganum er ég undir tvítugu en það bitnar á mér með strengjum og ónotum í skrokknum eftir óþarfa átök.

Seinni ár hef ég lært að því eldri sem maður verður er maður lengur að jafna sig eftir áreynslu, slys eða ofát. Af þessum sökum er ég farinn að vera oftar með þann öryggisbúnað sem þarf. Vitandi að ég er óþolinmóður með eindæmum og leiðist ekkert meira en að liggja heima veikur eða slasaður.



Óvarfærni við að dæla eldsneyti á bíla getur haft skelfilegar afleiðingar.




# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR





# Teigaból og Skeggjastaðir

Teigaból.

**Á Teigabóli í Fellum býr Guðsteinn Hallgrímsson og á Skeggjastöðum Einar Örn Guðsteinsson, sonur Guðsteins, og kona Einars, Guðný Drífa Snæland. Þau reka í samvinnu sauðfjárbú á þessum tveimur bæjum sem liggja að einhverju leyti saman en um 2 km eru á milli bæjanna. Einar og Guðný tóku formlega við helmingi búsins í ársbyrjun 2016.**

**Býli:** Teigaból og Skeggjastaðir.

**Staðsett í sveit:** Fellasveit á Fljótsdalshéraði, við Lagarfljót.

**Ábúendur:** Guðsteinn Hallgrímsson, Einar Örn Guðsteinsson og Guðný Drífa Snæland.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Guðsteinn, faðir Einars, býr á Teigabóli. Á Skeggjastöðum búa Einar og Guðný Drífa ásamt börnunum Vernharði Inga, 15 ára, Ragnari Sölva, 9 ára og Laufeyju Helgu, 7 ára.

**Stærð jarðar?** Landið er að miklu leyti óskipt til fjalls en samanlagt er ræktað land á jörðunum um það bil 50 ha.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú. Einnig komum við aðeins að skógrækt.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Rúmlega 500 hausar á vetrarfóðrun. Einnig eigum við nokkra hesta til skemmtunar.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Á veturna eru gjafir kvölds og morgna. Guðsteinn sinnir svo því sem tilfellur ásamt Einari en Einar er líka verktaki og vinnur því töluvert utan bús. Guðný Drífa vinnur í Fellaskóla og börnin sækja öll skóla þangað.

Á sumrin tekur heyskapur mestan tíma hjá öllum en Einar tekur að sér rúllun fyrir aðra bændur. Unglingurinn er virkur í vinnu á bænum allan ársins hring og yngri börnin taka þátt í því sem verið er að vinna.



Venni, Ragnar Sölvi og Einar í smalamennsku.



Tilraunir með rúlluplast sumarið 2015.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Allir sammála um að sauðburður sé skemmtilegastur en erfiðastur! Guðný hefur gaman af því að slá en veit ekkert leiðinlegra en að tæta tún. Einari finnst afskaplega leiðinlegt að skafa grindur.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Við höldum okkar striki og fjölgum jafnvel fénu. Húsakostur verður bættur og vinnuaðstaða þannig gerð enn betri.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við erum nokkuð jákvæð en það er alltaf hægt að gera betur.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vel ef við höldum áfram að sýna hversu góða vöru bændur á Íslandi hafa að bjóða.



Fjölskyldan á Skeggjastöðum.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Það má leggja áherslu á það hversu vistvæn vara okkar er í samanburði við aðrar þjóðir. Vanda þarf framsetningu og matreiðslu á kjöti til ferðamanna á Íslandi, það er góð auglýsing!

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur, egg, epli og kokteilsósa.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Ærfille, lambahryggur, tortillur og grjónagrautur.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar viðbygging við fjárhúsin var reist og það náðist að klára rétt áður en vetur skall á.

Stórt skref var einnig tekið þegar Skeggjastaðir voru keyptir og hægt var að stækka búskapinn umtalsvert.



MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

# Vegan gulrótarsúpa og gufubakað brauð

**Þetta er fersk súpa sem er fullkomin fyrir vorið eða til að láta sig dreyma um sumarið.**

## Vegan gulrótarsúpa

**Hráefni**

- 1 laukur, saxaður
- 2 hvítlauksrif, söxuð
- 3 gulrætur, saxaðar fínt
- 2 rauðar paprikur, saxaðar
- 1/4 bolli steinselja, söxuð
- 2 1/2 bollar grænmetissoð (vatn og vegan grænmetiskraftur)
- salt og pipar eftir smekk
- Skvetta af balsamic-ediki fyrir framreiðslu

Í miðlungsstórum potti eru 1–2 matskeiðar af vatni (eða seyði) hitaðar, lauk og hvítlauk bætt við. Eldið í 4–5 mínútur þar til laukurinn er mjúkur.

Bætið við gulrótum, papriku, steinselju, grænmetisseyði og salti, ásamt ferskmöluðum pipar. Leyfið suðunni að koma upp og lækkið þá hitann niður í miðlungshita. Látið malla í um 20 mínútur, þar til gulræturnar eru mjúkar.

Maukið súpuna með handmixer (eða sigtið og vinnið gulræturnar í matvinnsluvél) þar til áferðin er slétt og fín. Kryddið til eftir smekk.

Berið fram heitt með ögn af balsamic-ediki.

## Gufubakað brauð með fyllingu

**sem gott er að bera fram með súpunni**

- 1 tsk. þurrger
- 1 tsk. sykur
- 1/2 bolli vatn
- 2 bolli hveiti
- 1,5 tsk. lyftiduft
- 1/4 bolli sykur
- 3 tsk. brætt ósaltað smjör
- 1/4 tsk. salt

**Deigið:** Leysið ger og sykur upp í volgu vatni (50 °C) og látið það standa í 10 mínútur. Sigtið saman hveiti og lyftiduft. Setjið svo til hliðar. Bætið bræddu smjöri og salti í gerblönduna. Hrærið hveitið saman við í mjúkt deig. Hnoðið þar til það er orðið slétt (5–10 mínútur). Sett í olíusmurða skál og hyljið létt með plastfilmu. Látið hefast á heitum stað þar til deigið tvöfaldast að stærð. Þetta ætti að taka um eina til tvær klukkustundir.

**Gufusoðnar bollur:** Mótið litlar kúlur úr deiginu og setjið plastfilmu yfir til að halda fersku. Takið hverja kúlu af deigi og rúllið út í flatkökur. Burstið deigið létt með olíu og brjótið saman. Látið hefast í aðrar 20 mínútur (gott að setja á smjörpappír). Bollurnar er hægt að gera fyrirfram.

Svo er líka hægt að fylla þær með ýmsu meðlæti eins og beikoni, steiktu eggi og chili-bættu majónesi.



Vegan gulrótarsúpa.

## Einfaldir lagskiptir eftirréttir

Suma eftirrétti er auðvelt að gera og er þetta einn af þeim. Gott er nota tilbúna kökubotna, stinga úr botninn og raða saman með berjum, grísku jógúrt eða mascarpone-osti, tilbúnum sósum eins og karamellu- eða íssósum. Þú getur notað allskonar ber en ég nota fersk hindber hér.



Gufubakað brauð með fyllingu.

## Hindberja-jógúrt-lög

- 1 box grísk jógúrt
- Sætuefni eftir smekk, til dæmis tvær matskeiðar af maple-sírópi eða eina matskeið af hunangi
- 1/4 bolli muldar Oreo-smákökur eða útstungnir kökubotnar
- 1 bolli fersk hindber
- Sósur eftir smekk (til dæmis kara mellu- eða jarðaberjasulta)

**Leiðbeiningar**

Lagskiptið í glerglasi eða plasthólki. Byrjið á jógúrti eða marcapone-osti. Mulið kex er sett á milli laga ásamt hindberjum.

Endurtakið lag eftir lag og skreytið svo með berjum. Framreiðið með skeið.

## HANNYRÐAHORNIÐ

garn@garn.is

# Splash!

**Prjónaðir ökklasokkar úr DROPS Fabel með gatamynstri. Stærð 35 - 43.**

**Stærð:**

35/37 - 38/40 - 41/43

Lengd fótar: ca 22 - 24 - 27 cm

Hæð á sokk: ca 7 - 8 - 9 cm

**Efni:**

DROPS FABEL frá Garnstudio,

50-50-100 g nr 105, turkís

fæst hjá Handverkskúnst

SOKKAPRJÓNAR NR 2,5 – eða þá stærð sem þarf til að 26 l x 34 umf með sléttprjóni verði 10 x 10 cm.

**MYNSTUR:**

Sjá mynsturteikningu A.1.

**HÆLÚRTAKA:**

UMFERÐ 1 (= rétta): Prjónið þar til 5-5-6 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða, 1 l sl, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

UMFERÐ 2 (= ranga): Prjónið þar til 5-5-6 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða, 1 l br, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

UMFERÐ 3 (= rétta): Prjónið þar til 4-4-5 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða, 1 l sl, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

UMFERÐ 4 (= ranga): Prjónið þar til 4-4-5 l eru eftir, takið 1 l óprjónaða, 1 l br, steypið óprjónuðu l yfir, snúið við.

Haldið áfram á sama hátt með því það fækki um 1 l áður en 1 l er steypt yfir þar til 13-13-15 l eru eftir á prjóni.

**SOKKUR:**

Stykkið er prjónað í hring á sokkaprjóna.

Fitjið upp 50-56-60 l á sokkaprjóna nr 2,5 með Fabel. Prjónið 1 umf slétt, haldið áfram með stroff (= 1 l sl, 1 l br) í 2-2-3 cm, prjónið síðan 1 umf slétt þar sem l fjöldinn er jafnaður til 54-54-58 l. Haldið síðan eftir fyrstu 21-21-25 l á prjóni fyrir hæl og hinar 33 l eru settar á 1 band (= rist).

Prjónið sléttprjón fram og til baka yfir hæl-l í 5-5½-6 cm.

**ATHUGIÐ PRJÓNFESTUNA!**

